


**DON QING GUAN**

*Te og taichi eru allra meina bót*

Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**VÉLAR OG TÆKI**

*Hugað að lífæðum borgarinnar*

Sérblað um vinnuvélar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**ERLA TRYGGVADÓTTIR**

*Nýr liðsmaður í Kastljósi*

Birtist á skjám landsmanna í júlímánuði.

**FÓLK 34**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júní 2006 — 170. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


### Verðskulduð viðurkenning



Eftir margra ára baráttu hefur hugsjón Margrétar Pálu loksins hlotið verðskuldaða virðingu.

**Í DAG 18**



### Kallarnir.is leggja upp laupana

Heimasíðu Egils Gillzenegger og félaga hefur verið lokað en ekki eru allir meðlimir vinahópsins sáttir við það.

**FÓLK 28**

### Dimma leitar út



Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, útgefandi og rithöfundur, er bjartsýnn á framtíðina. Dimma gefur út tónlist og bókmenntir fyrir alla aldurshópa og nú dúkka afurðirnar upp í útlöndum.

**MENNING 27**

### Dómarar ósáttir



Magnús Þórsson knattspyrnudómari segir að starfsumhverfi dómara á Íslandi sé orðið illlíðanlegt eftir harðorða umræðu um þeirra störf og harkalega framgöngu áhorfenda á leikjum.

**SPORT 58**

### VEÐRIÐ Í DAG




**FLOTT Á KLAUSTRI** Í dag verður hæg suðvestlæg átt. Léttskýjað á suðausturverðu og sumstaðar á austanverðu landinu, annars skýjað og yfirleitt úrkomulítið. Hiti 9-18 stig, hlýjast á Suð-austurlandi.

**VEÐUR 4**






# Landspítalinn leitar til Norðurlandanna

**Landspítalinn auglýsti eftir hjúkrunarfræðingum um öll Norðurlönd og til greina kemur að auglýsa eftir sjúkraliðum í Svíþjóð og Finnlandi. Rúm standa auð mánuðum saman á öldrunarstofnunum og illa horfir með mönnun í haust.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Mannekla á Landspítalanum og á dvalar- og hjúkrunarheimilum er enn viðvarandi. Á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund standa um tíu rúm auð og hefur það verið viðvarandi ástand mánuðum saman. Dagný Hængsdóttir, starfsmannastjóri á Grund, segir starfsfólk sitt vera orðið mjög þreytt enda taki allir mikið af aukavöktum. „Við þyrftum fimmtán manns til viðbótar til að gera ástandið viðunandi. Þetta er alveg óþolandi ástand fyrir alla.“ Átján rúm stóðu auð á Grund þegar mest var en eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl biðu um eitt hundrað eldri borgarar eftir rúmi á öldrunarheimili á Landspítalanum á sama tíma.

Sveinn H. Skúlason, framkvæmdastjóri Hrafnistuheimilanna, segir að tekist hafi að ráða úr vanda heimilisins tímabundið og að engin rúm standi auð í augnablikinu. „En hins vegar bíða ný vandamál og við höfum mjög miklar áhyggjur af haustinu þegar sumarafleysingafólkið fer. Það hefur aldrei litið eins illa út með fastráðna starfsmenn eins og nú.“

Sveinn segir það koma sterklega til greina að slá af kröfum Hrafnistu um íslenskukunnáttu til að mæta vandanum við mönnun í umönnun í haust, en reglur koma í veg fyrir að fólk af erlendum uppruna starfi við umönnun ef íslenskukunnátta þeirra er óviðunandi.

Á Landspítalanum eru danskir hjúkrunarfræðingar þegar komnir til starfa og verða þeir um tuttugu síðar í sumar. Leitað hefur verið að hjúkrunarfræðingum í allri Skandinavíu enda góð reynsla af þeim á sjúkrahúsinu að sögn Jóhannesar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra lækninga og starfandi forstjóra. Hann segir aðallega vanta hjúkrunarfræðinga til starfa en rætt hafi verið um að auglýsa eftir sjúkraliðum í Svíþjóð og Finnlandi til að leysa úr mönnunarvanda á öldrunar- og geðsviði.

Halla Grétarsdóttir, varaformaður Félags hjúkrunarfræðinga, segir það áhyggjuefni fyrir spítalann að 113 hjúkrunarfræðingar hafi hætt þar störfum árið 2005 og rúmlega 500 íslenskir hjúkrunarfræðingar kjósi að starfa ekki við hjúkrun.

„Vinnuaðstæður og álagið eru helstu ástæðurnar ásamt laununum,“ segir Halla. „Það er alveg ljóst að það endist enginn í starfi við þær aðstæður sem nú er boðið upp á því álagið á LSH fer síst minnkandi.“ **- shá**




**FRÁ REYKJAVÍKURHÖFN** Norska skemmtiferðaskipið Black Prince kom til hafnar í Reykjavík í gær. Black Prince er 143 metra langt og í þessari ferð eru 450 ferðamenn um borð. Skipið, sem gert er út af Atlantic Tours, liggur við svokallaðan Miðbakka og er eitt 77 skemmtiferðaskipa sem koma til hafnar í Reykjavík á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrrverandi þjónustufulltrúi Tryggingastofnunar úrskurðaður í gæsluvarðhald:

# Grunur um tugmilljóna svik

**TRYGGINGASTOFNUN** Tryggingastofnun ríkisins hefur kært fyrrverandi þjónustufulltrúa sinn fyrir tugmilljóna króna fjársvik og hugsanlega bótasvik á þessu ári og krafist opinberrar rannsóknar. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sterkur grunur leiki á að svikin hafi staðið yfir í fimm til sex ár.

Sérfræðingar stofnunarinnar hafa unnið að öflun gagna og skoðað bókhald ásamt efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra. Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir að nokkrir hafi verið handteknir og einn úrskurðaður í ellefu daga gæsluvarðhald.

Grunur um svik vaknaði við eftirlit innanhúss á miðvikudaginn í síðustu viku. Innra eftirlit Tryggingastofnunar rannsakaði málið og í framhaldi af því var kært á föstudaginn. Efnahagsbrotadeild hefur nú tekið við því og er málið á frumstigi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þjónustufulltrúinn fyrrverandi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hún er grunuð um að hafa greitt tugi milljóna inn á bankareikninga sonar síns og félaga hans á Litla-Hrauni.

Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar, segir að starfsmaðurinn hafi verið látinn fara í byrjun júní „út af uppsöfnuðum vanda“ en þetta sé ekki sá vandi. Aðrir starfsmenn séu ekki grunaðir um þátt í svikunum.

Starfsmönnum var greint frá málinu í gær. „Menn eru í áfalli,“ segir Karl. **- ghs**



**SÓLRÚN JÓNDÓTTIR OG INGRID JÓNSDÓTTIR** Ætla að skrá sig í sambúð í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Réttindi samkynhneigðra:

## Ný lög taka gildi í dag

**TÍMAMÓT** Frá og með deginum í dag mega samkynhneigð pör skrá sig í sambúð eins og gagnkynhneigð pör. Sambúðin er ein fjölmargra réttarbóta sem fást með gildistöku nýrra laga um réttarstöðu samkynhneigðra. Standa samkynhneigð pör nú jafnfætis þeim gagnkynhneigðu í mikilvægum málum sem meðal annars varða almannatryggingar, skattamál og erfðamál.

„Þetta er mikil gleðistund í lífi okkar. Við höfum öðlast þennan rétt á við aðra samborgara,“ segir Sólrún Jónsdóttir sem ætlar að skrá sig í sambúð með Ingrid Jónsdóttur í dag. **- kh /** **Sjá síður 24 og 34**

Heitum potti stolið í Grímsnesi:

## Fimm hundruð kílóa þýfi

**LÖGREGLA** Heitum potti var stolið frá Brúnavegi 13 í sumarhúsabyggðinni í Grímsnesi um helgina. Að sögn lögreglunnar á Selfossi þá er potturinn fjögur til fimm hundruð kíló og metinn á sex hundruð þúsund krónur.

Aðstæður við sumarhúsið eru þannig að ljóst er að þjófarnir hafa að öllum líkindum notað vörubíl með krana til að lyfta pottinum frá húsinu. Telur lögreglan að potturinn hafi verið numinn á brott aðfaranótt sunnudags en til blárrar vörubifreiðar sást um það leyti. Lögreglan á Selfossi biður fólk að hafa samband í síma 480-1010 ef það hefur upplýsingar um málið. **- shá**






## SPURNING DAGSINS

*Valgerður eru samningar í höfn?*

„Það eru alltaf einhverjir samningar í höfn.“

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sat í gær ráðherrafund EFTA-ríkjanna á Höfn í Hornafirði.

Yfir þrjú þúsund manns voru mætt á fyrsta degi Landsmóts hestamanna í gær:

# Freyja Amble efst á Krumma

„Þrátt fyrir að skýjað sé í kring, skín sólin beint á keppnisvöllinn eins og geislabaugur,“ sagði Hulda Geirsdóttir þar sem hún sat í áhorfendabrekkunni á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði í gær. Þá voru þegar mætt norður um þrjú þúsund manns sem er nokkuð meira en búist var við á fyrsta degi.

„Þetta hefur farið rosalega vel af stað. Það er mikil ánægja með mótssvæðið, keppendur láta vel af keppnisvöllunum enda fallegir og snyrtilegir,“ bætir Hulda við.

Búist er við að yfir tíu þúsund gestir muni leggja leið sína í Skagafjörðinn í þessari viku og um helgina til að berja augum þá þúsund hesta sem sýndir verða bæði á keppnisvellinum og í kynbótasýningum.



**KEPPNISANDINN SVÍFUR YFIR VÖTNUM** Forkeppni í ungmennaflokki fór vel af stað og fóru þar mörg glæsipör á vellinum. Rósa Birna Þorvaldsdóttir og grái klárinn hennar Bylur frá Kleifum FRÉTTABLAÐIÐ/EIÐFAXI

„Það er mjög gaman að segja frá því að efsta hryssan í flokki hryssna sjö vetra og eldri kemur úr Sauðárkróksræktuninni. Það er Hvíta-Sunna frá Sauðárkróki og skemmtilegt fyrir heimamenn að byrja mótið svona,“ segir Hulda glaðlega og klappar duglega fyrir einum af þeim fjölmörgu unglingum sem ljúka keppni. „Keppnin í ungmennaflokki var feikigóð og Freyja Amble er þar langefst á Krumma frá Geldingalæk. Hún bætir þar upp mistökin frá síðasta móti þegar þau fengu ekki einkunn þar sem knapi var með písk. En nú stefnir hún á sigur,“ segir Hulda, full landsmótsgleði. **- sgi**

Ný lyfjaverðskönnun ASÍ:

# Tuttugu prósenta hækkun

**LYFJAVERÐ** Í nýlegri verðlagskönnun verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands kemur fram að verð á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur hækkað um allt að tuttugu prósent hjá markaðsráðandi lyfsölukeðjum frá því í apríl í fyrra.

Þar að auki hafa lyfjabúðir dregið úr afslætti sem þær veita af hluta sjúklings í lyfjaverðinu og þar með, samkvæmt heimasíðu ASÍ, minnkað verulega ávinning neytenda af því samkomulagi sem gert var við lyfjasmásala í fyrra um lækkun á lyfjaverði.

Ungir jafnaðarmenn líta á hátt lyfjaverð sem alvarlega ógnun við velferðina. **- æþe**

Forsætisráðherra Ísraels:

# Útilokar með öllu að semja



GILAD SHALID

**JERÚSALEM, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, útilokar allar samningaviðræður við herskáa Palestínumenn sem hafa ungan ísraelskan hermann í haldi sínu.

Palestínumennirnir handtóku ísraelska hermanninn á sunnudag, þegar þeir gerðu árás á landamærastöð við Gazasvæðið. Þeir kröfðust þess að Ísraelar leysi úr haldi allar palestínskar konur og ungmenni úr ísraelskum fangelsum.

Í gær söfnuðust ísraelskir hermenn saman við landamæri Gazasvæðisins og bjuggu sig undir viðamiklar aðgerðir gegn herskáum Palestínumönnum á Gazasvæðinu í beinu framhaldi af atburðunum á sunnudag. **- gb**

Fyrrverandi Bandaríkjaforseti:

# Bush eldri til Íslands í júlí



GEORGE BUSH ELDRI

**STJÓRNMÁL** George H. W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og faðir núverandi forseta, hefur þegið boð Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands um að heimsækja landið 4.-7. júlí næstkomandi.

Bush kemur til landsins 4. júlí, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, og snæðir kvöldverð á Bessastöðum. Með í för verður Sig Rogich sem var sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi í forsetatíð hans.

Bush mun svo halda til laxveiða í boði Orra Vigfússonar, formanns Verndarsjóðs villtra laxastofna, en þann málstað styður forsetinn fyrrverandi eindregið. **-sgj**

# Launin hækkuð um 22 þúsund krónur

**Starfsmennirnir sem lögðu niður vinnu í Flugstöðinni á sunnudagsmorguninn fá um 22 þúsund króna hækkun samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA. Formaður Starfsgreinasambandsins segir þá telja þessa hækkun ekki nægja.**

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn IGS fá allt að 22.300 króna launahækkun þegar greitt verður samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá því í síðustu viku. Umsamdar fimmtán þúsund krónur hafa þau áhrif að taxtar hækka og álag og yfirvinna gefa fleiri krónur.

„Allt þetta fólk fær útreikninga á breyttum launatöflum. Í ljósi þess að þetta fólk hefur ekki notið neins launaskriðs þá munu þessar breytingar skila sér að fullu til þeirra. Við munum sjá launataxta hækka hátt í 22 þúsund út af áhrifum fimmtán þúsund krónanna,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands.

Kristján segir að launahækkunin svari þó ekki kröfum starfsmanna IGS. „Þau telja hana engan veginn nægjanlega. Það kemur sterkt fram að þau hafa alltaf verið niðurnjörvuð á taxta og ekkert launaskrið fengið í ár og áraraðir,“ segir hann og telur að hluti af vandamálinu sé sá að starfsmennirnir séu orðnir langþreyttir á samskiptum við yfirmenn í starfsmannahaldi.

„Það er eins og allt hafi snúist í höndum yfirmannanna í samskiptum við starfsmennina. Stjórnendurnir eru með vindinn í fangið í öllum sínum aðgerðum. Þeir voru til að mynda að taka tímastjórnunarkerfið Time Care í notkun og það mætir gríðarlegri andstöðu. Því er samt rutt yfir starfsmennina án þess að þeir fái rönd við reist,“ segir hann.



**MUN SKILA SÉR AÐ FULLU** Starfsmenn IGS ættu að fá um 22 þúsund króna hækkun þegar samkomulag ASÍ og SA frá því í síðustu viku kemur til framkvæmda í byrjun ágúst. Samkomulagið ætti að skila sér að fullu þar sem fólkið hjá IGS hefur ekki fengið neitt launaskrið síðasta árið.

Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, segir að verið sé að innleiða tímastjórnunarkerfið og ekki hafi verið litið svo á að það væri óþægilegt fyrir starfsmenn heldur frekar jákvætt því að þá gefist þeim kostur á að velja sér vinnutíma. Hann kveðst hafa heyrt af andstöðu en reynt að kynna kerfið til að fólk fengi jákvæðari sýn.

Kristján hefur heyrt af því að erlendum starfsmönnum IGS hafi verið hótað. Þetta telur Gunnar að sé með ólíkindum að blaðamenn hlusti á. Vandamálið sé þrískipt: launamálin, órói sem fylgi miklu álagi og aðstöðumál. „Við ætlum að hitta fólkið okkar og reyna að finna einhverjar leiðir til að lægja öldurnar,“ segir hann.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri FL Group, sagði ákveðin vandamál á borðinu sem verði leyst í samningum við starfsmenn.

Búist er við öðru setuverkfalli um næstu helgi verði málið ekki leyst þá. **ghs@frettabladid.is**



**Á ÞJÓÐVEGINUM** Áætlað er að um 70 prósent umferðar á landinu sé á þjóðvegum.

Umferð á þjóðvegum eykst:

# Mesta aukning frá árinu 1999

**UMFERÐ** Umferð á þjóðvegum jókst um sex prósent milli áranna 2004 og 2005. Heildarakstur á þjóðvegum árið 2005 var rúmlega tveir milljarðar ekinna kílómetra.

„Þetta er mesta aukning frá árinu 1999 en þá bættist akstur á þjóðvegum í þéttbýli við töluna. Áætlað er að akstur á þjóðvegum sé um sjötíu prósent af heildarakstri á landinu,“ segir Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu urðu tuttugu banaslys í umferðinni árið 2004 en voru sextán árið 2005. Hins vegar fjölgaði alvarlegum slysum í umferðinni úr 97 árið 2004 í 107 árið 2005. **- öhö**

Björgunarsveitir á Suðurlandi:

# Ferðafólk kom í leitirnar í gær

**BJÖRGUNARSVEITIR** Þrír íslenskir ferðamenn komu fram í gærkvöldi eftir að björgunarsveitir voru kallaðar út til leitar. Ekkert hafði spurst til fólksins síðan í fyrradag, en fólkið fannst í bíl sínum, sem er breytt jeppabifreið, á svokallaðri Heklubraut, rétt austan við Heklu. Fólkið festi bílinn en gat ekki látið vita af ferðum sínum. Þegar fólkið fannst var það þreytt en leið annars vel.

Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli og Flugbjörgunarsveitin á Hellu leituðu fólksins á þremur bílum og tóku sjö björgunarsveitarmenn þátt í leitinni. **- sgj**




Evrópusambandið fordæmir pyntingar á alþjóðadegi gegn pyntingum:

# Pyntingar niðurlægja alla sem láta þær viðgangast

**VÍNARBORG, AP** Evrópusambandið hvatti í gær öll ríki til þess að undirrita alþjóðasamning gegn pyntingum. Í yfirlýsingu Evrópusambandsins segir að pyntingar séu ekki aðeins „grimmilegar, ómannúðlegar og niðurlægjandi“ fyrir hvern þann sem fyrir þeim verður, heldur einnig fyrir alla sem fremja slíkan verknað og líka fyrir þau samfélög sem „láta sér lynda slíka óhæfu.“

Evrópusambandið fordæmir í yfirlýsingunni allar tilraunir ríkja eða embættismanna til þess að lögleiða pyntingar eða láta þær viðgangast undir hvaða formerkjum sem er, jafnvel þótt ráðamenn einhvers lands geri það með tilvísun í öryggi eigin þjóðar.



**RÁÐAMENN Í AUSTURRÍKI** Ursula Plassnik, utanríkisráðherra Austurríkis, ásamt Wolfgang Schüssel kanslara og Hugerb Gorbach aðstoðarkanslara, á blaðamannafundi sem þau efndu til í gær í tilefni þess að Austurríki lætur af formennsku Evrópusambandsins um mánaðamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í yfirlýsingunni er hvergi minnst á meinta tilveru leynilegra fangelsa á vegum Bandarísku leyniþjónustunnar í ríkjum Austur-Evrópu, þar sem margir telja að pyntingar séu stundaðar.

„Evrópusambandið leggur gríðarmikla áherslu á hlutverk Sameinuðu þjóðanna í baráttu gegn pyntingum og til stuðnings fórnarlömbum,“ segir í yfirlýsingunni.

Evrópusambandið sendi þessa yfirlýsingu frá sér sama daginn og Sameinuðu þjóðirnar héldu í níunda sinn árlegan dag til stuðnings fórnarlömbum pyntinga. **- gb**



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 32908 06/2006
FERÐAFRELSI
Taktu Frelsið með í ferðina.
Ferðafrelsið virkar alveg eins og
Frelsið þitt hér heima!
Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna.
Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað
það í flestum löndum.
Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.
Góða ferð.
Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.
og
vodafone™
Heyrumst!

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 26.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,56 | 75,92 |
| Sterlingspund | 137,59 | 138,25 |
| Evra | 94,86 | 95,40 |
| Dönsk króna | 12,721 | 12,795 |
| Norsk króna | 11,966 | 12,036 |
| Sænsk króna | 10,297 | 10,357 |
| Japanskt jen | 0,6494 | 0,6532 |
| SDR | 110,98 | 111,64 |

*Gengisvísitala krónunnar*
131,5983

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfandi fólki á Íslandi fjölgaði um 4,7 prósent frá 2004 til 2005:

# Atvinnuleysi í lágmarki

**ATVINNUMÁL** Atvinnuleysi í maí mældist 1,3 prósent samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar og spá fyrir júní er 1,2 til 1,5 prósent. Þetta er um sextíu prósenta lækkun miðað við meðaltal atvinnuleysis á mánuði í fyrra.

Starfandi fólki á Íslandi fjölgaði um 4,7 prósent á milli áranna 2004 og 2005 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Mest var fjölgunin á Austurlandi, 17,6 prósent, og mesta fækkunin var á Vestfjörðum, 0,6 prósent.

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, segir þessar tölur lýsa ástandinu vel. „Það er spenna í hagkerfinu og mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Þegar atvinnuleysi er orðið þetta lítið fer að bera meira á því að erlendir starfsmenn streymi inn í landið og námsmenn fari út á vinnumarkaðinn.“



**STEFÁN ÚLFARSSON HAGFRÆÐINGUR HJÁ ASÍ** Segir griðarmiklar þjóðfélagsbreytingar að eiga sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stefán segir framkvæmdir og einkaneyslu vera áhrifaþætti í sköpun starfa sem valdi því að atvinnuleysi sé lítið. „Sumir halda því fram að lítið atvinnuleysi leiði til launaskriðs, að það verði svo erfitt að fá fólk í vinnu að það þurfi að hækka launin. En á móti verður að horfa á að vinnumarkaðurinn á Íslandi er mjög opinn og það er mjög greið leið fyrir atvinnulaust fólk í Evrópu að koma hingað. Því myndi ég ekki gera mikið úr þensluhvetjandi áhrifum lítils atvinnuleysis.“ - sdg

Niðurstöður lögreglunnar:

## Raunverulegt sprengiefni

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska lögreglan hefur staðfest að efnið sem bundið var um mitti grátandi Norðmanns í Stokkhólmi á sunnudaginn var virkt sprengiefni.

Málið þykir allt hið kynlegasta og var Norðmaðurinn, sem er á þrítugsaldri, settur í geðrannsókn eftir að sprengjubeltið var leyst af honum. Hann heldur því fram að honum hafi verið haldið nauðugum viljugum í þrjá daga í íbúð í Stokkhólmi og strokið úr vistinni á sunnudaginn.

Einn maður hefur nú þegar verið handtekinn í tengslum við mannránið og lögreglan leitar tveggja annarra. - kóþ

Bandarískir hermenn ákærðir:

## Óvopnaður Íraki myrtur

**ÍRAK, AP** Tveir hermenn hafa verið ákærðir vegna morðs á óvopnuðum Íraka nálægt borginni Ramadi í febrúar. Þetta upplýsti bandaríski herinn um helgina.

Annar þeirra skaut manninn og var kærður fyrir morðið, en hinn var kærður fyrir að hindra framgang réttvísinnar með því að setja AK-47 byssu við líkið, svo sá látni liti út fyrir að vera uppreisnarmaður.

Vitni sem komu að vettvangi stuttu eftir atvikið höfðu ekki tekið eftir því að maðurinn bæri vopn. Seinna hafði vopninu verið komið fyrir og vakti það grunsemdir vitnanna. - sgj

Málfundafélagið Óðinn:

## Hafnar frestun skattalækkana

**STJÓRNMÁL** Félag launþega í Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík, Óðinn, hafnar öllum hugmyndum þess efnis að dregið verði úr eða frestað fyrirhuguðum skattalækkunum ríkisstjórnarinnar.

Benda þeir á að stefna Sjálfstæðisflokksins við síðustu kosningar hafi verið að lækka skatta og með frestun sé verið að hafa löngu tímabærar skattalækkanir af almennu launafólki. Krefjast þeir þess að stjórnvöld stýri gerðum sínum í samræmi við gefin loforð við kosningar og leiti annarra leiða til að slá á þá þenslu sem nú ríkir. - aöe

## LEIÐRÉTTING

Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson og Stefán Hilmarsson hafa ekki enn verið boðuð í skýrslutöku, eins og haldið var fram í sunnudagsblaði Fréttablaðsins. Það er hér með leiðrétt. Auk þess greiddi Baugur að lokum 132 milljónir vegna endurálagningar skatta árin 1998 til 2002, en ekki 465 milljónir.


**DANSAÐ Í DILI** Fólk safnaðist saman á götum í Austur-Tímor í gær og dansaði til að fagna afsögn forsætisráðherrans. Margir höfðu málað sig hvíta í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dönsuðu af fögnuði

**Forsætisráðherrann Alkatiri lét undan þrýstingi og sagði af sér. Nóbelsverðlaunahafinn Jose Ramos-Horta segir stutt í nýja ríkisstjórn.**

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Mari Alkatiri, forsætisráðherra á Austur-Tímor, sagði af sér í gær. Afsögn hans var ákaft fagnað á götum úti í höfuðborginni Dili, þar sem óeirðir hafa sett daglegu lífi fólks miklar skorður undanfarna mánuði.

Margir telja að upphaf óeirðanna, sem voru hvað mestar í apríl, hafi mátt rekja til þess að Alkatiri rak á einu bretti sex hundruð hermenn sem höfðu lýst óánægju með kjör sín í hernum.

Kröfur um að Alkatiri segði af sér hafa orðið sífellt háværari upp á síðkastið. Í síðustu viku tók Xanana Guxmao forseti undir þær kröfur og hótaði því að segja sjálfur af sér ef forsætisráðherrann sæti öllu lengur í embættinu.

Alkatiri tilkynnti síðan um afsögn sína í gær, og sagðist vilja taka á sig hluta af ábyrgðinni á ófremdarástandinu í landinu.

Á sunnudaginn höfðu tveir ráðherrar sagt af sér í mótmælaskyni við forsætisráðherrann. Annar þeirra er Nóbelsverðlaunahafinn Jose Ramos-Horta utanríkisráðherra.

Strax og fréttist af afsögn Alkatiris upphófst fögnuður í höfuðborginni. Þúsundir manna óku um aðalgötur höfuðborgarinnar og börðu á trommur og dósir. Við höfnina, þar sem mótmælendur hafa hafst við í nærri viku, tóku ungir menn að dansa hver við annan.

Stjórnmálaskýrendur telja að afsögn Alkatiris geti valdið straumhvörfum, þótt enn sé margt óljóst um framtíðina. Ekki er vitað hver tekur við af honum í forsætisráðherraembættinu og óljóst er hvort stjórnmálaflokkurinn Fretelin, sem fer með stjórn landsins, geti náð sáttum meðal félaga sinna eftir margra vikna innbyrðis deilur. Mikil bjartsýni ríkti þó í gær.

„Á morgun eða á næstu dögum verður komin ný ríkisstjórn sem situr þangað til þingkosningar verða haldnar á næsta ári,“ sagði Ramos-Horta þegar hann ávarpaði mannfjöldann í gær.

Að minnsta kosti þrjátíu manns hafa farist í átökunum, sem geisað hafa í landinu, og nærri 150 þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín. Þetta eru verstu átök sem orðið hafa í landinu frá því það losnaði undan yfirráðum Indónesíu fyrir sjö árum.

gudsteinn@frettabladid.is

Bush og þjóðsöngurinn:

## Syngur ekki góða spænsku

**BANDARÍKIN** George W. Bush Bandaríkjaforseti kann ekki nóg í spænsku, að sögn talsmanns hans í Hvíta húsinu. Fyrir vikið getur hann ekki sungið spænsku útgáfuna af bandaríska þjóðsöngnum, sem er kölluð „Nuestro himno.“ „Forsetinn talar spænsku, en ekki nógu vel,“ sagði Scott McClellan, talsmaður forsetans.


**BUSH BANDARÍKJAFORSETI**

Bush hefur verið gagnrýndur fyrir að krefjast þess að innflytjendur frá spænskumælandi löndum syngi þjóðsönginn á ensku. „Mér finnst að fólk sem óskar þess að verða ríkisborgarar eigi að læra ensku og læra hvernig á að syngja þjóðsönginn á ensku,“ sagði forsetinn nývrerið. - sgj

Veðurstofa Íslands:

## Fólk treystir veðurspám

**VEÐUR** Samkvæmt könnun sem ParX - viðskiptaráðgjöf IBM gerði dagana 9.-17. maí bera landsmenn mikið traust til Veðurstofu Íslands.

Þar kemur fram að 86 prósent aðspurðra treysta veðurspám Veðurstofunnar vel, en einungis 1,6 prósent treysta þeim illa. Þá kemur fram í könnuninni að fólk er almennt ánægt með þjónustu Veðurstofunnar. Þegar spurt er um ástæður þess að fólk kynni sér veðurspár nefna 58 prósent almennan áhuga, 39 prósent vegna ferðalaga, 28 prósent vegna atvinnu og 27 prósent vegna tómstunda. Flestir þeirra sem kynna sér veðurspár gera það gegnum útvarp, eða 51 prósent aðspurðra.

Úrtak könnunarinnar var 1200 manns alls staðar af landinu. - öhö

afrit.is

- Afritun á hvers konar gögnum
- Einfalt viðmót og uppsetning
- Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- Ókeypis aðgangur í 30 daga
- Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- Vöktun allan sólarhringinn
- Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skýrr

afrit.is

## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SÓLIN BROSIR BREITT

Gangi spár eftir verður bjartasti hluti landsins á Suðausturlandi í dag og reyndar gæti svo farið einnig á Austurlandi. Annars staðar verður skýjaðra veður, og sumstaðar norðan og vestan til smáskúrir. Hitinn gæti náð 17-19 stigum, hlýjast á Klaustri og þar í nánd. Um eftirmiðdag á miðvikudag fer að rigna á Suðausturlandi í kjölfar lægðar og víða rigning á fimmtudag. Úrkomulítið um helgina. HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA Hæg suðvestlæg átt. Skýjað. Hiti 9-11 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvöss austanátt allra syðst, annars hægari. Fer að rigna á Suðausturlandi síðdegis.

*» fimmtudagur*




5-13 m/s, hvassast með ströndum landsins.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C | hálfskýjað | London | 20°C hálfskýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 17°C | rigning | París | 27°C hálfskýjað | Mallorca | 26°C heiðskírt |
| Osló | 13°C | rigning | Frankfurt | 27°C skúrir | Algarve | 23°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C | rigning | Friedrichshafen | 27°C skúrir | Krít | 29°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C | skúrir | Berlín | 27°C léttskírt | Las Palmas | 27°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# XL-7 DIESEL Á GAMLA GÓÐA VERÐINU: 3.050.000




25 ÁR Á ÍSLANDI
1981-2006

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.
www.suzikibilar.is



GRAND VITARA XL-7



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú hugsað þér að skipta um raforkusala?*

| | |
|---|---|
| Já | 33% |
| Nei | 67% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að fara á listasýningu í sumar?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Sex ungmenni ákærð fyrir að láta högg og spörk dynja á ungum manni:

# Ákærð fyrir stórfellda árás

**LÍKAMSÁRÁS** Sex ungmenni, þar af ein kona, af asískum uppruna voru ákærð fyrir stórfellda líkamsárás í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þeim er gefið að sök að hafa, í aprílmánuði árið 2004, ráðist í sameiningu á mann fyrir utan skemmtistaðinn Nelly's í Þingholtsstræti að næturlagi. Auk þess að láta högg og spörk dynja á fórnarlambinu, slógu tvö þeirra, þar á meðal konan, manninn með glerflösku í höfuðið.

Maðurinn, sem er um þrítugt, hlaut ýmsa áverka, þar á meðal nefbrot og nokkra skurði í andlit og á höfuð. Hann leitaði sér aðhlynningar á slysadeild eftir árásina.

Ákæruvaldið krafðist refsingar og fórnarlambið fór fram á skaðabætur.

Einn hinna ákærðu kvaðst fyrir dómi, lýsa furðu sinni á hversu mikla áverka fórnarlambið hafi hlotið, því slagsmálin hafi ekki verið það alvarleg. Hann sagði líka að hópur Íslendinga hefði tekið þátt í slagsmálunum og að margir þeirra hefðu látið högg dynja á sér.

Einn sakborninganna lýsti yfir sakleysi sínu en konan og tveir mannanna játuðu að hluta til ákærunni. Tveir hinna ákærðu voru fjarverandi. Réttarhöld í málinu fara fram fyrir Héraðsdómi í haust. - æþe



**SAKBORNINGAR YFIRGEFA HÉRAÐSDÓM** Sex ungmenni eru ákærð fyrir stórfellda líkamsárás, á myndina vantar tvo sakborninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síbrotamaður á Litla-Hrauni:

## Braust inn degi fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Manni á fertugsaldri var birt ákæra í níu liðum, fyrir ýmis lögbrot, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Maðurinn, sem er fangi á Litla-Hrauni, framdi síðasta brotið í febrúar á þessu ári þegar hann var staðinn að innbroti. Það var degi áður en hann átti að mæta í dómsuppkvaðningu vegna brotsins sem hann afplánar nú dóm fyrir. Játning liggur fyrir í öllum málunum, en maðurinn sagði fyrir dómi að hann ætti við fíkniefnavanda að etja.

Ákæruvaldið krafðist frekari refsingar og dómsuppkvaðningar er að vænta í næsta mánuði. - æþe

Vilja flýta viðræðum:

## Ósamið við ríkisstarfsmenn

**KJARAMÁL** Ósamið er við ríkisstarfsmenn eftir að samkomulag náðist á hinum almenna vinnumarkaði um að framlengja kjarasamninga. Starfsmannafélag ríkisstarfsmanna hefur óskað eftir launaviðræðum við fjármálaráðuneytið. Önnur aðildarfélög munu að líkindum gera það sama.

Opinberir starfsmenn gerðu ekki ráð fyrir neinum viðræðum við hið opinbera fyrr en seint í haust en vilja nú fá þeim flýtt þar sem ASÍ hefur náð samkomulagi um að framlengja kjarasamninga.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Gripnir glóðvolgir** Tveir menn voru gripnir við innbrot í verslunina Samkaup Strax á Akranesi. Þegar lögregla kom voru mennirnir komnir út með þýfið. Reyndi þá annar þjófanna að forðast réttvísina á hlaupum en var gripinn.


WOLF Garten

Garðsláttuvélar



Þýskar gæðasláttuvélar fyrir þá sem gera kröfur um gæði

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070


# Flytjum helst út lyf til Suður-Afríku

**Fríverslunarsamningur við Tollabandalag Suður-Afríkuríkja var undirritaður í gær. Valgerður Sverrisdóttir segir samninginn mikilvægan fyrir Íslendinga.**

**ALÞJÓÐASAMSTARF** Ráðherrafundur EFTA-ríkjanna lauk á Höfn í Hornarfirði í gær. Á fundinum var fríverslunarsamningur EFTA við Tollabandalag Suður-Afríkuríkja undirritaður en þetta er fyrsti fríverslunarsamningurinn sem EFTA-ríkin gera við Afríkuríki sunnan Sahara.

Ísland fer nú með formennsku í EFTA og stýrði Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra fundinum á Höfn. „Þetta er sextándi fríverslunarsamningurinn sem EFTA gerir og allir þessir samningar ganga út á það að viðskipti auðveldari á milli þjóða og það er okkur Íslendingum mjög mikilvægt að svo sé, þar sem við byggjum svo mjög á innflutningi og útflutningi. Þess vegna er þetta eitt jákvætt skref sem þarna er tekið, og á eftir að koma í ljós hversu miklu máli það skiptir okkur Íslendinga," segir Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra.

Íslendingar flytja aðallega út lyf og iðnaðarvörur til Suður-Afríku en síðastliðin þrjú ár höfum við flutt út lyfjavörur fyrir um hundrað milljónir á ári. Frá Suður-Afríku er mest flutt inn af ávöxtum og grænmeti en einnig nokkuð af drykkjarvörum og tóbaki en það er undir innflytjendum hér á landi komið hvað verður flutt inn. Löndin sem tilheyra tollabandalaginu eru Suður-Afríka, Botsvana, Lesótó, Namibía og Svasíland.



**AÐ LOKINNI UNDIRRITUN** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, William Rossier framkvæmdastjóri EFTA og Joseph Deiss, efnahagsráðherra Sviss, voru kát eftir undirritun fríverslunarsamningsins.

EFTA-ríkin eiga einnig í fríverslunarviðræðum við meðal annars Egypta og Taílendinga og er áhersla lögð á að tengslin við Asíu. „Það er mikil áhersla lögð á Asíu, það eru mjög spennandi hlutir að gerast þar og reiknað með miklum framgangi þar á næstu árum og áratugum, þannig að það skiptir okkur máli að gera fríverslunarsamning við ríki í Asíu," segir Valgerður.

Valgerður sat einnig fund með sendinefnd frá samtökum atvinnurekenda í Japan ásamt Odd Eriksen, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, og William Rossier, framkvæmdastjóra EFTA. Enginn fríverslunarsamningur er á milli EFTA-ríkjanna og Japans en á fundinum var rætt um leiðir til þess að efla samskipti ríkjanna tveggja. „Það er komið af stað og sérstaklega er það gagnvart Sviss eins og málið stendur í dag, sem sagt tvíhliða á milli Sviss og Japans, en hins vegar gerum við okkur vonir um að þau mál muni þróast þannig að það verði gagnvart EFTA-þjóðunum einnig," segir Valgerður.

Aðspurð um áhuga Færeyinga á að hljóta aðild að EFTA segir Valgerður að það mál hafi verið rætt á fundinum. „Það er ekki alveg einfalt mál, en eitthvað sem við munum skoða áfram."

gudrun@frettabladid.is

Utanríkisráðherra Svíþjóðar:

## Krefst rannsóknar á morði

**SVÍÞJÓÐ, AP** Jan Eliasson, utanríkisráðherra Svíþjóðar, hvetur stjórnvöld í Sómalíu til að rannsaka með hraði morðið á sænska myndatökumanninum Martin Adler. Utanríkisráðherrann fordæmdi morðið og sagði að erlent fjölmiðlafólk væri „augu alþjóðasamfélagsins" í landinu.



**JAN ELIASSON**

Abdullahi Yusuf, forseti bráðabirgðastjórnar Sómalíu, hringdi í utanríkisráðherrann eftir morðið í síðustu viku og vottaði honum samúð sína. Hann hét því að finna sökudólginn.

Adler var skotinn í bakið á fjöldafundi til stuðnings íslamistum, en þeir fara með raunveruleg völd í landinu. Þeir segja „erlenda friðarspilla" ábyrga fyrir morðinu; að það hafi átt að varpa skugga á hið góða verk sem þeir hafi unnið. - kóþ

Erilsamt á Selfossi:

## Ók á 166 kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL** Mikið var um að vera hjá lögreglunni í Árnessýslu um helgina, en þó engin stóráföll. Af 64 ökumönnum sem kærðir voru fyrir hraðakstur í vikunni var einn sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en hann ók á 166 kílómetra hraða á Hellisheiði aðfaranótt sunnudags.

Meðal annarra tíðinda voru fáein slys á fólki og væg líkamsárás á skemmtistaðnum Pakkhúsinu. - sgj


LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is



Vectavir

VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSUNNAR
- ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási


Menningarmálanefnd danska þingsins kynnir sér menningarmál á Íslandi:

# Ánægð með stöðu mála

**MENNING** Í síðustu viku var stödd hér á landi fimmtán manna menningarmálanefnd á vegum danska þingsins en hópurinn var að kynna sér stöðu menningarmála á Íslandi.

Á miðvikudagsmorgun var haldinn fundur þar sem danska og íslenska menningarmálanefndin ræddu saman. Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður sem er formaður íslensku menningarmálanefndarinnar segir nefndirnar hafa skipst á skoðunum um hvað væri að gerast í menningarmálum beggja landa.

Sigurður Kári sagði það hafa vakið athygli dönsku menningarmálanefndarinnar að hérlendis væri foreldrum ungmenna greitt vegna tónlistar- og íþróttaiðkunar. Þá þakkaði Sigurður aukna þekkingu og hæfni íslenskra kvikmyndagerðarmanna því að íslensk kvikmyndagerð dafnar sem aldrei fyrr. „Okkur lék hins vegar hugur á að vita af hverju Danir væru svo framarlega í gerð sjónvarpsþátta og raun ber vitni en þeir leggja mikið í menntun á þessu sviði auk þess sem styrkir frá opinberum aðilum og einkaaðilum hafa aukist til þessara mála."

Einn úr dönsku menningarmálanefndinni sagði áhugavert að kynna sér menningarmál á Íslandi, ekki síst í ljósi þess að héðan koma heimsfrægir listamenn. Nefndin hafði hitt íslenska listamenn og séð þá að verki og var ánægð með stöðu menningarmála hérlendis.



**DANSKA MENNINGARMÁLANEFNDIN** Var ánægð með stöðu menningarmála á Íslandi.

# Frítt árgjald fyrsta árið

## á S24 kreditkortum




Þér gefst kostur á hagstæðara kreditkorti en gengur og gerist á markaðnum. S24 kreditkortin bera almennt lægra árgjald og betri vexti. Þau henta einkar vel fyrir alla daglega notkun og þú greiðir engin færslugjöld.

Þeir sem fá sér S24 kreditkort fyrir 10. júlí eiga möguleika á að vinna S24-MasterCard ferðaávísanir, fimm að verðmæti 10.000 og tvær að verðmæti 50.000*.

Vinningsshafarnir verða dregnir út vikulega frá 6. júní til 10. júlí.

*Gildir einnig fyrir núverandi kreditkortshafa hjá S24.

**Þú átt möguleika á að vinna ferðaávísun að verðmæti 50.000 kr.**




**5.000 kr. ferðaávísun fylgir hverju nýju kreditkorti.**

**Sæktu um kort...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

**533 2424 – Sætún 1**

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.125



## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hvaðan er Magni Ásgeirsson, tilvonandi þátttakandi í Rockstar: Supernova, ættaður?*

**2** *Hvað heitir fyrrverandi utanríkisráðherra Austur-Tímor, sem sagði af sér á dögunum?*

**3** *Hver er eini Englendingurinn sem hefur skorað í þremur HM keppnum?*

SVÖR VIÐ SPURNINGUNUM ERU Á BLS. 34

Leitin að dýrum Benz sportbíl sem stolið var hefur engan árangur borið:

# Slíkur þjófnaður óalgengur

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík er engu nær um hvar Mercedes Benz CLK 500 sportbíll, sem stolið var úr miðborginni aðfaranótt 17. júní, er niðurkominn.

Hefur stuldurinn vakið athygli enda er umræddur bíll búinn afar fullkomnum þjófavarnarbúnaði og ekki á færi hverra sem er að stela slíkum bíl. Engir lyklar ganga að honum, enda er hann opnaður með fjarstýringu. Þjófavörn fer í gang við það eitt að bíllinn sé snertur eða reynt að opna hann á annan hátt og skynjarar eiga einnig að fara í gang, sé honum lyft upp, en algengt er erlendis að bílum sé stolið á þann hátt. Var algengt um tíma að bílaþjófar rændu glæsikerrum í Vestur-Evrópu og flyttu þær til Austur-Evrópu.



**ÓFUNDINN** Fullkomnar þjófavarnir komu ekki í veg fyrir að þessum Benz CLK 500 væri stolið aðfaranótt 17. júní. Hans er enn leitað.

Að sögn lögreglumanna sem Fréttablaðið náði tali af er afar óalgengt að svo dýrum bílum sé stolið og engin merki séu um það hér á landi að um slíka skipulagða starfsemi sé að ræða. Eitt til tvö önnur dæmi hafa komið upp á síðustu árum en ekki sé neitt sem bendi til að að samtök eigi þar hlut að máli.

Bifreiðin er með skráningarnúmerin ZY643 og var stolið frá Sóleyjargötu og er þeim sem upplýsingar hafa bent á að hafa samband við lögregluna í Reykjavík.

- aöe

Ungmenni á skemmtistöðum:

# Samkomulag um hert eftirlit

**AKUREYRI** Akureyrarbær, sýslumannsembættið og fulltrúar veitinga- og skemmtistaða á Akureyri hafa ritað undir samkomulag um hert eftirlit með ungmennum á skemmtistöðum bæjarins.

Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir að tilgangurinn með samkomulaginu sé að koma í veg fyrir að ungmenni undir 18 ára aldri stundi skemmtistaði án þess að vera í fylgd með forráðamönnum sínum og kaupi jafnvel áfengi inni á stöðunum.

Að sögn Daníels hefur nokkuð verið kvartað undan því að ungmenni undir aldri stundi skemmtistaði bæjarins.

- gbg






**ATKVÆÐI TALIN Í RÓM** Atkvæðum hellt úr kjörkassa til talningar í Róm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hafna nýrri stjórnarskrá

**Tillögu fyrrverandi ríkisstjórnar Ítalíu að víðtækum stjórnarskrárbreytingum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór í gær og fyrradag.**

**ÍTALÍA, AP** Í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór í gær og fyrradag hafnaði meirihluti ítalskra kjósenda tillögu að víðtækri uppfærslu á stjórnarskrá Ítalíu sem fyrri ríkisstjórn undir forystu Silvios Berlusconi hafði látið gera. Samkvæmt fyrstu tölum var tillagan felld með öruggum mun, en sú niðurstaða er fagnaðarefni fyrir núverandi ríkisstjórn miðju- og vinstriflokka undir forystu Romanos Prodi.

Atkvæðagreiðslan var álitin prófraun á fylgi við nýju stjórnina, tveimur mánuðum eftir að flokkabandalagið sem að henni stendur vann nauman sigur í þingkosningum.

Þegar atkvæði höfðu verið talin í vel yfir helmingi allra hinna rúmlega sextíu þúsund kjördæma höfnuðu rúmlega 62 prósent kjósenda stjórnarskrárbreytingunum en tæplega 38 prósent vildu samþykkja þær.

„Þessar niðurstöður eru okkur hvatning til að fylgja ótrauðir okkar striki,“ sagði Arturo Parisi, varnarmálaráðherra og samherji Prodis til margra ára. Stjórn Prodis hafði beitt sér gegn stjórnarskrárbreytingunni, sem hún sagði myndu færa óhóflega miklar valdheimildir til framkvæmdavaldsins.

Breytingarnar hefðu meðal annars styrkt völd forsætisráðherrans, fært héraðsstjórnum aukin völd á kostnað miðstýringarvaldsins í Róm, og fækkað þingmönnum. Aðrar breytingar miðuðu meðal annars að því að stuðla að stöðugri ríkisstjórnum en Ítalir hafa búið við á síðustu áratugum.

audunn@frettabladid.is







Hvatningarverðlaun afhent:

# Forsvar hlýtur verðlaunin

**NÝSKÖPUN** Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra afhenti Forsvari ehf. hvatningarverðlaun samtakanna fyrir helgi. Verðlaunin eru nú afhend í áttunda sinn, en markmið þeirra er að hvetja til nýsköpunar og vekja athygli á því sem vel er gert í landshlutanum.

Forsvar fékk verðlaunin fyrir dugnað og áræðni sem starfsmenn og eigendur fyrirtækisins hafa sýnt við uppbygginguna þess.

- gbg

# Úrval af sófasettum á HM tilboði

# 15-60%

## afsláttur

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*



**TILBOÐ**

**199.990 kr**

Verð áður 236.990,-

Glæsilegur fjögra sæta Relax leðursófi.
Hægt að halla sætum á endum.
Innbyggðir glasahaldarar og geymsluhólf.
Fótaskemill með geymsluhólfi.

Gildir til 3. júlí eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



**SIGLT FRAMHJÁ FRELSISSTYTTUNNI** Þetta seglskip er nákvæm eftirgerð af Godspeed, einu af þremur skipum sem fluttu landnema frá Englandi til Bandaríkjanna árið 1607. Nýja skipið sigldi inn í höfnina í New York í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samstarfssamningur BUGL og Miðstöðvar heilsuverndar barna:

# Bið margra barna styttist

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýr samstarfssamningur Barna- og unglingageðdeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss og Miðstöð heilsuverndar barna mun stytta biðtíma margra barna eftir þjónustu á BUGL.

Markmið samningsins er að stuðla að bættri þjónustu við börn með hegðunar- eða geðvanda og fjölskyldur þeirra með því að auka aðgengi að sérhæfðri greiningu, meðferð og eftirfylgd innan heilsugæslunnar. Þetta dregur úr álagi á þá þjónustu sem veitt er frá BUGL.

Undanfarin ár hefur Þroska- og hegðunarsvið Miðstöðvar heilsuverndar barna sinnt greiningu vegna gruns um frávik í þroska eða hegðun barna á aldrinum 0-6 ára.




**BARNA- OG UNGLINGAGEÐDEILD** Nýr samstarfssamningur við Miðstöð heilsuverndar barna hefur verið undirritaður.

Með þessum nýja samningi við BUGL verður þjónustan aukin vegna barna með vandamál svo sem ofvirkni, athyglisbrest og aðrar hegðunar- eða lyndistruflanir, sérstaklega hvað varðar ráðgjöf og eftirfylgd auk greiningar. Þessi aukna þjónusta mun einnig standa til boða fyrir börn í fyrsta bekk grunnskóla og stefnt er að því að efla hana og auka eftir því sem fjárveitingar frá ráðuneyti heilbrigðismála leyfir, að því er fram kemur hjá Gyðu Haraldsdóttur, sálfræðingi og sviðsstjóra Þroska- og hegðunarsviðs Miðstöðvarinnar. - jss

Heimsókn frá Kína:

# Hittir forsetann í dag

**HEIMSÓKN** Varaforseti kínverska ráðgjafarþingsins, Zhang Meiying, ásamt sjö manna sendinefnd, kom í heimsókn til Íslands á sunnudag en hún verður hér fram til miðvikudags. Ekki er um opinbera heimsókn að ræða heldur er varaforsetinn að endurgjalda heimsókn íslensku sendinefndarinnar sem fór til Kína í fyrra að heimsækja ráðgjafarþingið.

Í gær var farið í skoðunarferðir um Suðurland og Reykjanes.

Í dag heimsækir varaforsetinn Alþingi og félagsmálaráðherra ásamt því að fara til Bessastaða þar sem hún mun eiga fund með forseta Íslands. - gbg




Tillaga um að uppljóstra orkuverði felld í Landsvirkjun:

# Væri stefnubreyting

**ORKUVERÐ** Stjórn Landsvirkjunar felldi tillögu Helga Hjörvar og Álfheiðar Ingadóttur í gær um að fara þess á leit við Alcoa Fjarðaál að aflétta trúnaði varðandi verð í orkusölusamningi fyrirtækjanna vegna Kárahnjúkavirkjunar.



**HELGI HJÖRVAR**

Í greinargerð segir að það hafi verið umdeilt að upplýsa ekki um raforkuverð. Færa megi sterk rök fyrir því að almenningur eigi rétt á þessum upplýsingum. Forstjóri Alcoa hafi hins vegar aflétt trúnaði nýlega. Óhjákvæmilegt sé annað en að Landsvirkjun óski þess að leynd verði létt svo að „leiðrétta“ megi umræðuna.

„Eftir þetta verður ekki viðunandi að það séu misvísandi upplýsingar um verð. Alcoa hefur komið Landsvirkjun í mjög slæma stöðu. Það er ekki hægt að skilja yfirlýsingu hans öðruvísi en að Landsvirkjun semji um helmingi lægra orkuverð en í Suður-Ameríku. Það væri ekki gott ef satt væri. Því væri langeðlilegast að verðið væri birt til að menn geti sannreynt hvort orkuverðið er gott eða vont,“ segir Helgi.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður Landsvirkjunar, segir að „algjöra stefnubreytingu“ þurfi til að aflétta trúnaði varðandi orkuverð. Það sé sín persónulega skoðun að halda eigi verðinu leyndu eins og almennt gerist í viðskiptum. - ghs

Jafnréttisráð lét kanna ástæður vinnuskipta kynja:

# Karlar leita frekar að tilbreytingu

**KÖNNUN** „Í sjálfu sér koma niðurstöðurnar mér ekki á óvart. Það er ljóst að fjölskylduábyrgðin er ennþá að mestu á herðum kvenna,“ sagði Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, í samtali við Fréttablaðið, um nýja könnun Gallup á tíðni og ástæðum vinnuskipta karla og kvenna. Í könnuninni, sem gerð var fyrir Jafnréttisráð, kemur meðal annars fram að heldur fleiri karlar en konur voru að leita sér að starfi eða um 12 prósent karla á móti 8 prósentum kvenna.



**FANNÝ GUNNARSDÓTTIR**

Hins vegar var ekki marktækur munur á kynjunum þegar spurt var hvort þátttakendur könnunarinnar hefðu skipt um vinnuveitanda á síðustu tveimur árum.

Þá kemur fram í könnuninni að rétt tæplega tvöfalt fleiri karlar hafa misst fyrri vinnu og um tvöfalt fleiri karlar en konur setja tilbreytingu sem ástæðu vinnuskipta. Ríflegar þrisvar sinnum fleiri konur en karlar nefna fjölskylduábyrgð sem ástæðu fyrir vinnuskiptum á meðan um tvisvar sinnum fleiri karlar en konur skipta um vinnu vegna launa.

„Við vitum auðvitað að þessi hefðbundnu kvennastörf eru metin til lægri launa og þegar fjölskylda stendur frammi fyrir því að velja á milli atvinnu og fjölskyldu þá er miklu líklegra að konur dragi við sig að vera úti á vinnumarkaðnum meðan laun þeirra eru lægri en karla,“ segir Fanný. - öhö



**PEUGEOT**

# LJÓNHEPPNI NÚNA

## PEUGEOTLÍNAN Á FRÁBÆRU VERÐI



**KOMDU STRAX**
**TAKMARKAÐ**
**FRAMBOÐ**

www.peugeot.is

Veldu skemmtilegasta, snarpasta og sætasta ljónið á veginum eða þá eiginleika sem þér þykja bestir.
Peugeot hefur þá alla; stórglæsilegan stíl, frumlega hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseiginleika.
Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið.

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



**MÓTMÆLA MENNTASTEFNU** Mótmælandi úr röðum reiðra námsmanna hendir plastborði að lögreglu er kröfuganga gegn áformuðum umbótum á gríska menntakerfinu leystist upp í óeirðir í miðborg Aþenu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurstöður ráðstefnunnar PISA sem fram fór í Osló í nýju ljósi :

# Nýbúar á Íslandi betri í námi

**NÁM** Innflytjendur á Íslandi og í Svíþjóð standa sig mun betur í námi en innflytjendur á hinum Norðurlöndunum, samkvæmt niðurstöðu PISA-kannana. Þetta var meðal þess sem fram kom á ráðstefnunni PISA í nýju ljósi sem haldin var nýverið í Osló.

Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður námsmatsstofnunar, hélt erindi á ráðstefnunni en hann segir að fara skuli varlega í túlkanir niðurstaðanna. „Innflytjendur á Íslandi eru örfáir miðað við í öðrum Norðurlöndum, og auk þess eru þeir langflestir evrópskir og eiga í minni erfiðleikum með fög eins og ensku. Þá er einnig erfitt að bera saman hin Norðurlöndin innbyrðis vegna mismunandi samsetningar innflytjendanna.“

Finnar hafa yfirleitt staðið sig mjög vel í PISA-könnunum, voru í efsta sæti á öllum sviðum árið 2003, nema í stærðfræði þar sem nemendur í Hong Kong slógu þeim við. Nemendur á hinum Norðurlöndunum voru nálægt meðaltali OECD ríkjanna.

Nemendur á Norðurlöndum þykja ekki hafa tamið sér skilvirkar námsaðferðir í stærðfræði og líða fyrir það. Þá er agi ekki talinn mikill og áhersla frekar lögð á stuðning við þátttöku nemenda en árangur. Júlíus sagði að óþarfi væri að gera mikið úr þeim þætti, óþarflega mikið væri alhæft í slíkum samanburði. **- sh**



**LEIKUR AÐ LÆRA** Innflytjendur á Íslandi og í Svíþjóð standa sig betur í námi en innflytjendur á hinum Norðurlöndunum.

Almenningssamgöngur:

# Frítt í strætó fyrir austan

**AUSTURLAND** Ókeypis almenningssamgöngur eru tilraunaverkefni sem unnið er að á Fljótsdalshéraði. Að sögn Óðins Gunnars Óðinsonar þróunarstjóra verður keyrt á Egilsstaði, Fellabæ, Hallormsstaði, Eiða og Brúarás og reynt að tengja það saman við skólaakstur sem fyrir er.

Ferðatíðnin verður misjöfn en mest verður hún á milli Egilsstaða og Fellabæjar en verkefnið er til þriggja ára og hefst formlega í haust. Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til árið 2004 og er fjölmennasta sveitarfélag Austurlands en stærsti þéttbýliskjarninn er á Egilsstöðum. **- gbg**

Fyrrverandi forsætisráðherra:

# G-8 gagnrýni skort á lýðræði

**RÚSSLAND, AP** Mikhaíl Kasjanov, fyrrverandi forsætisráðherra Rússlands, hvetur leiðtoga G-8 ríkjanna til að gagnrýna rússnesk stjórnvöld fyrir þá þróun í átt frá lýðræði sem hann segir hafa átt sér stað.



**MIKHAÍL KASJANOV**

„Vladimir Pútín forseti hefur aukið þrýsting á stjórnarandstæðinga og borgarana, styrkt völd ríkisins yfir ljósvakamiðlunum og staðið fyrir ákærum gegn kaupsýslumönnum, fræðimönnum og öðrum sem gagnrýna stjórnina,“ sagði Kasjanov.

Leiðtogar átta stærstu iðnríkja heims, þekkt sem G-8, munu funda í St. Pétursborg í næsta mánuði. **- sgj**

Ný bandarísk vísindaskýrsla um hlýnun loftslags og orsakir hennar svar við efasemdaröddum:

# Gróðurhúsaáhrifin af mannavöldum

**UMHVERFISMÁL** Bandaríska vísindaakademían kynnti fyrir skemmstu niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem Bandaríkjaþing hafði óskað eftir, sem sýna að hitinn á jörðinni hefur ekki verið hærri í að minnsta kosti tvö þúsund ár. Hlýnunin undanfarna áratugi á sér engin söguleg fordæmi seinasta árþúsund, að því er fram kemur í niðurstöðunum.

Repúblikaninn Sherwood Boehlert, sem er formaður vísindanefndar fulltrúadeildar þingsins, hafði óskað eftir rannsókninni til að svara þeim þingmönnum sem telja gróðurhúsaáhrifin ekki vera alvarlega ógn. „Það er ekkert í þessari skýrslu sem ætti að vekja vafa um að vísindamenn eru sammála um að loftslag fari hlýnandi á jörðinni,“ sagði Boehlert.

Vísindamennirnir sáu skýr merki þess að losun koltvíoxíðs og metans hefði aukist snarlega frá upphafi 20. aldarinnar, eftir að hafa verið stöðug í um tólf þúsund ár. Þar til um miðja 19. öldina hafði losun gróðurhúsalofttegunda verið að mestu vegna eldgosa og annarra náttúrulegra orsaka, en þær voru smávægilegar miðað við þær sem valda þeim í dag.

Meðal gagna sem rannsóknin byggir á eru greiningar á borkjörnum, neikvæður jöklabúskapur og önnur sönnunargögn sem finna má í náttúrunni.

Ríkisstjórn George W. Bush Bandaríkjaforseta hefur lagst gegn nýjum mengunarvörnum og heldur því fram að þær myndu valda því að fimm milljónir Bandaríkjamanna misstu vinnu. **- sgj**



**BANDARÍKJAÞING** Formaður vísindanefndar þingsins óskaði eftir skýrslunni til að svara þingmönnum sem telja gróðurhúsaáhrifin ekki vera mikla vá. NORDICPHOTOS/AFP




ENNEMM / SÍA / NM21469

Forvarnahús Sjóvá opnað:

# Áherslan á slysavarnir

**FORVARNIR** Forvarnahús Sjóvá var opnað á föstudag en markmið þess er að efla og samræma forvarnir í landinu.

Forvarnahúsið mun í byrjun leggja áherslu á hvers skyns slysavarnir, barnaslys, öldrunarslys og umferðarslys. Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahúss, segir að ætlunin sé að safna saman upplýsingum og búa til gagnagrunn og koma upp þekkingarsetri. Forvarnahúsið mun einnig taka á móti hópum, til dæmis öldruðum og nýbökuðum foreldrum til þess að fræða þá um slysavarnir á heimilum. „Við höfum lagt á það mikla áherslu að Forvarnahúsið, eða hluti þess, verði færanlegur því við ætlum svo sannarlega líka að þjóna landsbyggðinni,“ segir Herdís.

-gþg



**KARL WERNERSSON OG STURLA BÖÐVARSSON OPNA FORVARNARHÚSIÐ** Almenningi gefst kostur á að kynna sér starfsemina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Yfirvöld í Bandaríkjunum og Japan:

# Koma upp nýju eldflaugavarnarkerfi

**JAPAN, AP** Yfirvöld í Japan og Bandaríkjunum hafa komið sér saman um að setja upp PAC-3 eldflaugar á herstöð Bandaríkjanna á eyjunni Okinawa í Japan. Ákvörðunin var tekin í ljósi meintra tilrauna Norður-Kóreumanna til að skjóta á loft eldflaug í tilraunaskyni.

PAC-3 eldflaugar eru hannaðar til að skjóta niður aðrar eldflaugar eða flugvélar og er þetta í fyrsta skipti sem talin er þörf á slíkum vörnum í Japan. Vopnin verða sett upp við fyrsta tækifæri en að auki bætast fimm til sex hundruð hermenn við hersveit Bandaríkjamanna á Okinawa.

Sem kunnugt er liggja N-Kóreumenn undir þeim grun að hafa sett eldsneyti á eldflaug sem gæti náð til meginlands Bandaríkjanna.

- kóþ



**PAC-3** (Patriotic Advanced Capability 3) PAC-3 eldflaug skotið á loft við skotæfingu í Nýju-Mexíkó, Bandaríkjunum.


Klæjar þig í tærnar?

Gætu það verið **fótsveppir?**




LAMISIL®

TERBINAFINE

...einu sinni á dag í viku drepur fótsveppinn

**Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.**

Lyf & heilsa

**Við hlustum!**

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**



KB LÍFEYRIR

*... þú átt það inni!*

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins. Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankaþjónustu.

Kynntu þér þá kosti sem í boði eru í næsta útibú KB banka, hringdu í ráðgjafa í síma 444 7000 eða farðu á kblifeyrir.is

KB Lífeyrir samanstendur af Frjálsa lífeyrissjóðnum, Vista og Lífeyrisauka.

KB BANKI




**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 |




Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| | | |
|---|---|---|
| Höfn í Hornafirði<br>478 1990 | Reyðarfirði<br>474 1453 | Akureyri<br>461 2960 |

## Svona erum við

> Úrkoma í Reykjavík í mm




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SPES-SAMTÖKIN

# Byggja heimili fyrir börn í Tógó

Glöggir tóku eftir hópi íslensks fólks sem hvatti landslið Tógó til dáða í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu. Þar var komin saman Íslandsdeild SPES, samtaka sem koma upp og reka heimili fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndum. Meðal áberandi Íslendinga í samtökunum eru Össur Skarphéðinsson þingmaður, formaður Íslandsdeildarinnar, Þráinn Bertelsson rithöfundur og Njörður P. Njarðvík, sem einnig er formaður SPES International.

**Hvert var upphaf SPES?**
SPES International (latneskt orð sem merkir „von“) var stofnað í Frakklandi í febrúar 2000. Ári síðar í apríl 2001 var tekið á leigu einbýlishús í Lomé, höfuðborg Tógó í Vestur-Afríku og hafin starfsemi með átta munaðarlausum börnum og svo fjölgað í tuttugu. Fyrrverandi forseti Tógó, Gnassingbé Eyadema, lét SPES í té byggingarland um hálfan hektara í hverfinu Kélégougan við götu sem heitir Rue de Notre Dame de la Misericorde. Tógóskur arkitekt, Henri Apeti, teiknaði því næst þorp fyrir 120-130 börn.

**Hvernig starfar SPES?**
SPES er hugsjónafélag sem hefur að kjörorði: Sá sem bjargar einu barni bjargar mannkyninu. Af því leiðir að allt stjórnarstarf er unnið í sjálfboðavinnu. Þegar stjórnarmenn ferðast til Tógó gera þeir það á eigin kostnað. Allt fé sem berst rennur því beint til barnanna og til byggingaramkvæmda. Skrifstofu- og umsýslukostnaður er enginn. Beinn kostnaður er svo lítill að hann er innan við eitt prósent.



**Hvernig eru barnaheimilin rekin?**
SPES leggur áherslu á að það sé heimili en ekki stofnun. Börnin eiga að haga lífi sínu eins eðlilega og kostur er. Því er greitt fyrir leikskólapláss fyrir yngstu börnin og hin eldri ganga í almennan skóla í hverfinu. Öll börnin eru á framfæri SPES til 18 ára aldurs að minnsta kosti og vonast er til að þau geti fengið þá menntun sem hugur þeirra og geta stendur til. Það kostar 77 evrur á mánuði að styrkja eitt barn.

## SPURT & SVARAÐ
**ÞJÓÐARÁTAK VÍS**

# Ekki treystandi á heppnina



**Hraðakstur helsta ástæða banaslysa í umferðinni**
Þjóðarátaki VÍS var hleypt af stokkunum í síðustu viku en yfirskrift átaksins er að þessu sinni „Tökum heppnina úr umferð“ en hún vísar til þess að það þýðir ekki að treysta á heppni í umferðinni. Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarna- og öryggismálafulltrúi VÍS, segir að um síðustu helgi hafi verið mikið um hraðakstur yfir 120 kílómetra hraða á klukkustund en hún vill virkja fólk til þess að skoða tölur um hraðakstur á vefsíðu fyrirtækisins og láta í sér heyra.

**Hvað er þjóðarátak VÍS?**
Þetta er þjóðarátak VÍS gegn umferðarslysum, sjötta árið í röð þar sem við erum að reyna að virkja þjóðina til þátttöku í baráttunni við umferðarslys.

**Hver er áherslan í ár?**
Við beinum sjónum okkar núna að fjórum þáttum sem eru hraðinn, ölvunaraksturinn, farsímanotkun og SMS-notkun undir stýri og svo bara alls konar truflun undir stýri eins og að skipta um geisladiska og annað slíkt. Við ætlum að gera ákveðna nýjung núna, við settum í gang vefsíðu sem heitir Vegvís þar sem við ætlum að reyna að virkja fólk til þess að koma með athugasemdir og sendum svo þær athugasemdir til viðkomandi stjórnvalda.

**Hver er árangurinn?**
Það er afskaplega erfitt að mæla árangur af svona forvarnarstarfi, en ég held ég geti eiginlega ekki svarað því á annan hátt en þann að guð hjálpi okkur ef við gerðum ekki neitt og enginn gerði neitt, hvernig væri ástandið þá?








**SKÓLAKERFIÐ EKKI JÖFNUNARTÆKI** „Mín niðurstaða er sú að skólakerfið sé ekki það jöfnunartæki sem vonir hafa verið bundnar við,“ segir Svanfríður. Myndin tengist ekki efni greinarinnar beint.

# Skólinn bregst mörgum

**Skólakerfið er ekki það jöfnunartæki sem stundum er talað um. Skólinn hefur brugðist alltof mörgum því að hann er vanbúinn og ræður ekki við að mæta þörfum þeirra nemenda sem ekki ljúka prófi. Viðhorfsbreytingu þarf í skólakerfið.**

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð og fyrrverandi þingkona, hefur rannsakað námsáhuga fólks með litla formlega menntun í meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands. Í ritgerðinni leitaðist Svanfríður við að svara spurningunni um það hver námsáhuginn væri. Hún tók viðtöl við sextán einstaklinga, þar af tvo sem höfðu ekki lokið grunnskóla, og komst að raun um að námsáhugi þeirra var einstaklingsbundinn og réðst af reynslu og aðstæðum viðkomandi. Í mörgum tilfellum hafði mikil áhrif hvernig fyrri skólaganga hafði gengið. Einnig virtist námsáhugi vera í beinu samhengi við almenn viðhorf til menntunar.

„Víða í samfélaginu hefur fólk ákveðna fordóma gagnvart menntun en því jákvæðara sem viðhorfið er þeim mun líklegra virtist fólk til þess að mennta sig eða drífa sig af stað aftur í skóla. Í hópnum var fólk á aldrinum 25-40 ára og það vildi fá að læra þegar það fann sjálft hjá sér þörf og áhuga. Viðhorf þeirra voru í flestum tilfellum hagnýt og þau horfðu mest til starfsmenntunar,“ segir Svanfríður.



**SKÓLAKERFIÐ MÆTIR EKKI ÞÖRFUM** „Skólinn þarf að skynja ábyrgð sína,“ segir Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, sem verður verðlaunuð í Kennaraháskólanum á næstunni fyrir bestu meistaraprófsritgerðina 2005.

Menntun getur verið viðkvæmt mál og afar tilfinningatengt hjá þeim sem hafa dottið út úr skóla. Svanfríður segir að sérstaklega hafi unga fólkinu í Reykjavík sviðið þegar því fannst það finna fyrir ákveðnu viðhorfi af því að það var ekki í skóla eða hafði ekki lokið prófi. Í mörgum tilfellum segist hún hafa fundið vanmáttarkennd hjá fólki og svo hafi verið einstaklingar sem hafi haft sára og erfiða reynslu úr grunnskóla, verið lagðir í einelti og ekki náð tökum á grunnfærni, til dæmis því að læra að lesa.

„Skólakerfið, grunnskólinn og framhaldsskólinn, mætir ekki þörfum ótrúlega margra sem þurfa á stuðningi og ráðgjöf að halda. Þess vegna er rosalegt brottfall. Fólk sem stendur höllum fæti fær ekki þann stuðning í framhaldsskólanum sem það þarf á að halda,“ segir Svanfríður og telur skólann beinlínis þurfa að leita að þessu fólki og styrkja það í náminu.

„Skólinn þarf að skynja ábyrgð sína með því að halda utan um þessa nemendur. Það virðist vera skortur á námsráðgjöf og námsog starfsráðgjöf grunnskólans virðist ekki vera nógu góð. Hún mætir ekki þeim þörfum sem eru fyrir hendi. Þessir krakkar virðast ekki átta sig á möguleikum sínum og getu og þau virðast ekki heldur átta sig á því hvernig þau eigi að takast á við þetta inni í framhaldsskólanum eða hvað sé vænlegast fyrir þau að gera þar,“ segir Svanfríður.

Stundum er talað um skólakerfið sem jöfnunartæki og að skólakerfið geti bætt því við hjá börnum og ungmennum sem þau ekki fá heima. „Mín niðurstaða er sú að skólakerfið sé ekki það jöfnunartæki sem vonir hafa verið bundnar við. Í rauninni er ákveðið áhugaleysi í skólakerfinu fyrir því hvernig nemendum reiðir af og mér finnst það stangast á við þann skilning sem ríkir á mikilvægi menntunar almennt í þjóðfélaginu,“ segir hún.

Skólakerfið hefur ekki gagnast, það hefur brugðist of mörgum og það er dapurlegt að horfa upp á, að sögn Svanfríðar. Ákveðinn hópur kemst upp með að hætta að mæta í grunnskóla og stjórnvöld virðast ekki átta sig á því eða hafa tæki til að takast á við brottfallið. Skólinn er vanbúinn, hann ræður ekki við þetta.

Spurð um hvað sé til ráða segir hún það ýmislegt. Fara þurfi betur yfir það hvers konar framhaldsskóla sé boðið upp á og hvort hann mæti þörfum þeirra sem ekki ná árangri í skólanum í dag. Þetta kosti auðvitað einhverjar breytingar en fyrst og fremst viðhorfsbreytingu og aðra nálgun gagnvart nemendum og framboði á námi. Framhaldsskólapróf þurfi að hugsa á breiðari grundvelli, stytta nám enn frekar og bjóða upp á styttri verknámsbraut.

### SÉRKENNILEG MÓTSÖGN

Þó að vaxandi skilningur sé á mikilvægi menntunar ljúka hátt í fjörutíu prósent ungmenna aldrei námi í framhaldsskóla. Þegar horft er á vinnumarkaðinn í heild eru um fjörutíu prósent aðeins með grunnmenntun. Hlutfallið er misjafnt eftir landshlutum. Þannig eru 35 prósent vinnuafls í Reykjavík aðeins með grunnmenntun en hlutfallið er hærra úti á landi, til dæmis rúmlega sextíu prósent á Norðurlandi vestra. Atvinnulífið krefst hins vegar sífellt meiri menntunar. Þetta er „sérkennileg mótsögn,“ að mati Svanfríðar Jónasdóttur, bæjarstjóra í Dalvíkurbyggð.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is




KOMDU STRAX
OG FÁÐU ÞÉR
CR-V Á HONDA
TILBOÐSVERÐI

HÉR & NÚ / SÍA

# 4x4xTilboðsdagar



## Honda CR-V á sérstöku verði

honda.is

Nú færðu Honda CR-V, bílinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á sérstöku Honda verði.
Þú kemur og setur saman þína útfærslu af Honda CR-V og við semjum svo um verðið. Þú þarft ekki að velja á milli rýmis, tækni og verðs - fjórhjóladrifinn Honda CR-V hefur þetta allt saman.
Komdu og veldu Honda CR-V eftir þínum óskum – Honda gæðin og áreiðanleikinn fylgja alltaf með.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Samkynhneigðir Íslendingar hafa loks fengið sömu grundvallarréttindi og aðrir íbúar landsins:

## Til hamingju hommar og lesbíur

Dagurinn í dag er stór dagur í baráttusögu samkynhneigðra Íslendinga því frá og með þessum degi geta þeir loks fagnað því að njóta sömu grundvallarréttinda og gagnkynhneigðir íbúar landsins.

Árið 1996 var tekið stórt skref í þá átt að rétta hlut samkynhneigðra para þegar sett voru lög sem gáfu einstaklingum af sama kyni kost á að stofna til þess sem kallað er staðfest samvist. Lögin færðu þeim að miklu leyti sömu réttarstöðu og fólks í hjúskap. Á þeim var þó sú stóra undantekning að samkynhneigð pör í staðfestri samvist nutu ekki sömu réttinda og gagnkynhneigð pör þegar kom að ættleiðingum og tæknifrjóvgunum.

Í byrjun þessa mánaðar samþykkti Alþingi lög sem eyddu þessari og annarri mismunun sem samkynhneigðir hafa mátt búa við frammi fyrir lögum landsins. Það er táknrænt að lögin taka gildi í dag, 27. júní, sem er alþjóðlegur baráttudagur samkynhneigðra.

*Lagabæturnar eru góður vitnisburður um hversu réttsýnir þingmenn okkar eru. Íslendingar mega vera stoltir af Alþingi sínu í dag.*

Það var 2. júní sem Alþingi samþykkti frumvarp ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra með öllum atkvæðum viðstaddra þingmanna. Málið fékk einróma brautargengi þvert á flokkslínur, sem segir meira en mörg orð um þann mikla einhug sem ríkti um lagabæturnar, og er um leið sérstaklega góður vitnisburður um hversu réttsýnir þingmenn okkar eru í þessum efnum. Íslendingar mega vera stoltir af Alþingi sínu í dag.

Nú gilda sem sagt sömu lög um ættleiðingar fólks sem hefur kosið að eyða lífinu saman, hvort sem þar eru á ferðinni karl og kona, tvær konur eða tveir karlar. Og ekki er síður mikilvægt að nú er búið að leiðrétta það hróplega misrétti að samkynhneigð pör, sem kjósa sambúð í stað staðfestrar samvistar, hafa ekki notið sömu réttinda og gagnkynhneigð pör sem eru skráð í sambúð í opinberum plöggum þegar kemur að almannatryggingum, erfðarétti, félagslegri aðstoð eða skattalegu hagræði.

Ekki þarf mikinn lögspeking til að átta sig á því að allt fram á þennan dag hefur þetta misrétti í lagaumhverfinu verið nokkuð augljóst brot á sjálfri stjórnarskrá landsins þar sem kveðið er á um að „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Þessi fallega málsgrein úr stjórnarskránni leiðir svo aftur hugann að þeim boðskap kristinnar trúar að allir menn séu jafnir fyrir Guði. Ekki er eins og sá kærleiksboðskapur frelsarans sé alfarið við lýði innan íslensku þjóðkirkjunnar, sem hefur ekki sýnt mikinn skilning á tillögum um að trúfélög fái heimild til að gefa samkynhneigða saman í hjónaband.

Biskup Íslands hefur verið í fararbroddi þeirra sem eru mótfallnir þeirri hugmynd. Hefur hann reyndar mótmælt henni með harðskeyttari hætti en við var að búast af forystumanni þjóðkirkju í eins frjálslyndu landi og Ísland er. Ekki er hægt annað en að vonast til að fagurt fordæmi Alþingis verði biskupi innblástur og að innan skamms muni þjóðkirkjan bjóða alla velkomna í guðshús sín, til að fá þá þjónustu sem þeir telja sig þurfa frammi fyrir guði og mönnum.

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þjóðhátíðarpizza

Bandaríska sendiráðið á Íslandi býður til veislu á Kjarvalsstöðum þjóðhátíðardaginn 4. júlí næstkomandi. Hefur boðskortum verið dreift til útvaldra og þeim boðið að þiggja veitingar í tilefni dagsins. Á boðskortinu er íslenskum fyrirtækjum þakkað sérstaklega fyrir stuðninginn við hátíðahöldin. Norðurál, Actavis, Visa, IMG, Innnes, Dominos, Vífilfell, Hertz og Seglagerðin Ægir eru þar á meðal. „Allt þetta umstang hlýtur að kosta sitt. Bjór og pitsur eru að vísu ekki mjög kostnaðarsamur kostur á mælikvarða Íraksstríðsins eða stjórnustríðsáætlunarinnar en allt telur þetta," segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri-grænna, á heimasíðu sinni. „Það er ekki amalegt að eiga Dominos pizzur að við slíkt partíhald, að ekki sé minnst á Century Aluminum, Seglagerðina Ægi og öll þau gjöfulu fyrirtæki sem skilmerkilega eru tilgreind á boðskorti Bandaríkjaforseta vegna þjóðhátíðarboðsins."



### Deildar meiningar

„Því hefur verið haldið fram að mikið bakslag hafi verið í jafnréttismálum í Reykjavíkurborg eftir að nýr meirihluti var myndaður. Þegar tölurnar eru skoðaðar er ekki hægt að benda fingri á Sjálfstæðisflokkinn að hann hafi staðið sig með eindæmum illa, eins og haldið hefur verið fram. Sjálfstæðiskonur sitja í um 42 prósentum embætta flokksins í borgarkerfinu miðað við skipan 20. júní síðastliðinn, sem er um 3 prósent lægra hlutfall en hjá Samfylkingunni," segir Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna. Félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, Hvöt, ályktaði á dögunum um rýran hlut kvenna við stjórnun borgarinnar. Þá ályktun er ekki hægt að finna á heimasíðu Hvatar en tilgreint að Jórunn Frímannsdóttir, borgarfulltrúi, sitji í varastjórn félagsins. Líklega eru deildar meiningar um stöðu kvenna meðal sjálfstæðismanna.



bjorgvin@frettabladid.is

# Verðskulduð viðurkenning

Í DAG
HJALLASTEFNAN



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

17. júní var haldinn hátíðlegur um land allt, venju samkvæmt og fátt kom á óvart. Veðurguðirnir léku ýmsa leiki, mismunandi eftir landshornum en mannfólkið brosti og veifaði fánum og blöðrum, jafnt í sólskini sem rigningu. Ein sjónvarpsstöðin hélt úti beinni útsendingu úr miðbæ Reykjavíkur daglangt og fréttamaður minntist á það að hátíðahöld væru víðar en í Reykjavík. 17. júní væri líka haldinn hátíðlegur úti á landi og t.d. væri mikið um dýrðir í Kópavogi og Hafnarfirði. Ég trúi því að fleirum hafi brugðið nokkuð við þessa skilgreiningu landsbyggðar en mér.

Meðal fastra liða á þjóðhátíðardegi er veiting hinnar íslensku fálkaorðu. Skiptar skoðanir eru um heiðurinn og ekki síður þá einstaklinga sem valdir eru hverju sinni. Hvað sem líður ólíkum viðhorfum og jafnvel fordómum í garð Riddarakrossins er verið að heiðra fólk fyrir vel unnin störf og að þessu sinni gladdi mig sérstaklega að heyra í fréttum að Margét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Hjallastefnunnar hefði verið sæmd þessum heiðri. Það hefur verið líkast ótrúlegu ævintýri að fylgjast með frumkvöðlastarfi Margrétar Pálu á undanförnum árum. Eins og mörgum öðrum brautryðjendum mætti henni mikill mótbyr fyrstu árin, svo mjög að hún hætti störfum sínum í leikskóla og ákvað að snúa sér að öðrum verkefnum. Sem betur fer ákváðu foreldrar og samstarfsfólk hennar í Hafnarfirði að fylkja sér að baki henni svo hún sneri til baka til hugsjónar sinnar og nú er Hjallastefnan orðið formlegt fyrirtæki sem rekur nokkra leikskóla og einn barnaskóla að auki. Starfið er enn sem fyrr brautryðjendastarf, enn er verið að forma nýjar hugmyndir og prófa sig áfram en leiðarljós alls starfsins er hagur og velferð barnanna. Sú sama hugsun býr auðvitað að baki öllu skólastarfi, hvort sem um er að ræða leikskóla Hjallastefnunnar eða aðra skóla en hugmyndafræði Hjallastefnunnar lýtur að ýmsum þáttum sem eru ekki ríkjandi í skólastefnu annarra skóla. Hæst hefur borið kynjaskiptingu skólans sem á sínum tíma var mjög umdeild og er jafnvel enn. Margrét Pála hefur leitt að því mjög sannfærandi rök að það henti betur að kenna stúlkum og drengjum í aðskildum hópum vegna þess að þannig fái þau betur notið sín sem einstaklingar. Í blönduðum hópum sé meiri hætta á að drengir miði sig við stúlkur og forðist þannig „kvenlega" leiki og hið sama gildi um stúlkurnar. Með því að hafa kynin í aðskildum hópum fái þau betur notið sín á eigin forsendum.

*Eftir margra ára baráttu hefur hugsjón Margrétar Pálu loksins hlotið verðskuldaða virðingu og þótt veiting Hinnar íslensku fálkaorðu sé gleðiefni og verðskuldaður heiður er hitt ekki minna um vert að nú er langur biðlisti inn á alla leikskóla Hjallastefnunnar og hugmyndafræðin er orðin útflutningsvara.*

En Hjallastefnan snýst um annað og fleira en kynjaskiptingu hópa. Þar er til dæmis líka kveðið sérstaklega á um nálægð við ósnortna náttúru og virkjun ímyndunarafls barna. Sú kynslóð sem nú elur upp börn, og þó enn frekar sú kynslóð sem nú er komin í hlutverk afa og ömmu, rifjar upp með blik í augum þá daga þegar börnin léku sér úti daglangt, sulluðu í fjörunni, fleyttu spýtum í læknum, klifruðu í brekkum og drullumölluðu. Foreldrar og afar og ömmur nútímans segja gjarnan að börn fái í dag ekki tækifæri til að virkja ímyndunaraflið, þau hangi bara í tölvum og séu jafnvel hætt að lesa bækur, sem augljóslega virkja þó ímyndunaraflið meira en kvikmyndir. En Hjallastefnan byggir ekki síst á að virkja þetta ímyndunarafl; „bjóða upp á opið leikefni þar sem ímyndun barna ræður ferðinni og sjálfbjarga börn skapa sinn eigin leikheim í friði innan ramma leikskólans" (4. meginregla Hjallastefnunnar). Þar er líka fjallað sérstaklega um að kenna börnum að virða umhverfið með nægjusemi og hófsemi svo nokkuð sé nefnt.

Eftir margra ára baráttu hefur hugsjón Margrétar Pálu loksins hlotið verðskuldaða virðingu og þótt veiting hinnar íslensku fálkaorðu sé gleðiefni og verðskuldaður heiður er hitt ekki minna um vert að nú er langur biðlisti inn á alla leikskóla Hjallastefnunnar og hugmyndafræðin er orðin útflutningsvara. Hver hefði trúað því fyrir 17 árum síðan? Allt skólafólk og uppalendur hljóta enda að leggja við hlustir þegar stofnandi stefnunnar ræðir um uppeldismál og hugsjónir sínar því hún ræðir af einstakri virðingu og viti um málefni barna. Margréti Pálu og öðrum handhöfum hinnar íslensku fálkaorðu óska ég til hamingju með verðskuldaðan heiður.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## MEÐ ÁHUGA Á UPPELDI, MANNRÆKT OG FRÆÐSLUSTARFI

Þorsteinn Pétursson lögreglumaður á Akureyri hlaut nýlega íslensku forvarnarverðlaunin.

HEILSA 2



## MISGÓÐ SUMARTILBOÐ Í GANGI

Líkamsræktarstöðvar hafa brugðið á það ráð að bjóða upp á sumartilboð til að lokka fólk í ræktina í góða veðrinu.

HEILSA 3



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Rúmlega áttatíu prósent sjúklinga** með Parkinson-sjúkdóminn finna oft fyrir þunglyndi samkvæmt nýrri rannsókn sem framkvæmd var í Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Spáni og Bretlandi. 500 sjúklingar á mismunandi stigum sjúkdómsins tóku þátt í rannsókninni og fjörutíu prósent töluðu sjaldan eða aldrei við lækninn sinn um þunglyndi.



**Fótboltaaðdáendur** í Bretlandi eru varaðir við að halda ró sinni í mikilvægum leikjum í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu þar sem mikil hætta er á hjartaáföllum undir slíkum kringumstæðum. Rannsóknir í Bretlandi sýna að hætta á hjartaáföllum eykst um fjórðung á meðan á leikjum í keppninni stendur. Þetta á væntanlega ekki aðeins við í Bretlandi og ættu allir fótboltaaðdáendur að passa skapið þó það reynist erfitt í hita leiksins.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 27. júní, 178. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.59 | 13.31 | 24.02 |
| Akureyri | 1.40 | 13.15 | 24.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Qing heldur sér í formi með ástundun kínverskrar leikfimi, sem byggir á aldagömlum grunni, og tedrykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Te og taichi eru allra meina bót

***Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans í Skeifunni 3j, stundar kínverska leikfimi, sem hefur verið þróuð í aldaraðir og nýtur sívaxandi vinsælda á Vesturlöndum.***

„Kínverska leikfimin sem ég iðka samanstendur af taichi, hugrænni teygjuleikfimi og kungfu,“ segir Qing, spurð nánar út í leikfimisæfingarnar. „Taichi er forn kínversk bardagalist, sem byggist upp á afslöppuðum, mildum hreyfingum og nýtur mikilla vinsælda víðs vegar um heim. Því er ætlað að koma jafnvægi á orkuflæði líkamans, sem sýnir sig meðal annars í því hvernig það styrkir öndun, miðtaugakerfið, meltingu og hjartað. Það hentar því vel gegn alls kyns sjúkdómum.“

Innt eftir því hvort munur sé á vestrænni og austurlenskri líkamsrækt, eins og þeirri sem Qing stundar, segir hún andlega þáttinn oft fyrirferðarmeiri í kínverskri leikfimi en í sumum vestrænum íþróttagreinum. „Taichi og kungfu efla hvort tveggja, bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði iðkandans. Það geta allir aldurshópar stundað þessa leikfimi og hjá Heilsudrekanum er til að mynda boðið upp á barnanámskeið sem kínverskur kungfu-meistari heldur. Svo er líka andlega nærandi að bregða sér í kínverskt nudd, en það geri ég reglulega til að halda heilsunni í lagi,“ bætir hún við.

Qing segist einnig leggja mikið upp úr hollu mataræði, sem samanstendur aðallega af ávöxtum, grænmeti, fiski og síðast en ekki síst tei. „Nauðsynlegt er að drekka te á hverjum degi,“ segir hún ákveðin. „Ég mæli með hinum ýmsu tegundum, svo sem grænu tei, úrontei og jurtatei, enda eru þau allra meina bót.“

*roald@frettabladid.is*

## Haltu mér, slepptu mér

LÉLEG SAMBÖND GETA BENT TIL SLÆMRAR SJÁLFSMYNDAR

Samkvæmt nýjum bandarískum rannsóknum getur það að eiga í svokölluðum „haltu mér – slepptu mér“ sambandi verið til marks um slæma sjálfsmynd.

Rannsóknirnar voru til umfjöllunar í nýjasta hefti Journal of Personality and Social Psychology. Talið er að niðurstöðurnar geti hjálpað pörum þar sem tilfinningar til makans eru mjög sveiflukenndar.

Til að rannsaka slík sambönd tók fólk próf til að meta sjálfsmyndina. Síðan var það spurt út í tilfinningar þess til ástvina. Kom þá greinilega í ljós að einstaklingar sem höfðu lélega sjálfsmynd báru mjög andhverfar tilfinningar til ástvina. Dregin er sú ályktun að fólk með góða sjálfsmynd eigi auðveldara með að meðtaka jákvæðar og neikvæðar tilfinningar til fólks í huga sér en þeir sem hafi slæma sjálfsmynd. Fólk með slæma sjálfsmynd sé þá aftur á móti líklegra til að aðgreina á milli jákvæðra og neikvæðra tilfinninga og festist því í „haltu mér – slepptu mér“-gildrunni þegar það getur ekki gert upp á milli tilfinninganna.



Með því að bæta sjálfsmyndina aukast líkurnar á betra sambandi. NORDICPHOTOS/GETTY




**Til þess að flúorið sinni hlutverki sínu** sem best er mikilvægt að leyfa því að sitja á tönnunum eftir tannburstun. Það er sem sagt betra að sleppa því að skola eða fá sér að drekka eftir að hafa burstað tennurnar.

# Alltaf haft áhuga á uppeldi, mannrækt og fræðslustarfi

***Að leiðbeina ungu fólki og leggja því lífsreglurnar fellur meðal annars undir það starf sem Þorsteinn Pétursson, forvarna- og fræðslufulltrúi lögreglunnar á Akureyri, hefur sinnt síðustu sjö ár.***



Þorsteinn hugar að öryggi unga fólksins enda hlaut hann forvarnaverðlaun fyrir störf sín.

„Ég er lánsamur að fá að vinna við það sem ég hef áhuga fyrir og gaman af,“ segir Þorsteinn sem hlaut nýlega íslensku forvarnaverðlaunin er þau voru veitt í fyrsta sinn í sögunni. Að því stóðu Sjóvá, Landsbjörg, Landspítali-háskólasjúkrahús og Lýðheilsustöð. Vissulega hefur Þorsteinn verk að vinna sem forvarnafulltrúi. Starfið segir hann henta sér vel þótt fæstum innan lögreglunnar þyki það eftirsóknarvert. „Ég hef alltaf haft áhuga á uppeldi, mannrækt og fræðslustarfi.“ bætir hann við.

Sjálfur á Þorsteinn þrjá stráka, einn þeirra er djákni í Glerárkirkju og sinnir æskulýðsstarfi, annar sér um sumarbúðir KFUM og K að Hólavatni og sá þriðji er kennari á Hjalla í Reykjadal og annast barnastarf í kirkjum. „Já, þetta er í genunum,“ segir Þorsteinn hlæjandi. „Við hjónin kynntumst í skátahreyfingunni og erum bæði forfallnir skátar.“

Þorsteinn telur þýðingarmikið fyrir lögregluna að geta haft mann úti meðal unga fólksins. „Það er mikilvægt að eiga gott samstarf við þann hóp,“ segir hann og kveðst eiga marga vini meðal skólanemenda á Akureyri. „Ég vildi að hver einasti lögreglumaður gerði sér grein fyrir því að hann er forvarnafulltrúi. Mér finnst störf þeirra hafa þróast um of út í neikvæð afskipti í stað þess að snúast um að leiðbeina fólki, vera til svars, benda á og koma í veg fyrir. Það er ekki nóg að senda einhverja sveit af stað sem á að leysa málin í snöggri árás.“

Þorsteinn kveðst heimsækja skóla á öllum stigum, frá leikskólum upp í framhaldsskóla en hver skyldu vera helstu umræðuefnin? „Í leikskólunum fer ég yfir grunnreglur í umferðinni. Hana verður að vanda því sú umferðarfræðsla sem litlu börnin fá, frá foreldrum, fóstrum og lögreglu er frumkennsla fyrir lífstíð. Svo spjalla ég um ýmsa einfalda hluti við börnin. Til dæmis um mikilvægi þess að fá leyfi fyrir hlutum. Að fá leyfi til að fara heim með vini sínum en ekki tala um það eftir á. Við unglingana ræði ég um þeirra eigið líf og það val sem þeir standa frammi fyrir á hverjum degi. Unga fólkið er meðvitað um að það þurfi að fresta ýmsu. Því finnst til dæmis sjálfsagt að fresta barneignum. Ég hvet það til að ákveða líka að fresta reykingum til 18 ára aldurs og áfengisneyslu til tvítugs. Bendi því á að lífið er allt fullt af ákvörðunum og það skiptir grundvallarmáli að hafa þær réttar.“

*gun@frettabladid.is*



## Persona.is

**EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR**

### Félagsfælni

Nú þegar sumarið er komið, fer fólk að sækja meira í að vera sem mest úti að njóta veðurblíðunnar. Miðbærinn fyllist af fólki og um hverja helgi býr fólk til ástæðu til að fara úr bænum og njóta sveitasælunnar í góða veðrinu. Fyrir flestum er þetta því indæll tími, fullur af skemmtilegum stundum með vinum og vandamönnum, en fyrir öðrum er þetta hrikaleg þolraun. Sumt fólk á nefnilega við þann vanda að stríða að vera óstjórnlega feimið og óöruggt þannig að það getur ómögulega hugsað sér að taka þátt í félagslegum viðburðum eða umgangast fólk yfir höfuð.

Flest upplifum við einhvern vott af kvíða af og til og í sumum tilfellum jafnvel daglega en náum þó oftast tökum á honum án vandkvæða. Fyrir ákveðinn hóp fólks verður þessi kvíði þó óstjórnlegur og veldur því að það dregur sig í hlé og forðast það sem vekur hjá því kvíða. Þegar fólk fer að forðast hluti með þessum hætti er hægt að tala um að fælni hafi myndast. Fælni getur myndast við ýmsum hlutum og kannast líklega flestir við köngulóafælni, lofthræðslu og innilokunarkennd en algengust allra er þó félagsfælnin.

Félagsfælni felur í sér að fólk óttast félagslegar aðstæður og dregur sig úr slíkum aðstæðum. Fólk sem þjáist af félagsfælni óttast að það geri eitthvað sem verði því til skammar í félagslegum aðstæðum og verður því ofurmeðvitað um sjálft sig í slíkum aðstæðum. Í stað þess að taka þátt í samræðum og njóta augnabliksins, einblínir þetta fólk á sjálft sig og hvernig það komi fyrir sjónir. Það verður mjög sjálfsgagnrýnið á allt sem það segir og gerir og hefur miklar áhyggjur af því að hafa orðið sér til skammar, þó svo að það hafi í raun ekki gert eða sagt neitt sem gæti hafa valdið því. Þetta gerir það að verkum að fólkið taki frekar eftir smávægilegum breytingum í líkamanum eins og roða, svita eða auknum hjartslætti og ímyndar sér að allir aðrir taki eftir þessu og að þau hljóti að líta út eins og verstu aumingjar. Þessi mikla innskoðun og rangtúlkun á áliti annarra veldur því svo enn fremur að fólkinu hættir til að mismæla sig eða stama og hefur þá framkallað vítahring fyrir sjálft sig. Eftir að hafa lent í svona aðstæðum styrkist því óttinn við félagslegar aðstæður og hvötin til að draga sig í hlé og forðast að umgangast aðra eykst.

Rannsóknir hafa sýnt að algengi félagsfælni sé á bilinu 5-15 prósent og því þriðja algengasta geðræna vandamálið á eftir þunglyndi og alkohólisma. Miðað við þessar tölur má því ætla að á bilinu 15 – 45 þúsund Íslendingar þjáist af félagsfælni. Félagsfælni er mjög oft falin og uppgötvast ekki en nokkuð algengara hefur verið að hún greinist hjá karlmönnum. Þessi kynjamunur kann þó að vera misvísandi þar sem hugsanleg skýring á þessu sé sú að karlmenn hafa lengi sinnt störfum þar sem þeir hafa frekar þurft að takast á við félagslegar aðstæður og því frekar þurft að leita sér aðstoðar. Þetta kann því einnig að hafa áhrif á rannsóknir á algengi þar sem ótal konur kunna að þjást af þessum vanda án þess að gera neitt í því. Ef mann grunar að maður þjáist af félagsfælni er afar mikilvægt að takast á við fælnina með því að afla sér upplýsinga og leita sér hjálpar þar sem fælninni hættir til að vinda upp á sig og versna ef ekkert er að gert.

Félagsfælni hefur fjölmörg einkenni, bæði andleg og líkamleg. Andlegu einkennin eru ofsafenginn ótti við að takast á við félagslegar aðstæður og vera miðpunktur athyglinnar. Óttinn veldur svo líkamlegum einkennum eins og roða, skjálfta, svita, svima, köfnunartilfinningu, ógleði og stami. Oft hefur fólk sem þjáist af vandamálum eins og þunglyndi, vímuefnamisnotkun og átröskunum átt sögu af félagsfælni og er því hugsanlegt að án íhlutunar geti hún orsakað slík vandamál.

Ekki má gleyma því að margir geta fengið snert af félagsfælni eftir að hafa verið í talsverðri einangrun eins og til dæmis eftir mikla lærdómslotu eða bara ekki verið duglegt við að taka þátt í félagslegum viðburðum. Oftast er hægt að losa sig við slíka væga félagsfælni með því að plana að gera eitthvað með vinum sínum eða fara eitthvert þar sem maður þarf að tala við fólk, vanda sig við að horfa í augu fólks þegar maður er í samræðum og einbeita sér að því að hlusta á hvað fólk hefur að segja og njóta augnabliksins. Oft þegar maður er orðinn svolítið félagslega einangraður verður maður hálfpartinn að pína sig til að fara út á meðal fólks, þar sem það getur orðið allt of þægilegt að vera bara heima og losna við að eiga í samskiptum við fólk. Að eiga samskipti við aðra er hæfileiki sem hægt er að æfa og eins og með allt sem þarfnast æfingar er gott að halda sér í formi. Eftir því sem maður æfir sig því færari verður maður og þar að leiðandi sjálfsöruggari. Ef félagsfælnin er orðin umfangsmeiri en svo að einfalt sé að vinna á henni er mikilvægt að fræða sig um vandann og leita sér svo hjálpar hjá fagaðila.















# Misgóð sumartilboð í gangi

***Þar sem oft er fremur fámennt á líkamsræktarstöðvum á sumrin hefur verið brugðið á það ráð að bjóða upp á sumartilboð í líkamsrækt.***

Óformlegur verðsamanburður á sumartilboðum í nokkrum líkamsræktarstöðvum á Reykjavíkursvæðinu leiddi i ljós að Orkuverið í Egilshöll býður sennilega lægsta tilboðsverðið eða 5.900 krónur fyrir tveggja mánaða kort sem er í raun tveir mánuðir á verði eins. Í Sporthúsinu, sem er hluti af Iceland Spa & Fitness keðjunni, er sérstakt sumartilboð sem gildir til 25. ágúst og kostar það 7.900 krónur, til samanburðar er mánaðarkort í venjulegri verðskrá á 8.500 krónur.

Í Hreyfingu er HM-tilboð í gangi en því lýkur bráðlega. Innifalið í tilboðinu er einn mánuður frír, taska, brúsi og bolti gegn því að binda sig í ár og borga fyrir það 4.400 krónur á mánuði. Í Hreyfingu er einnig tilboð á þriggja mánaða kortum sem fara úr 20.930 krónum niður í 14.900 krónur. Í Veggsporti er tveggja mánaða kort á sumartilboði á 7.900 krónur og innifalið í því er aðgangur að skvasssölum stöðvarinnar. Líkt og í Orkuverinu er um tveir fyrir einn tilboð að ræða.



Í Hress í Hafnarfirði er sumartilboð á fjögurra mánaða korti á 14.990 krónur. Til samanburðar kostar þriggja mánaða kort 18.990 krónur.

Hnefaleikafélag Reykjavíkur sem á heiðurinn að bootcampæðinu býður sumartilboð á tólf vikna námskeiði á 35.000 krónur.

World Class-stöðvarnar hafa ekki boðið upp á nein sumartilboð enn sem komið er en þar kostar mánaðarkort 9.200 krónur -vör




## Fitusog án skurðaðgerðar

- Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
- Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
- Þú ert mæld,magi rass og læri, fyrir og eftir
- Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
- 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
- 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...

**Verð: 37.400,-**

Ef þú pantar strax í dag Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 21.900,-

**Hringdu núna, síminn er: 577 7007**

**Kínastofan** • Stórhöfði 17 • 110 Rvk


## Aloe vera gegn þynnku

ALOE VERA ÞYKKNI KEMUR JAFNVÆGI Á MAGASÝRURNAR.

Lækningamöguleikar aloe vera-jurtarinnar virðast vera nær óþrjótandi. Jurtin sem er þekkt fyrir að vera græðandi og að aðstoða við hreinsun líkamans á náttúrulegan hátt er einnig ágæt vörn gegn timburmönnum.

Aloe vera-þykknið hefur reynst fólki mjög vel til þess að koma jafnvægi á magasýrurnar og er því einnig heppilegt til þess að verjast timburmönnum. Það er mjög góður vani að fá sér eitt glas af aloe vera-þykkni eftir að heim er komið frá skemmtanahaldinu og svo annað glas morguninn eftir. Aloe vera-þykkni er sérstaklega stillandi fyrir magann og er því mjög gott fyrir þá sem vilja ná sér fljótt af þessum hvimleiða fylgikvilla áfengisdrykkju. -vör




**Heilsuvörumarkaður**

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6










SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI




bílalind
BÍLASALA



Toyota Yaris Skrd. 11/2001, ek. 128 þ. km, 5 gírar ABS, CD. Góður frúar bíll. V. 630.000,- 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl. í síma 580 8900 & 699 6661 & 896 0748.



Nissan Almera Acenta 1800 Skrd. 6/2004, ek.42 þ. km, sjálfsk. ABS, dráttarkúla, CD, þjónustubók. Virkilega ásett verð 1.280.000, tilboð 1.150.000, áhvílandi 400.000, 9000 kr per mán. Bílalán getur fylgt með. 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl. í síma 580 8900 & 699 6661 & 896 0748.



Opel Astra 1600 New Skrd. 7/2005 ek.13 þ. km, 5 gírar, ABS, smurbók, samlæsingar. Verð 1.650.000. Yfirtaka á bílaláni. Skipti möguleg. Uppl í síma 580 8900 & 699 6661 & 896 0748.



VW Bora 2000 4x4 Skrd. 3/2002, ek. 33 þ. km, 5 gírar, fjórhjóladrifin. ABS, armpúði, samlæsingar, smurbók. Sumard. & Vetrad. Ásettverð. 1.190.000,- 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl í síma 580 8900 & 699 6661 & 896 0748.

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

BÍLASALA ÍSLANDS



Til sölu er Isuzu crew cab árg 1996 ekinn 280 þ. fæst á góðu staðgreiðsluverði staðsettur á bílasölu islands.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

BÍLASALAN.IS



BMW 316 IA, 5/2001 ek. 70 þ. km, sjálfskiptur, filmur, CD ofl., lán 1.070.000. Verð 1.690.000. Allar nánari upplýsingar í s. 533 2100 og á www.bilasalan.is



BMW B 10 Alpina V8, 4/200 ek. 82 þ. km 347 Hö., leður, Xenon, sjálfskiptur, og margt fleira. Verð 3.790.000. Allar nánari upplýsingar í 533 2100 og á www.bilasalan.is



VW Golf 1.6 Comfortline, 7/2004 e.k 39 þ. km, filmur, CD ofl. Lán 1.180.000. Verð 1.490.000. Allar nánari upplýsingar í 533 2100 og á www.bilasalan.is

**Bílasalan.is**
**Stórhöfða 24, Reykjavík**
**Sími: 533 2100**
**Sími 5332100 og 8665354**
**www.bilasalan.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Kletthálsi 2 -



BMW 520 D DIESEL Árgerð 2002. Ekinn 142 þ.km. þúsund km. Áhvílandi kr. 2650 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 40 þúsund. Verð kr. 3150.000. Skipti: Ódýrari



BMW 325 I Árgerð 2003. Ekinn 63 þ. km. þúsund km. Verð kr. 3590.000. Skipti á Ódýrari.

**Höfðahöllin**
**Kletthals 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

SPA bíll



Nýr 2006 Jeep Grand Cherokee CRD Með nýrri 3,0 L Benz Dísel vél sem eyðir 10,2 L á 100 km. Limited útfærsla með öllu sem hægt er að fá í bílinn. Einn bíll eftir á gamla genginu. Sýningarbílar á staðnum. Okkar verð: 5.490 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

TOYOTA salurinn



Hyundai Starex Diesel 2500 4x4 nýskr. 6/2004, ekinn, 64 þ. km, 5 gíra, 7 manna, álfelgur, krókur, spoiler, verð 2.370.000, ath skipti, góður bíll. S. 420 6600.

**Toyotasalurinn**
**Sími: 4206600**

## Bílar til sölu




NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnarbliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabraði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Suzuki Ignis Sport 1500 5/05 ek. 3500 km. Verð 1250 þús. Uppl. í s. 896 4024.



M. Benz E 430 árg. '98 ek. 130 þús. Áhv. milljón, verð 1950 þús. Uppl. í s. 867 4131.



MMC L 200 tdi 2.5 vél, heillegur bíll en þarfnast lafæringa. Verð 130.000 stgr. Uppl. í síma 899 0555.



Chervolet Silverado 2500 Duramax 6,6L árg. 2003 ekinn 55 þ. km., leður, hús. Einn með öllu. S. 898 2811.



Til sölu Corolla L/B 1600 Árg. '94 Ekinn 184 þ. nýskoðaður litur vel út, s. 847 8344.



Honda Civic 1.5IS V-Tech ssk. ek. 85 þús. 97 ásett 550 þús. góður stgr. afsláttur! S. 864 9204.



Mercedes Bens 250CE árg. 1971 með leðurinnréttingu og rafdrifnum rúðum. Ný uppgerður. Verð 650 þús. Uppl. í s. 891 6303 & 553 0079.



**Tilboð!**

VW Vento, '93, skoðaður '07, vetrar og sumardekk. Ásett verð 210 þ. Tilboð 160.000 kr. Uppl. í s. 868 5922.



VW Transporter '01 4x4 doble cap sk. '07 ek. 77 þús. 2,5 dísel, turbo, interculer, góður vinnubíll verð 1,250,000. Uppl. í s. 846 1065.

Toyota Corolla árg. '95 1600 GLI 5 gíra, 4 dyra, ek. 140 þús. mikið endurnýjaður, ný kúpling, nýjir demparar, nýjar bremsur, sk. '07. Gott eintak. Uppl. í s. 699 3384.

Toyota 4Runner '91 ek. 154 þ. í ágætu standi til sölu, tilboð óskast í s. 894 9090.

## 0-250 þús.

Mazda 323 árg. '92 ek. 189 þ. þarfnast lagf. Verð 50 þús. S. 699 5001.

**Tilboð 149 þúsund**

VW Golf '96 ekinn 160 þús. ágætis ástand. Uppl. í s. 894 2400.

Til sölu Toyota Carina E GLI árg. '96. ssk., 2000cc. og vetrardekk. Tilboð 220 þús. sími 893 1998.

Til Sölu Volvo SL10 vörubíll. Upplýsingar í síma 893 7310.

Toyota Corolla 4wd. árg. '92. Ek. 200 þús. Nssk. og er á góðum dekkjum, + vetradekk + krókur. Verð 75 þús. Uppl. í s. 863 4652, Ásgeir.

## 250-499 þús.



Fiat Brava '99 Tilboð ek. 107 þ. Bíll í toppstandi. Sparneytinn 1300 cc. Tilboð 390 þús. sími 690 1100.



Til sölu Nissan Micra árg. '99 ek. 91 þús. 5 dyra sjálfsk. Yfirtaka á láni 426 þús. 12.500 á mán. eða stgr. Uppl. í s. 848 4464.



BMW 318 árg. '96, ek. 50 þús. á vél. Topplúga, álfelgur, CD- spilari. Ásett verð 620 þús. Tilboð 300 þús. Uppl. í s. 691 9374.

Daewoo Lanos 1500 SE. Árg. 2000. Nýyfirfarinn- og skoðaður. Vetrardekk fylgja. Tilb. 270.000 kr. Uppl. í síma 847 7770.

## 500-999 þús.



Tilboð óskast í Subaru Legacy árg. 2000 ekinn 66 þús. Nýskoðaður, vel með farinn og með góða smurbók. Uppl. í síma 820 0304.



Opel Vectra '01 1,6 sjálsk. ek. 80 þús. fallegur og góður bíll. Verð 790 tilboð 590 þús. stgr. uppl. í s. 846 1065.

Citroen Saxo VTS ek 103 þús árg'01 . Verð 590 þús. Uppl í s. 849 0302

## 1-2 milljónir



Einn góður á hálendið og í skíðaferðirnar. Isuzu Trooper diesel 09/99 ekinn 120.000 þús km. Einn eigandi. Verð 1290 þús Upplýsingar í síma 893 2966.

## 2 milljónir +



Grand Cherokee, '05, 4x4, ek. 36 þ. km. lán 2,7, V. 3.190 þ. S. 692 1065.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl, sk. '07, ek. allt að 170 þús. km. Verð allt að 300 þús. Uppl. í s. 692 8555.

Vantar bíl í hvelli. Verð 20-80 þús. S. 699 2707

Óska eftir bíl, ekki eldri en '95 á 0-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 691 9374.

## Jeppar



MMC Montero limited, árg. 2003, ek. 72 þ. km, 7 manna, svartur/grár, sjálfsk., leðurákl. Frábær bíll á mjög góðu verði, 2.500 þ. stgr. Uppl. í s. 617 6491 & 821 2717.



## SJÖ SUMUR Í MALBIKINU

*Ómar Örn Sævarsson*

SJÁ BLS. 13



## VEL TEKIÐ Á ÖLLUM VÍGSTÖÐVUM

*Íris Ragnarsdóttir í Álverinu í Straumsvík*

SJÁ BLS. 6

[ SÉRBLAÐ UM VINNUVÉLAR – ÞRIÐJUDAGUR 27. JÚNÍ 2006 ]

# vélar og tæki



## EFNISYFIRLIT


TOGA OG ÝTA SKIPUM INN Í HÖFNINA
*Jón Björgvinsson skipstjóri* BLS. 2

ANNARSHEIMSLEGIR SORPHIRÐUMENN
*Verk Hrafnkels Sigurðssonar* BLS. 4

PÁLL OG FUGLINN FLJÚGANDI
*Landgræðsluvélin* BLS. 4

ÞEIR FISKA SEM RÓA
*Sturlaugur og Co.* BLS. 8

AÐ MIÐJU JARÐAR OG TIL BAKA
*Jarðborun* BLS. 10

ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KRANASTJÓRNUN
*Í annað sinn* BLS. 10

TEIKNIMYNDABÍLAR EN SAMT BÍLAR
*Kvikmyndin Cars* BLS. 11

METANGAS OG VETNI
*Umhverfisvænn strætó* BLS. 12

HUGAÐ AÐ LÍFÆÐUM BORGARINNAR
*Malbikið* BLS. 13

GÆÐI SELJA SIG SJÁLF
*Reynsluakstur* BLS. 14



Við viljum að þú náir árangri




"Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinanna."

**Guðríður Ólafsdóttir**
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

# Toga og ýta skipum inn í höfnina

Við höfnina í Hafnarfirði er leiðsögubátur sem aðstoðar stór skip inn í höfnina.

Jón Björgvinsson er skipstjóri á hafnsögubátnum í höfninni í Hafnarfirði. Við hringdum í hann og forvitnuðumst aðeins um starfið og að sjálfsögðu bátinn líka. „Við aðstoðum skipin við að komast inn og út úr höfninni, en hingað kemur mikið af erlendum skipum sem þekkja ekki höfnina,“ segir Jón. „Þá förum við út á móti þeim og komum hafnsögumanni um borð, sem fer í brúna og leiðbeinir skipinu inn. Svo þurfum við oft að ýta skipunum eða draga þau ef aðkoman er mjög þröng.“

Við höfnina í Hafnarfirði eru tveir hafnsögubátar og tveir skipstjórar. „Við skiptum með okkur vöktum, og vinnum allan sólarhringinn. Maður getur átt von á því að fá símtal hvenær sem er sólarhringsins þegar maður er á bakvakt, þar sem maður er kallaður út,“ segir Jón. Starfið segir hann vera mjög fínt, en hann hefur verið skipstjóri mest alla ævi, og bætir hlæjandi við að hann kunni ekkert annað.

Bátarnir tveir sem notaðir eru, heita Þróttur og Hamar og eru smíðaðir árið 1963 og 2001 hjá Ósey sem var og hét í Hafnarfirðinum. „Bátarnir eru 17 metra langir með sérstökum krók til að setja tog í. Gúmmí er framan á þeim svo hægt sé að ýta á önnur skip án þess að skemma þau. Tvær vélar eru í hvorum báti, sem þýðir að þá eru tvær skrúfur sem gera hann liprari og auðveldara að stýra honum.“ Vélarnar eru af gerðinni Caterpillar og eru ekki ósvipaðar þeim sem notaðar eru í jarðýtur og gröfur, nema annar búnaður er notaður í vélina á sjó.



Jón Björgvinsson er skipstjóri á hafnsögubátnum í Hafnarfjarðarhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ný vörulína frá JCB



JCB hefur breikkað vörulínu sína frá því fyrir um ári og framleiðir nú úrval af jarðvegsþjöppum og jarðvegs- og malbikunarvölturum. Ástæðan er sú að JCB keypti þá þýska fyrirtækið VIBROMAX sem sérhæfði sig í framleiðslu á þessum vinnuvélum. Vélarnar eru nú framleiddar undir nafninu JCB VIBROMAX, en Vélaver hefur hafið innflutning á þessum vélum og getur nú að líta þær í sýningarsal Vélavers.



Sævar Pétursson við vörubílinn sem hann gerði upp. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN AXELSDÓTTIR

# Á erfitt með að keyra nýja bíla

Sævar Pétursson, formaður Fornbílaklúbbs Íslands, gerði upp Ford ´41 módel af vörubíl.

„Maður sem var byrjaður að gera vörubílinn upp, en hafði ekki aðstöðu til að klára verkið, fól mér bílinn,“ segir Sævar Pétursson er hann er spurður hvers vegna hann tók að sér að gera upp gamlan vörubíl. Bíllinn sem er af gerðinni Ford ´41 módel var upphaflega notaður við vegavinnu og svipuð störf norður í Eyjafirði.“ Þetta þótti stór bíll á þeim tíma, en bílar sem þessi fluttu um 2,5 tonn af sandi og er hann með sturtubúnaði og fleiru sem var sjaldgæft,“ segir Sævar. Í bílnum er 100 hestafla vél sem Sævar þurfti að taka algerlega í gegn. „Ég skipti meðal annars um stimpla, legur og ventla.“

Bíllinn er sérstakur að mörgu leyti, en honum þarf að tvíkúpla þegar skipt er um gír. „Ég er náttúrulega þaulvanur því, enda keyri ég mikið af fornbílum.“ Auk þess ók Sævar svipuðum bíl hjá Bæjarútgerðinni í gamla daga. „Það var reyndar ´47 módelið sem ég vann á,“ segir Sævar.

Hann segir vörubílinn vera þann eina af þessari gerð sem er gangfær í dag, en hann veit til þess að einn annar er til, en sá hefur ekki verið gerður upp.

Bílinn er Sævar oft með til sýnis, þá jafnvel í Húsdýragarðinum og á fleiri stöðum. Hann segir bíl sem þennan alltaf vekja athygli en fyrir honum er fátt eðlilegra en að aka um á fornbíl. „Ég hef ekið um á gömlum Ford frá árinu ´78 og það var ekki fyrr en um síðustu áramót að ég fékk mér nýjan bíl. En ég gríp ennþá í þann gamla, því ég er ekki tilbúinn til að skipta alveg,“ segir Sævar.



Vörubíllinn er af gerðinni Ford ´41 módel með 100 hestafla vél. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN AXELSDÓTTIR




ER UPPBYGGING Á DÖFINNI?

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla, atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.

- **Kaupleiga** Leigðu tækið og eignfærðu
- **Rekstrarleiga** Greiddu aðeins fyrir afnot af tækinu
- **Fjármögnunarleiga** Leigðu tækið og gjaldfærðu
- **Fjárfestingarlán** Fjármögnun með veði

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR FJÁRMÖGNUN




BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.
KLETTHÁLS 9 ● 110 REYKJAVÍK ● SÍMI 567 4222 ● FAX 567 4232

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tískusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir






# Annarsheimslegir sorphirðumenn

Hrafnkell Sigurðsson listamaður vinnur að nýrri ljósmyndasýningu sem verður opnuð í Gróttu 15. júlí. Myndirnar eru framhald á verkum Hrafnkels frá því í fyrra þar sem hann vann með vinnugallaefni.

„Verkamenn á byggingasvæðum og í hreinsunardeild voru kveikjan að þeirri sýningu,“ útskýrir Hrafnkell. „Snjóhrúgur sem ég hafði einu sinni myndað á Selfossi og minntu mig á hálfgerð fjöll inni í miðjum bæ, rifjuðust upp fyrir mér þegar ég bjó í London og fór að sjá litríka ruslapoka í sama ljósi. Litríku gallarnir sem sorphreinismennirnir klæðast voru svo áberandi að þeir komu smám saman inn í myndina.“
Hrafnkell segir grundvallarmun vera á myndunum nú og þeim frá því í fyrra, þar sem hann tekur nú ljósmyndir af göllunum, en vinnur ekki með þá beint eins og síðast. „Ég fór að veita því eftirtekt snemma einn vetramorgun að starfandi sorpmenn voru eins og uppljómaðar verur í myrkinu,“ segir hann hugsi. „Þeir voru annarsheimslegir þar sem þeir stóðu upplýstir í bílljósum sorpbílsins og minntu á heilagar verur. Í kjölfarið réðist ég í þetta verk og setti myndefnið fram eins og um íkonamyndir væri að ræða.“
Hrafnkell hefur þar fyrir utan gert byggingaiðnaðinum skil í verkum sínum. „Ég gerði myndir þar sem reynt var að fanga persónuleika húsa í byggingu,“ segir hann. „Þarna á sér ákveðin fæðing stað og persónuleikamótun húsa er á viðkæmu stigi á meðan á framkvæmdum stendur, sem kallar fram samúð hjá áhorfandanum. Yfir nýbyggingum ríkir ákveðið umkomuleysi en einnig von og bjartsýni.“ Hrafnkell segist heillast af þessu millibilsástandi.


Hrafnkell Sigurðsson listamaður tekur þátt í samsýningu fimm listamanna, Eiland, sem opnuð verður í Gróttu um miðjan næsta mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Hrafnkell hefur gert byggingaiðnaðinum skil í verkum sínum, en hann reyndi að fanga persónuleika húsa í byggingu. Hann segir húsin vera í millibilsástandi, sem heilli hann ákaft. Verkið heitir Nýbygging 11 (ljósmynd 2004).


Þessi hvíti og appelsínuguli vinnugalli er hluti af íkonum Hrafnkels, þar sem sorphirðumenn veittu honum innblástur. Ljósmyndin er án titils og er frá árinu 2006.


... LEGUR ...
SKF ..kúlulegur
..keflalegur
..veltilegur
..rúllulegur
..flangslegur
..búkkalegur

SKF
LANDVÉLAR
Smiðjuvegur 66 - 200 Kópavogur - www.landvelar.is
Sími 580 5800
Söluaðili Akureyri Sími 461 2288
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akureyri



Verktakar! Bændur!
Eigum mikið úrval af traktors- og vinnuvéladekkjum, einnig fólksbíla-, jeppa- og mótorhjóladekk – og dekk fyrir kerrur og húsvagna.

Vertu óhrædd/ur að velja það besta!
Firestone
Bridgestone
UMBOÐSAÐILI BRIDGESTONE Á ÍSLANDI
BETRA GRIP
DEKKJAÞJÓNUSTA
Lágmúla 9 · 108 Reykjavík · Sími 5 333 999 · GSM 899 2844 · betragrip@betragrip.is




Flugvélin Páll Sveinson, eða Þristurinn, hefur verið notuð til áburðardreifingar hérlendis frá árinu 1973. Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, segir fátt benda til þess að skipt verði um vél, þar sem Páll er enn í frábæru ástandi þrátt fyrir langan starfsaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Páll og fuglinn fljúgandi

Páll Sveinsson, sem er í daglegu tali kallaður Þristurinn, hefur ekki misst dag úr vinnu í 33 ár. Það er kannski ósanngjarnt að ætlast til þess að aðrir séu jafn óskeikulir, enda er Páll ekki mennskur heldur flugvél af gerðinni Douglas Dakota 3 sem Landgræðslan hefur notað til áburðardreifingar síðan 1973.

„Flugvélin er nefnd eftir Páli Sveinssyni landgræðslustjóra, sem sóttist ákaft eftir því að þessi tiltekna vél yrði notuð í landgræðsluflug en hann féll frá skömmu eftir að það var samþykkt,“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri um nafngift vélarinnar. „Landræðsluflug hafði hins vegar byrjað 1958, þannig að við höfum bráðum nýtt okkur þessa tækni í tæpa hálfa öld.“

Sveinn segir flugvélina, enn vera í frábæru ástandi þrátt fyrir 66 ára aldur og allt eins líklega til að fljúga önnur 66 ár. „Vélin kom af færibandinu í október 1943 og var upphaflega notuð í fraktflug í stríðinu. Hún kom til Keflavíkur í stríðslok og var í eigu Flugfélags Íslands, sem notaði hana til landhelgisgæslu í stuttan tíma og svo farþegaflug allt til ársins 1972.“

Sveinn segir að Flugfélag Íslands hafi látið setja dreifibúnað í Pál vorið 1973 og afhent svo Landgræðslunni vélina. Síðan hafi hún verið í landgræðsluflugi, en atvinnuflugmenn hafa flogið henni í sjálfboðavinnu öll árin, vegna þess hve gríðarleg þörf er fyrir uppgræðslu landsins.

Sveinn segir landgræðslustarfið hafa breyst í áranna rás. „Nú eiga bændur landsins öflug tæki og hafa í vaxandi mæli gerst verktakar og þátttakendur í landgræðslustarfinu,“ útskýrir hann. „Þar með hefur verkefnum flugvélarinnar fækkað, þótt alltaf verði til svæði sem aðeins fuglinn fljúgandi og Páll Sveinsson komast yfir.“

t æ k n i    þ r ó u n    f r a m f a r i r




KORTER

RIMULA
Super & Ultra

Shell hefur nú þróað nýjar olíur fyrir vélar og tæki sem sniðnar eru að kröfum og þörfum vélaframleiðanda

- Tryggir hámarkssmurningu og endingu véla.
- Þolir afar mikið álag án þess að missa smureiginleika
- Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélaframleiðendur Evrópu sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar



**Veldu það besta fyrir atvinnutækið þitt**

# Gerbreytt premium-lína frá Renault Trucks

Nýja premium-línan frá Renault Trucks er væntanleg í sölu hjá B&L en línan fellur undir flokk stærri flutningabíla.

Í línunni eru LongDistance, Distribution og Lander en hver þeirra er sniðinn að ákveðnu flutningasviði. LongDistance er sniðinn að langflutningum, Distribution að vörudreifingu og Lander hentar vel við erfiðar aðstæður og hefur hærri veghæð.

LongDistance kemur fyrstur á markaðinn af þessum þremur og var nýlega frumkynntur hér á landi. „Línan er ný nánast frá grunni og því um verulegar breytingar að ræða. Það á ekki hvað síst við um Premium LongDistance, sem kemur í gerbreyttri mynd, bæði hvað varðar útlit og tækni,“ segir Bjarni Þ. Sigurðsson, sölustjóri B&L atvinnubíla.



Nýja kynslóðin færir ökumönnum nýja hönnun á mælaborði, sem er nú byggt í sveig um ökumanninn með það fyrir augum að bæta vinnuaðstöðu.

Flutningsgeta og lág bilanatíðni LongDistance er hans helsta sérstaða. „Flutningsgetan hefur verið allt að hálfu tonni meiri en hjá sambærilegum vörubílum. Bíllinn myndar til dæmis uppistöðuna í flota margra af stóru evrópsku dreifingarfyrirtækjunum en það er fyrst og fremst lág eigin þyngd sem skilar LongDistance þessu forskoti. Við það má svo bæta um 3 prósenta viðbótarsparnaði samfara nýrri rafstýrðri optidriver-gírskiptingu, en auk þess að draga úr eldsneytisnotkun þá hefur hún mælst afar vel fyrir meðal bílstjóra,“ segir Bjarni.

Nýja premium-línan uppfyllir ekki aðeins Euro-4 mengunarstaðalinn sem tekur gildi 1. október á þessu ári heldur einnig Euro-5 sem tekur við af Euro-4 eftir nokkur ár.



Premium LongDistance var nýlega frumkynntur hér á landi.

„Nýja ellefu lítra vélin getur nýtt sér svonefnda adblue-tækni. Þetta er nýr mengunarvarnabúnaður sem fimm af sjö stærstu vörubílaframleiðendunum Evrópu eru að taka upp. Þessi tækni er bæði ódýrari í framkvæmd en aðrar og auk þess orkusparandi, en það sýnir sig að adblue-tæknin dregur úr eldsneytisnotkun að jafnaði um fimm prósent. Þessi nýja tækni borgar sig þannig upp á þremur til fjórum árum,“ segir Bjarni en hinar tvær gerðir premium-línunnar eru væntanlegar síðar á árinu. „Frumkynning beggja fer fram í Frakklandi í sumar og fara þær því ekki í almenna framleiðslu fyrr en í haust. Sérstaklega hlökkum við til að fá Lander, sem mun meðal annars vegna veghæðarinnar henta íslenskum aðstæðum vel.“


# GERÐU KRÖFUR UM URSA SUPER LA EF GERÐ ER KRAFA UM 15W-40




**Ursa Super LA** frá Texaco uppfyllir kröfur um allra nýjustu vélaolíu fyrir hraðgengar dísilvélar, með og án forþjöppu, og vélar sem starfa við erfið skilyrði.

olís

**Olíuverzlun Íslands hf.** • Sundagarðar 2
104 Reykjavík • Sími: 515 1000 • Fax: 515 1010
www.olis.is

GOTT FÓLK / SÍA




Íris er ánægð með viðtökurnar sem hún fékk hjá Álverinu og segir konur hafa sýnt að þær geti sinnt störfum, þar sem tæknilegrar kunnáttu er krafist, til jafns við karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Var vel tekið á öllum vígstöðvum

Konum fjölgar stöðugt í störfum sem áður þóttu tilheyra yfirráðasvæði karla og er Íris Ragnarsdóttir ein þeirra. Hún vinnur í álverinu í Straumsvík.

„Mér var vel tekið á öllum vígstöðvum“, svarar Íris þegar hún er innt eftir því hvort hún hafi fundið fyrir leiðinlegu viðmóti af hálfu samstarfsmanna sinna þegar hún hóf störf hjá Alcan fyrir níu árum. Hún segir vini og vandamenn sömuleiðis hafa verið jákvæða og sýnt ákvörðuninni skilning.

Íris fannst spennandi að hefja störf hjá Alcan, en hún vinnur við ýmsar vélar í kerskála. „Ég vinn annars vegar á skautskiptatæki, en það er notað til að skipta um skaut í kerjunum,“ útskýrir hún. „Svo ek ég um á áltökubíl. Vinnan er í sjálfu sér ekki svo líkamlega erfið, þar sem hún byggir að mörgu leyti á tæknilegum þáttum.“

Að sögn Írisar hefur hlutfall kvenna aukist hjá Alcan frá því að hún byrjaði og telur hún aukninguna eingöngu hafa góð áhrif, bæði skapi hún fjölbreytni og góðan anda. „Margir telja að konur ráði ekki við vinnu af þessu tagi, en við höfum heldur betur sýnt að það er á misskilningi byggt,“ segir hún loks.



Öll réttindi áskilin. Einungis til kynningar.

# Leitaðu til sérfræðinga varðandi staðsetningu tækja.



Með KOMTRAX™ sem staðalbúnað setja nýju Dash 8 gröfunar frá Komatsu ný staðalmörk. KOMTRAX™ notar GPS-kerfi og boð frá gerfihnöttum til að sýna hvar tækið þitt er statt - hvenær sem er og hvar sem er. KOMTRAX™ gefur jafnframt til kynna ástand og afkastagetu tækis; tilkynnir um atriði sem leitt gætu til bilana, til að gera megi ráðstafanir í tíma til að girða fyrir dýrar tafir; það skráir viðhalds- og viðgerðasögu, færir skrá yfir flutning tækis á milli verkstaða, færir þjónustubók auk fleiri upplýsinga. Allar þær upplýsingar getur eigandinn nálgast á veraldarvefnum. KOMTRAX™ er upplýsingakerfi fyrir nútímastjórnun. Það gerist ekki betra hjá gröfum!



KOMATSU

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar

# Þeir fiska sem róa

Um síðustu áramót sameinuðust véladeild Bræðranna Ormsson og Sturlaugur Jónsson, tveir traustustu innflutnings- og söluaðilar vinnuvéla hérlendis, svo úr varð Sturlaugur og Co. Síðastliðinn föstudag slógu forsvarsmenn fyrirtækisins upp heljarinnar grillveislu fyrir viðskiptavini og velunnara félagsins, þar sem helstu tæki og tól voru höfð til sýnis.



Á sýningunni voru ýmsar vinnuvélar frá Wirtgen, vönduðu vörumerki sem Sturlaugur og co. er umboðsaðili fyrir á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við erum flutttir með fyrirtækið í nýtt húsnæði á Fiskislóð 14, þar sem við erum meðal annars búnir að koma upp góðu verkstæði til að þjóna viðskiptavinum okkar enn betur," segir Sigurður Kr. Sigurðsson, sem nýlega var ráðinn framkvæmdastjóri Sturlaugs og Co, sem sér sjávarútvegi, landbúnaði og verktakaiðnaði fyrir ýmsum tækjum.

Sigurður bætir við að búið sé að hressa upp á útlit fyrirtækisins. „Ekki má gleyma því að þótt umbúðirnar séu nýjar er saga, þekking og reynsla okkar aðalsmerki, enda eru Bræðurnir Ormsson og Sturlaugur Jónsson traust fyrirtæki með langa sögu að baki, stofnuð upp úr þarsíðustu aldamótum," segir hann.

Að sögn Sigurðar flytur fyrirtækið inn vönduð vörumerki, eins og til dæmis Wirtgen, Landini-traktora og Langendorf-malarvagna. „Við bindum líka vonir við New Holland fyrir verktaakiðnaðinn, vörumerki sem varð til úr samruna erlendra fyrirtækja," bætir hann við. „Eitt fyrirtækjanna sem mynduðu New Holland er O.K. en Bræðurnir Ormsson hafa flutt inn gröfur frá því um nokkurn tíma."

Sigurður horfir björtum augum til framtíðar. „Við erum á góðri siglingu og bindum vonir við ýmsar nýjungar, meðal annars bensín- og dísellausa rafstöð fyrir kúabændur sem er beintengd við dráttarvel," segir hann. „Það er nú gamalt orðatiltæki úr sjávarútveginum sem segir að þeir fiski sem rói og það má allt eins yfirfæra á okkur."



Sigurður Kr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sturlaugs og Co. er bjartsýnn á framtíð fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Sturlaugur og Co. hefur flutt inn í nýtt húsnæði á Fiskislóð 14. Markmiðið með sameiningunni var að setja fleiri stoðir undir reksturinn og fara út í dreifðari rekstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Það var glatt á hjalla í grillveislu sem Sturlaugur og Co. sló upp fyrir viðskiptavini og velunnara fyrirtæksins á föstudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Í grillveislunni var alls kyns tólum og tækjum stillt til sýnis, þar á meðal þessum magnaða krana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Það þarf nú stiga til að komast upp í þennan, gætu þessir veislugestir verið að hugsa með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

4 400 400 / mest.is




Allt til bygginga

VERÐMÆTAR HEILDARLAUSNIR

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir.

mest – allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði



Jón Guðmundsson, eða Jonni eins og hann er gjarnan kallaður af félögunum, þakkar ódrepandi bílaáhuga langan starfsaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Undir stýri í 25 ár

Jón Guðmundsson hefur keyrt vörubíl í hátt á þrjá áratugi hjá Hampiðjunni og lætur vel af starfinu.

„Ég vann sem kokkur um borð í skuttogara og fannst það ekki henta mér, þannig að ég fór að vinna sem netamaður undir stjórn vinar míns hjá Hampiðjunni," segir Jón er hann er spurður hvernig það hafi atvikast að hann fór að vinna í þessum geira. „Þegar Hampiðjan tók nýjan Scania 111 í notkun settist ég hins vegar undir stýri og hef keyrt vörubíla síðan," bætir hann við.

Að sögn Jóns hefur ódrepandi áhugi hans á bílum komið sér vel í starfi og létt honum lund þar sem vinnudagurinn er oft langur og strangur. „Ég hef keyrt alls kyns bílategundir í gegnum tíðina," segir hann og tekur sem dæmi Cheverlot af árgerðinni ´54 sem hann keyrði hjá Vegagerðinni aðeins sautján ára gamall og hafði töluvert gaman af.

Bílaáhugann rekur Jón meðal annars til þess að faðir hans hafi verið vörubílstjóri og segist hann því hafi alist upp í kringum bíla, bæði fólksbíla og vörubíla. „Auk þess bjó ég yfir nokkurri reynslu af þungavinnubílum, þar sem ég hafði starfað fyrir Íslenska aðalverktaka áður en ég fór á sjóinn," segir hann. „Sú reynsla nýttist mér vel hjá Hampiðjunni."

Í seinni tíð hefur Jón dregið sig aðeins til hlés, vinnur nú meira við netagerð en áður en segir sér þó alltaf líða vel undir stýri.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32903 06/2006

## Hiace

Íslenskir atvinnubílstjórar hafa aðeins góða reynslu af Hiace, enda þjónar hönnunin þeim tilgangi að draga úr óeðlilegu álagi á líkamann. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

**Verð frá 2.050.000 kr.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | 700 Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

# Að miðju jarðar og til baka

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða er með stærstu verktakafyrirtækjum hérlendis í jarðvinnu, stofnað árið 1946. Starfsmenn fyrirtækisins hafa verið uppteknir við margháttaðar jarðboranir, þar sem fyrirtækið er fremst á sínu sviði.

Ólafur Ben. Snorrason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir mestmegnis borað eftir vatni, annað hvort köldu vatni fyrir sveitabæi og sumarbústaði eða heitu vatni fyrir Orkuveituna og bæjarfélög.

„Við stundum einnig rannsóknaboranir," segir Ólafur. „Við tökum kjarna úr fjöllum, þar sem gera á jarðgöng. Dýpstu kjarnaholur gerðum við á Kárahnjúkum, þar sem sýni var tekið á 600 metra dýpi. Þá er borað niður, kjarni tekinn til skoðunar á þriggja metra fresti og haldið áfram." Hann segir starfsmenn oft fengna til að taka jarðsýni til að mæla þéttleika og burðargetu jarðvegs þar sem reisa eigi mannvirki, eins og í tilfelli tónlistarhússin í Reykjavík.

Að sögn Ólafs eru mjög sérhæfð tæki notuð til borunar. „Við erum með þrjá 20-25 tonna þunga rannsóknarbora," útskýrir hann. „Hjá okkur eru líka vatnsborar sem geta borað 14 tommu víðar holur, aðrir geta farið niður á 1.100 metra dýpi og síðar á árinu verður vatnsbor sem kemst á 1.700-2.000 metra dýpi tekinn í umferð."

Ólafur segir að ekki megi gleyma sprengjuborunum. „Boraðar eru 46-100 millimetra víðar holur, sem mismunandi miklu dýnamíti er komið fyrir ofan í, eftir því hvers smátt á að sprengja grjótið," segir hann. „Í dýnamítstúpuna er sett hvelletta, sandi dreift yfir dýnamítið svo ekki spýtist upp úr og rafmagni hleypt á hvellhettuna til að sprengja. Misjafnt er hversu margar holur eru gerðar. Ég heyrði því fleygt að 50.000 rúmmetrar hafi verið teknir í einu skoti í álverinu fyrir austan, sem eru eitthvað um 100.000 tonn af grjóti. Það hlýtur að hafa heyrst hátt í því."



Hér sjást starfsmenn Ræktunarsambands Flóa og Skeiða nota stærsta bor fyrirtæksins, Tröllа, við vatnsborun.
MYND Í EIGU RÆKTUNARSAMBANDS FLÓA OG SKEIÐA.



Sprengibor sem er eingöngu notaður til að bora fyrir sprengiefni.
MYND Í EIGU RÆKTUNARSAMBANDS FLÓA OG SKEIÐA.



Rannsóknabor við Reykjavíkurhöfn, þar sem viðamiklar rannsóknir á jarðvegi voru gerðar vegna byggingar á tónlistarhúsi.
MYND Í EIGU RÆKTUNARSAMBANDS FLÓA OG SKEIÐA.


Veldu FordTransit

Nýtt tákn um gæði




Glitnir gerir nýtt tilboð í fjármögnun á Ford Transit

24.220

Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra*

Skoðaðu nýtt tilboð Glitnis í fjármögnun sendibíla frá Ford. Gott verð og gott tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford sendibílum gerir Transit að hagstæðum kosti fyrir fyrirtæki. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu hvað þú færð aukalega þér að kostnaðarlausu.

**Sérhæfð atvinnubíladeild Ford**
Fáðu sérhæfða ráðgjöf. Skoðaðu allar forsendur, fjárfestu í rétta bílnum. Boðaðu sérhæfða söluráðgjafa atvinnubíla Ford til þín. Komdu jafnvel við í ný húsakynni Ford atvinnubíla, Bíldshöfða 6. Talaðu við Hörð Guðjónsson eða Ólaf Friðsteinsson sérfræðinga okkar í rekstri Ford atvinnubíla.

**Skoðaðu tilboðskörfu Ford Transit***
- Betri kjör en áður
- Hliðarhurðir á báðum hliðum
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Lægri útborgun, 10 prósent
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn
- Lægri vextir en áður
- Engin stimpilgjöld
- Örugg og ennþá betri þjónusta

- Búnaður án aukakostnaðar:
  - Rennihurð beggja vegna
  - Gólfklæðning í hleðslurými
  - Rafknúnir, upphitanlegir hliðarspeglar

Búnaður án aukakostnaðar. Verðmæti kr. 147.000.

Glitnir

*Glitnir býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Transit*

**Veldu rekstraröryggi. Komdu í Brimborg. Veldu Ford.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu aukabúnaðinn sem þú færð aukalega án aukakostnaðar.



Ford Transit 280S 2,0TD 85 hö. 5 gíra*
Hleðslurými: 2.540 x 1.762 x 1.430 m

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 1.843.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 24.220 kr.<br>184.300 kr. |
| Rekstrarleiga mán. (75 þús. km) án vsk. | 36.418 kr. |



Ford Transit 300M 2,0TD 85 hö. 5 gíra*
Hleðslurými: 2.905 x 1.762 x 1.745 m

| | |
|---|---|
| Tilboðsverð án vsk. | 2.122.000 kr. |
| Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.<br>10% útborgun | 27.826 kr.<br>212.200 kr. |
| Rekstrarleiga mán. (75 þús. km) án vsk. | 41.800 kr. |

Gott verð. Nýttu þér tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford Transit.
Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.



**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford Transit.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




Á myndinni má sjá Inga Björnsson, núverandi Íslandsmeistara í kranastjórnun.

# Kranastjórnunarkeppni í annað sinn

Íslandsmeistaramótið í kranastjórnun fer fram í haust. Íslandsmeistari í kranastjórnun náði öðru sæti á Evrópumeistaramóti í Þýskalandi.

Íslandsmeistaramót Mest í kranastjórnun verður haldið 1. september næstkomandi. Keppnin er haldin í samstarfi við Liebherr sem er stærsti framleiðandi á byggingakrönum í heiminum. Íslandsmeistarinn keppir fyrir hönd Íslands á Evrópumeistaramótinu í kranastjórnun sem fer fram í október á þessu ári.

Mótið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og þá tóku þátt 48 keppendur frá 36 byggingaverktökum. Umboðsaðili Liebherr hér á landi stóð fyrir Íslandsmeistaramótinu sem fór fram í ágúst og kom þá nokkuð á óvart að kranamenn frá verktökunum Feðgar ehf. röðuðu sér í þrjú efstu sætin. Ingi Björnsson sem bar sigur úr býtum keppti svo fyrir hönd Íslands í Þýskalandi þar sem hann hreppti annað sætið.

Allt stefnir í að enn fleiri taki þátt í ár en nánari upplýsingar um keppnina er að finna á heimasíðu Mest, mest.is, þar sem skráning fer einnig fram.

# Teiknimyndabílar – en samt bílar



Mater

■ Besti afturábak bílstjóri í heimi að eigin sögn.
■ Veiðir fisk með króknum.
■ Upprunalegur litur - lillablár.
■ V-8 vél.



Sarge

■ Slær blettinn sinn tvisvar á dag.
■ Þjónaði hernum með stolti.
■ Fjögurra sílindra vél.



Fillmore

■ Upprunalegir bremsuklossar og olíu- og bensínkerfi.
■ Tími frá 0 og upp í 60 kílómetra hraða: „Af hverju þurfum við að flýta okkur?“



Guido

■ Getur skipt um dekk á 2,5 sekúndum.
■ Hámarkshraði: 32 kílómetrar á góðum degi... og niður brekku.



Mack

■ Finnst gaman að syngja á meðan hann keyrir.



Sheriff

■ Gerir allt til að halda friðinn.
■ Með tvær sirenur, ljóskastara og am- og fm-útvarp.
■ Tími úr 0 og upp í 60 kílómetra hraða: „Atvinnuleyndarmál... en að minnsta kosti nógu hratt til að stöðva afbrot.“

# Manitou-skotbómulyftarar

Söluaðili: Pétur O. Nikulásson EHF.

Um er að ræða 360 gráðu snúningslyftara með stækkanlegri vinnukörfu. Þessir lyftarar geta lyft upp í allt að 25 metra og hafa 5 tonna lyftigetu.

„Mikið hefur verið að gera hjá PON ehf. í innflutningi og sölu á Manitou-skotbómulyfturum. Byggingaverktakar sjá alltaf betur og betur notagildi þessara tækja og undanfarna mánuði höfum við ekki haft undan að afgreiða lyftarana. Bændur eru einnig farnir að kaupa skotbómulyftara sem nýtist vel í bústörfunum,“ segir Pjetur N. Pjetursson, framkvæmdastjóri PON.

PON á yfirleitt til mikið úrval á lager af notuðum Manitou-skotbómulyfturum.



allt heimili
Alla fimmtudaga



NÝR
STÁLSÉRFRÆÐINGUR

Létt ferða-MIG-vél fyrir atvinnumanninn og þig.
Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn,
- vélin sér um restina.

Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og
fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló




100 METRA framlengingarsnúrur eru EKKERT MÁL

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR-TÆKI-VERKFÆRI

100% KEMPPI

Nethyl 2 Sími: 510 9100
Fax: 510 9109 www.istaekni.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




Jan Jansen, deildarstjóri tækni- og innkaupadeildar hjá Strætó bs, er ánægður með metangasvagnana og segir að þeim gæti allt eins fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Metangas og vetni

**Vagnafloti Strætó bs hefur gengið í gegnum kerfisbundna endurnýjun. Jan Jansen, deildarstjóri tækni- og innkaupadeildar, segir það gert til að bæta þjónustuna.**

Um yfirstaðnar breytingar segir Jan frá því að Scania-lággólfsvagnar hafi verið teknir í notkun árið 1998, en þeim er ætlað að auðvelda farþegum að komast upp í vagnanna. „Tuttugu og níu vagnanna ganga fyrir díeselolíu en tveir þeirra fyrir metangasi,“ útskýrir hann.

Jan bætir við að nú sé verið að endurnýja vagna af gerðinni Irisbus hjá fyrirtækinu, nánar tiltekið Renault. „Fimmtán vagnar hafa þegar verið teknir í umferð og von er á öðrum tíu um mánaðamótin júlí-ágúst,“ segir hann. „Fimm vagnar verða líka teknir í notkun að ári. Þessir síðasttöldu fimm vagnar standast Euro-4 gæðakröfuna en hinir Euro-3.“

Jan segir góða reynslu af nýju bílunum, nefnir sem dæmi að metangas-vagnarnir vinni vel og séu að auki hljóðlátir. „Miðað við það, gæti vel farið að við myndum fjölga þeim,“ segir hann hugsi. „Við höfum ekki keypt fleiri í bili þar sem þeir komast hvorki inn á verkstæðið né þvottastöðina okkar vegna stærðar. Það vandamál leysist eftir um það bil ár þegar starfsemin verður flutt á nýtt verkstæði á Hesthálsi, þar sem hærra verður til lofts.“

Að því er Jan segir gegnir öðru máli um vetnisbíla sem hafa verið teknir til prufu, en reynslutímanum lýkur um næstu áramót. „Söluverð vagnanna er langt fyrir ofan okkar kaupgetu,“ segir hann. „Vagnarnir hafa komið ágætlega út, en vetnisstöðin verið vandamál.“ Jan segir tilraunverkefnið hafa verið framkvæmt í fimm borgum víða um heim. Vagnarnir eru því enn ekki farnir í almenna framleiðslu og miðað við verð er ólíklegt að þeir verði keyptir hingað í bráð.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA





**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



Bílarnir eru ekkert sérstaklega sveigjanlegir og þar sem þeir ná ekki að slétta úr malbikinu dugar ekkert annað en handafl til. Það getur verið vandasamt verk, en auðveldast þegar margir leggjast á eitt til að klára það. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hugað að líffæðum borgarinnar

Gatnagerðarmenn eru áberandi um þessar mundir og fara eins og maurafylking um borgina með alls kyns tæki og tól sem nota þarf við malbikun.

Það má með sanni segja að ætíð sé nóg að gera í gatnagerð hérlendis á sumrin. Ef ekki er verið að breyta vegum út frá nýjum skipulagshugmyndum er verið að laga þá til eftir veturinn. Malbikunin er einn veigamesti þátturinn í starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., sem er til húsa á Sævarhöfða 6-12, en við hittum hressan vinnuflokk frá fyrirtækinu á förnum vegi og spurðum hvernig þeim líkaði vinnan. Starfsmenn lágu ekki á skoðunum sínum, en meðfylgjandi myndasyrpa sýnir að hvergi er slegið slöku við.



Framkvæmdadeild Höfða er búin góðum tækjum, þar á meðal þessum vörubíl sem er ómissandi við gatnagerð.



Hér sést hvernig malbikið lekur út úr malbikunarvélinni og valtari kemur í kjölfarið og jafnar úr því.



## Björn Vigfússon, 46 ára

Björn Vigfússon hefur unnið við malbikun í 25 ár. Spurður um hvort honum líki svona vel í starfi miðað við árafjölda segist hann tolla í vinnunni og hlær við. „Ég hef nú gaman af þessu í alvöru talað og hérna kynnist maður alltaf nýju fólki. Þetta er mikil vinna og ekki alltaf útséð hvenær vinnudegi lýkur. Mikið fer eftir veðri enda vinn ég á tjörubílnum, sem sprautar líminu á götuna. Á veturna er ég á saltvöktum, en finnst skemmtilegra að vera úti að moka og djöflast með strákunum en að hanga inni í vörubíl.“



## Haraldur Guðbjartsson, 31 árs

„Ég hef unnið við vegagerð í níu sumur, en á veturna vinn ég við snjóruðning hjá borginni,“ segir Haraldur. Hann er ánægður með vinnuna og gefur vinnufélögum sínum góða einkunn. „Hér ríkir mikil samheldni, enda þurfa menn að standa saman sérstaklega þar sem það getur verið alveg brjálað að gera. Um þessar mundir erum við mestmegnis að vinna í Reykjavík, en förum vítt og breitt um landið sem gerir starfið nokkuð skemmtilegt. Einn helsti kosturinn við þetta er líka sá að geta verið úti, sérstaklega í góða veðrinu. Töluvert frelsi er fólgið í því.“



## Ómar Örn Sævarsson, 24 ára

Ómar hefur unnið í sjö sumur við vegagerð, en á veturna leggur hann stund á viðskiptafræði við Háskóla Íslands. „Þetta er góð tilbreyting frá náminu og heldur manni í formi,“ segir hann. „Svo er frábært að vera úti þegar vel viðrar. „Það er minna um vinnu í rigningu, en þá hleður maður batteríin. Í vikunni sem leið mætti ég til dæmis nokkrum sinnum klukkan fimm og vann fram að kvöldmat. Ég hleyp í allt sem til fellur, moka til að mynda til hliðar með malbikunarvélinni. Á heildina litið er þetta góð vinna, sem herðir mann upp og undirbýr fyrir lífið.“


VÉLAMENN ÓSKAST



ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Vélamenn

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða vélamenn til starfa. Um er að ræða stjórnun á jarðýtum og gröfum.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK

# Gæði selja sig sjálf

Á þeim tveimur árum sem Askja hefur selt Mercedes Benz Actros-vörubíla hefur sala á þeim margfaldast á markaði sem löngum hefur verið einokaður af Scania og Volvo. Albert Örn Eyþórsson komst að því að það er engin tilviljun.



Bíll sá er Fréttablaðið hafði til skoðunar var Actros 4146. Pallur og hús eru samlit og pallurinn smíðaður úr sérstyrktum efnum og er botn pallsins 8 mm þykkur. Blaðamaður Fréttablaðsins hafði á tilfinningunni að engin þörf væri á meiraprófi enda með eindæmum auðvelt að aka bílnum.

REYNSLUAKSTUR

Það er nokk sama hvaða mælikvarði er notaður en víst er að íslenskir vörubílstjórar kunna vel að meta Actros-línuna frá Mercedes Benz. Hartnær tvö ár eru síðan Askja, systurfélag Heklu, hóf sölu á bílunum og jókst sala þeirra um 200 prósent fyrsta árið. Sala þeirra það sem af er þessu ári er jafngóð og ljóst að hinn þýski stimpill frá Mercedes, góð þjónusta, hefur komið Actros fyrir alvöru inn á radar vörubílstjóra í landinu, auk þess sem kaupendur geta haft talsverð áhrif á útlit og búnað bílanna.

GÓÐAR VIÐTÖKUR

Markaðurinn fyrir vörubíla er ekki stór á Íslandi en fullyrða má að samkeppni er þar hörð. Mest seldu bílarnir hafa löngum verið hinir norrænu frá Scania og Volvo auk þess sem MAN, DAF og Iveco seljast vel. Nýr og skæður keppninautur eru Actros-bílarnir frá Mercedes en sala á þeim hefur gengið afar vel að sögn Páls Halldórs Halldórssonar, sölustjóra atvinnutækja hjá Öskju. Seldust yfir 120 stykki atvinnubíla á síðasta ári og þegar eru seldir yfir 60 það sem af er þessu ári. Er Actros þar með fjórði mest seldi vörubíllinn í landinu sem er góður árangur á stuttum tíma.

LEGO FYRIR FULLORÐNA

Vörubíll sá er Fréttablaðið kynnti sér er af gerðinni Actros 4146 með sérstyrktum palli frá Meiller. Tölurnar segja til um tonnafjölda og hestöfl; þ.e. að bíllinn vegur 41 tonn og er 460 hestöfl. Áhugasamir kaupendur hafa mikið svigrúm þegar kemur að útliti bílanna og afar auðvelt er að breyta til eða bæta við eftir þörfum. Askja á þrjá slíka bíla á lager eins og sakir standa en að öllu jöfnu er afgreiðslutími vörubíla um þrír mánuðir frá kaupum.



Ökumaður ræður sjálfur hvort hann notar fullkomna sjálfskiptinguna eða skiptir yfir í beinskiptingu. Allt annað má heita að sé rafstýrt og innan seilingar og segja má að helsta áhyggjuefni ökumanna slíkra bíla hljóti að vera að halda sér vakandi á löngum keyrslum.

Umræddur bíll er sjálfskiptur og fullkomin minnistölva geymir upplýsingar um aksturslag hvers og eins ökumanns og má því segja að bíllinn lagi sig að ökumanni. Allur annar búnaður er fyrsta flokks og farþegarými rúmgott mjög. Umrædd útgáfa var með svokallaðan hvíldarbekk fyrir aftan sætin en aðrar útgáfur eru í boði óski menn þess.

SVIPAÐ VERÐ OG SAMKEPPNISAÐILAR

Þessi Actros 4146 kostar rúmlega ellefu milljónir króna fyrir utan virðisaukaskatt en hægt er að kaupa slíka bíla fyrir lægri upphæðir. Verð fer að miklu leyti eftir óskum viðskiptavinarins um aukabúnað og fullyrðir sölustjórinn að hægt sé með auðveldum hætti að koma til móts við alla. Actros er þannig á svipuðu verði og helstu samkeppnisaðilar eins og Scania og Volvo enda gæðin svipuð ef ekki meiri.

*albert@frettabladid.is*




RIVERCLACK 55
Fallegustu húsin
Þakklæðning sem getur ekki lekið !
Ný framtíð engir naglar frábær arkitektur
10 ára verksmiðjuábyrgð
Umboðsaðili á Íslandi
Nova Iceland ehf
Hamraborg 7
Hamraborg 7
Sími 5172328
GSM 6931328
freysij@internet.is
nova@internet.is
Stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4068

## Transporter gengur í öll verk

Nýttu þér fjölhæfni Volkswagen Transporter. Frábærlega hannaður bíll sem nýtist við ólíkustu verkefni. Aksturseiginleikar, öryggi og ending eins og reynslan hefur kennt okkur að ætlast til af Volkswagen.

**Komdu og kynntu þér hvers vegna Volkswagen Transporter hefur verið vinsælasti vinnubíllinn á Íslandi undanfarin ár.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**Til sölu fiskbúðin Fiskbær í Reykjanesbæ.**

Upplýsingar gefur Elías í síma 896-4744.




Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Þorskeldi AGVA ehf. í Hvalfirði og Stakksfirði.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **27. júlí 2006.**

**Skipulagsstofnun**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Skólavörðustíg 13
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali

**Opið hús milli kl. 18 og 19 í dag**

**Rauðagerði 14 - Rúmgóð og laus strax**




Mjög rúmgóð 100,8 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Geymsla og þvottahús innan íbúðar. Eignin skiptist í flísalagða forstofu, þvottahús, geymslu m/hillum, fallegt flísalagt baðherb., rúmgott barnaherb. m/skápum, rúmgóða og bjarta stofu, eldhús m/borðkrók og hjónaherb m/gönguhurð út á sólpall. Íbúðin er í fallegu þríbýlishúsi. Frábær eign fyrir þá sem vilja vera sér !
**Verð 21,5 millj.**

Inga Dóra, sölumaður tekur vel á móti gestum í dag milli kl. 18 og 19.

**Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag**

**Skeiðarvogur 25 – Sérhæð m/bílskúr**




Falleg 162,7 fm sérhæð m/bílskúr á þessum vinsæla stað í vogunum. Íbúðin er á 2 hæðum. Á neðri hæð er forstofa, snyrting, eldhús, búr, borðstofa, stofa, svalir og símahol. Á efri hæð er baðherb. m/sturtu, þvottahús og 3 rúmgóð herbergi með skápum. Eikarparket á gólfum. Fallegur garður fylgir eigninni. Bílskúr er næst húsinu. Stutt í Vogaskóla, Menntaskólann v/Sund, Laugardalinn og alla þjónustu.
**Verð 33,4 millj.**

Bergþóra tekur vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19.

**HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI**




Frum

## ÓLAFSGEISLI 101 - 113 RVK.

Stórglæsilegt einbýli á 2 hæðum, m/ innb. bílskúr, samtals 232,6 fm. Óskráð/ósamþ. ca 35-40 fm rými. Jura-marmari, parket og flísar á gólfum. Sérlega vandaðar innréttingar. Innbyggð uppþvottavél, ísskápur og frystiskápur í eldhússinnréttingu. Garður m/pöllum og potti. Arkitekt eignarinnar er Vífill Magnússon. Virkilega vönduð og falleg eign á góðum stað.

***Anna Lilja, sölufulltrúi Akkurat verður á staðnum og býður þig og þína velkomna. Sími 899 0708.***




Akkurat
**FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
*Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali*

HÚSEIGN
*Fasteignamiðlun*



*Guðmundur St. Ragnarsson Löggiltur fasteignasali*

## Brekkusel 2 – Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUDAG, MILLI KL. 17:30 TIL 18:30**



**Fallegt 272 fermetra raðhús við Brekkusel í Reykjavík. Húsið er á þremur hæðum, hægt er að gera sér íbúð á neðstu hæðinni.**
**Tilboð óskast í eignina.**
**Allar frekari upplýsingar gefur:**
**Skúli Þór Sveinsson**



*Skúli Þór Sveinsson sölumaður*

*Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109*

Það er gott að búa á austurlandi



# Kaupvangur, Egilsstaðir.

**TIL SÖLU & LEIGU**





## 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

**FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.**

**2 herb. verð frá KR. 12.850.000*** TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

**3 herb. verð frá KR. 16.450.000*** TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)





ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS — **567 3400**

FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. — **580 7905**

domus — **545 0555**

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# SJÓNARHORN



„Armur minn nær langt og víða“ gæti þessi ágæti gluggaþvottamaður hugsað meðan hann teygir kústinn upp í hæstu hæðir á Bergþórugötunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# HVUNNDAGURINN



Erlu finnst hugmyndavinna, sköpun og starfsfólkið það besta við vinnuna sína.

## *Leiðinlegt að fá ritstíflu*

„Ég vakna klukkan sjö á morgnana en ligg upp í rúmi í fimm mínútur á hverjum morgni og óska þess að ég geti sofið lengur,“ segir Erla Hjördís Gunnarsdóttir, fjölmiðlafræðingur og ritstjóri innblaða hjá Íslenskum almannatengslum.

„Ég vinn frá átta til fjögur á hverjum degi og felst starfið mitt í almannatengslum, skipulagi viðburða, ráðgjöf og þjónustu á sviði markaðs- og upplýsingamála og viðtölum,“ segir Erla en það tekur önnur vinna við henni þegar heim er komið. „Þá dúllast ég með dóttur minni og stundum forum við út á róló eða í sund. Síðan liggja þrifin og þvottarnir alltaf yfir manni og háttatími ekki fyrr en um miðnætti.“

„Skemmtilegast við vinnuna mína er hugmyndavinna, sköpun og starfsfólkið en það getur verið mjög leiðinlegt þegar ritstíflurnar koma,“ segir Erla sem nýtur þess að vera í faðmi fjölskyldunnar og vera úti í náttúrunni í frístundum sínum.




## VISSIR ÞÚ...

...að lengsta orð á ensku sem eingöngu er myndað úr sérhljóðum er Euouae? Það er myndað úr sérhljóðum orðanna „seculorum amen“, þýðir um aldir alda, amen og er notað við helgihald.

...að útbreiddasti sjónvarpsþáttur veraldar er Baywatch, Strandverðir?

...að söluhæsta plata allra tíma er Thriller með Michael Jackson en frá árinu 1982 hafa verið seld 51 milljón eintök?

...að söluhæsti töframaður á heimsvísu er David Copperfield?

...að lengsta bíla- og lestarbrú í heimi er Seto-Otashi-brúin í Japan sem er 9,4 kílómetrar?

...að mesti hraði sem bolti í nokkurri íþróttagrein nær er 302 kílómetrar á klukkustund í basknesku íþróttinni jai-alai?

...að Phil Taylor frá Bretlandi hefur unnið flesta heimsmeistaratitla í pílukasti eða alls tólf?

...að Paul Crake frá Ástralíu var fljótastur upp Empire State-bygginguna árið 2003? Hann hljóp upp 1.576 þrep byggingarinnar á 9 mínútum og 33 sekúndum.

...að sú fegrunarskurðaðgerð sem flestir láta hafa sig í er augnlokamótun?

...að hæsti sykurmolaturn í heimi var reistur af Anitu Cash frá Bretlandi en hann var 140,5 sentimetra hár?

...að lengsti fjallgarður í heimi eru Andesfjöllin í Suður-Ameríku en þau ná yfir alls 7.600 kílómetra og yfir sjö lönd?

...að stærsti flói í heimi er Mexíkóflói en flatarmál hans er 1.544.000 ferkílómetrar?

...að stærsta landspendýr í heiminum er fullorðinn, karlkyns Afríkufíll sem getur orðið 3 til 3,7 metrar upp á herðakamb?

...að hættulegasta sníkjudýrið er malaríusníkillinn af ættinni Plasmodium sem moskítóflugur af ættinni Anophelse bera með sér?

...að Stephanie Monyak frá Bandaríkjunum hefur gripið ellefu brúðarvendi í hjónavígslum sem hún hefur sótt síðan árið 1983?

...að stærsta bókasafn í heimi er bókasafn Bandaríkjaþings í Washington D.C. í Bandaríkjunum en þar eru yfir 128 milljónir muna? Safnkosturinn nær yfir 853 hillukílómetra.

# Halldór Finnur Jón

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNAR-FLOKKURINN



JÓN GUNNARSSON
ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Aldrei skal ganga út frá því að maður hafi séð allt í pólitík og enn og aftur virðist Framsókn hafa sérstakt lag á því að koma öllum á óvart með ótrúlegum uppákomum. Halldór Ásgrímsson ákveður að stíga af hinni pólitísku lest og ekkert í sjálfu sér um það að segja og skiljanlegt á margan hátt að maðurinn sé búinn að fá sig fullsaddan af ástandinu inn á framsóknarheimilinu. Við sem störfum á þingi höfum lengi fundið fyrir því að væringar væru milli þingmanna innan þingflokks Framsóknar, en aldrei hvarflað að nokkrum manni að ástandið innan þingflokksins væri jafn slæmt og raun ber vitni. Ástandið hefur orðið öllum ljóst í atburðarás undanfarinna vikna þar sem þingmenn Framsóknarflokksins hafa vegið hver annan í fjölmiðlum og gert opinbert hversu traustið milli manna er lítið.

Það er í raun ótrúlegt að sjá hvernig hugmyndir Halldórs um að kalla Finn Ingólfsson til að taka við flokknum umbreytast á nokkrum dögum í að Jón Sigurðsson seðlabankastjóri geri það. Það virðist hafa verið útgangspunktur hjá Halldóri að enginn innan þingforystu Framsóknar gæti tekið við sem formaður og mat hans að kalla þyrfti í einhvern utan þingflokks til að leysa það verk af hendi. Orð Jóns Sigurðssonar um að menn yrðu að gera skyldu sína eru skiljanleg í því ljósi að Halldór virðist engan meta hæfan innan eigin þingflokks til forystu í flokknum.

Hverjir ráða í Framsóknarflokknum? Eru það örfáir einstaklingar sem telja sig hafa vald til þess að ákveða hvað sé best fyrir flokkinn og hinn almenna flokksmann, eða eru það flokksmenn sem ráða málum? Í ljósi þess farsa sem við höfum horft uppá í tengslum við brotthvarf Halldórs, þá hlýtur maður að álykta að fámenn klíka í flokknum telji sig þess umkomna að ráða fyrir hönd allra flokksmanna og sú klíka hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að það sé skylda Jóns Sigurðssonar að taka við flokknum ef marka má orð innan þingliðsins.

Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig framsóknarmenn velja næsta formann. Ekki munu þeir gera það í almennri atkvæðagreiðslu allra flokksmanna, eins og gert var í formannskjöri Samfylkingarinnar, svo mikið er víst. Slík kosning er of lýðræðisleg að mati þeirra sem ráða og gæti leitt til úrslita sem valdaklíkan sættir sig ekki við og slíkt leyfir hún ekki. Formannsvalið framundan verður prófsteinn á það hvort Framsóknarflokkurinn er alvöru stjórnmálaflokkur sem taka á alvarlega eða valdabandalag fárra einstaklinga sem fjarstýra höndum almennra flokksmanna í vali á formanni.

Mun farsinn þar sem Halldór finnur Jón ganga upp á endanum? Því hlýtur hinn almenni flokksmaður í Framsókn að ráða, að því gefnu að þeir vilji að flokkurinn sé tekinn alvarlega.

**AF NETINU**

### Trú og stríð

Nú er sennilega ekki ástæða til að efast um að þessir hryðjuverkamenn hafi verið ákafir í trú sinni, en jafnvel þó svo sé þá er fráleitt að leiða af því þá niðurstöðu að trúarbrögð séu hættuleg og ættu að hverfa úr mannlífinu. Trú, skoðanir, metnaður, ást, langanir -Trú - allt getur þetta orðið til þess að þess að maður fremur óhæfuverk. En það er ekki þar með sagt að þessi hugtök sem slík séu slæm eða að ástæða sé til að ferðast land úr landi til að uppræta það. Þó einhver maður fremji einhvers konar ástríðuglæp þá verður það ekki ástæða til þess að menn reyni að útrýma ástartilfinningum fólks úr heiminum.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Ég hef einfaldan smekk

Blaðið segir frá því í dramatískum stíl í dag, að ég hafi krafist þess að fá skrifstofu í Ráðhúsinu og telur síðan upp fjölda starfsmanna sem hafi orðið að rýma skrifstofur sínar fyrir hinn mikla höfðingja. Hnyttilega skrifað að mörgu leyti, en eini gallinn er sá að allt er þetta uppspuni frá rótum. [...] Skrifstofan sem ég fæ er á 2. hæð Ráðhússins, þar sem áður var lítið en snoturt fundaherbergi. Það er því lítið til í þeirri fullyrðingu að embættismenn í fleirtölu hafi þurft að rýma til fyrir mér og raunar var það svo, að þegar kom að því að finna húsgögn í skrifstofuna óskaði ég eftir því að kannað yrði hvað væri til að notuðum húsgögnum.

**Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is**

### Ódýrt á Íslandi

Í gær hélt ég að ég hefði endanlega misst vitið. Atvikið varð í eldhúsi mínu í Reykjavík og ég var að hlusta á sexfréttir Ríkisútvarpsins meðan ég sinnti eldamennsku eins og góðri húsmóður sæmir. Þá kom frétt um Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Fréttin snerist um að þessi stofnun gerði nú mun fleiri fegrunaraðgerðir en áður. Síðan var rætt við lækni á stofnuninni sem var kampakátur með þessa þróun og taldi verst að ekki mætti auglýsa þjónustuna í útlöndum þar sem hér á landi væri mun ódýrara að fara í lærapokaaðgerð en t.d. í Bretlandi. Markaðssetja mætti aðgerðirnar með annarri ferðamennsku. Fram kom í fréttinni að meðal aðgerða sem hægt væri að velja úr í þessum súpermarkaði heilbrigðisins væru augnpokaaðgerðir, brjóstastækkanir, svuntuaðgerðir (sem ku vera einhvers konar strekkingar) og skapabarmaaðgerðir.

**Katrín Jakobsdóttir á murinn.is**

### Vonbrigði

Það verður að segjast eins og er að enska liðið hefur valdið nokkrum vonbrigðum. Spilamennska liðsins hefur þótt litlaus og frekar hæg. Þessi staðreynd hefur virkað sem vatn á myllu þeirra fjölmörgu sem hafa gagnrýnt þann landsliðshóp sem Sven Göran-Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, valdi til þátttöku í mótinu. Hinsvegar verður það ekki tekið af Eriksson að liðið endaði efst í sínum riðli með 7 stig af 9 mögulegum. Enski leikmannahópurinn er vafalaust einn sá sterkasti í keppninni og er liðið því ávallt líklegt til sigurs. Ef landsliðið ætlar sér hinsvegar að standa undir væntingum enska almúgans, sem fer fram á ekkert minna en sigur í mótinu, er ljóst að spilamennska liðsins verður að taka nokkrum framförum.

**Hannes Rúnar Hannesson á deiglan.com**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



NIVEA SUN
Eucerin
Sensitive Skin
VICHY LABORATOIRES
HAWAIIAN Tropic
PIZ BUIN
20% afsláttur af allri sólarvörn í júní
GILDIR EINNIG UM SÓLARVÖRUR Í MERKJASNYRTIVÖRUM
LANCÔME, HELENA RUBINSTEIN, CLINIQUE, BIOTHERM, GUERLAIN, ESTÉE LAUDER
Gildir í Lyf & heilsu út júnímánuð 2006
Lyf & heilsa
Við hlustum!

# Spennandi vetrarævintýri

**Vetrarbæklingurinn 2007 er kominn út**




## - á betra verði og aldrei fjölbreyttari

- **Kúbuveisla** - í allan vetur
- **Fuerteventura** - í allan vetur
- **Kanaríeyjar** - í allan vetur
- **Skíðaveisla í Austurríki**
- **Glæsilegar skemmtisiglingar**
- **Fegurstu borgirnar** – haust og vor

**Upplifðu ævintýrin með Heimsferðum í vetur!**



## Fegurstu borgirnar
Frá kr. 19.990



## Glæsisiglingar
Frá kr. 229.900

Frá aðeins
**37.895 kr.***
* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 30. jan., á Oasis Royal íbúðahótelinu ***. Netverð á mann.

**Beint morgunflug**



# Fuerteventura

## - Kanaríeyjan sem sló í gegn hjá Íslendingum í sumar

Fuerteventura býður fegurstu strendur heims, einstakt loftslag og frábæran aðbúnað fyrir ferðamanninn. Glæsilegir gististaðir Heimsferða á Fuerteventura tryggja þér og þínum frábært sumar í fríinu þínu í vetur á hreint ótrúlega góðu verði.



**Kr. 59.890**
**- allt innifalið**
Gisting í tvíbýli í viku á Jandia Mar hótelinu **** með allt innifalið. 30. janúar. Netverð á mann.

**Kr. 44.295**
**– fyrir stórar fjölskyldur**
3 fullorðnir og 3 börn, 2-11 ára, í Oasis Papagayo lúxuxhýsi með 3 svefnherbergjum í viku 30. janúar. Netverð á mann.

**Kr. 83.990**
Gisting í tvíbýli, vikuferð 30. jan., á Sheraton Beach & Golf Resort ***** með morgunverði. Netverð á mann.

www.heimsferdir.is    Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000

**10.000 kr. afsláttur**

**Fyrstu 500 sætin.**

Takmarkað sætaframboð með afslætti á hverri dasetningu

**Vikulegt leiguflug**





**Frá kr. 49.190**

Flugsæti með sköttum, 7. eða 14. janúar

**Vikuferð frá kr. 69.090**

Flug og gisting

# Kúbuveisla

## Vikulega til Kúbu í allan vetur

Heimsferðir bjóða nú í fyrsta sinn á Íslandi vikulegt leiguflug til Kúbu í allan vetur. Nú getur þú valið um einnar eða tveggja vikna dvöl og skipt dvölinni á milli hinnar einstöku Havana og Varadero, einnar fegurstu baðstrandar Karíbahafsins. Einnig er í boði spennandi hringferð um Kúbu með íslenskum fararstjóra Heimsferða. Þetta er tækifæri sem ekki má láta framhjá sér fara.



**Val um 1 eða 2 vikur**

**Beint morgunflug**



**Kr. 29.795**

* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 3. eða 10. janúar, á Club Maspalomas II. Netverð á mann.

# Kanarí

## aldrei vinsælli

Heimsferðir hafa enn og aftur lækkað verðið til Kanaríeyja fyrir íslenska ferðalanga og aldrei hafa jafn margir bókað ferð með okkur til þessa vinsæla áfangastaðar. Kynntu þér lægsta verðið og bestu hótelin.



**- allt að 26% verðlækkun frá því í fyrra***

**Kr. 48.490**
**- hálft fæði**

Gisting í tvíbýli á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 3. eða 10 janúar. Netverð á mann.

**Kr. 55.890**
**- hálft fæði**

Gisting í tvíbýli í viku á Hotel Eugenia Victoria með hálfu fæði, 3. eða 10. janúar. Netverð á mann.

**Kr. 79.990**
**- glæsileg 5* gisting**

Gisting í tvíbýli, vikuferð 3. eða 10 janúar, á Hotel Dunas La Canaria ***** með morgunverði. Netverð á mann.

**Frá kr. 29.990**

Flugsæti með sköttum. Fargjald A.

**Beint morgunflug til Salzburg**

**6. jan.** – 12 dagar
**18. jan.** – 9 dagar
**27. jan.** – vika
**3. feb.** – vika
**10. feb.** – vika
**17. feb.** – vika
**24. feb.** – vika



# Skíðaveisla

## í Austurríki - Flachau - Zell am See

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburg, skammt frá bestu skíðalöndum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins og fjórða árið í röð bjóðum við einnig sívinsælar skíðaferðir til Zell am See. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á bestu kjörum sem bjóðast.

**Kr. 67.990**
**vikuferð 27. jan.**

Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á gististað „án nafns“ við Zell am See, 27. jan., vikuferð með morgunmat.

**Heimsferðir**

* Dæmi: Verðmunur milli ára á vikuferð í febrúar m.v. gistingu í tvíbýli á Roque Nublo (að teknu tilliti til gengisbreytinga júní 2005- júní 2006).

**Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099 • Hafnarfjörður • Sími 510 9500 • www.heimsferdir.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.566 **+0,04%** **Fjöldi viðskipta:** 241 **Velta:** 4. milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +6,54% | **Össur** | -1,82% |
| **Mosaic** | +3,19% | **Atlantic Petroleum** | -1,42% |
| **Atorka** | +2,48% | **Icelandic** | -1,19% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,50 +0,79% ... Alfesca 3,91 +6,54%... Atorka 6,20 +2,48% ... Bakkavör 44,50 -0,67% ... Dagsbrún 5,78 +0,00% ... FL Group 17,60 -1,12% ... Flaga 3,80 -0,52% ... Glitnir 17,70 +0,00% ... KB banki 746,00 -0,27% ... Landsbankinn 21,20 +1,44% ... Marel 70,70 +0,86% ... Mosaic Fashions 16,20 +3,19% ... Straumur-Burðarás 18,70 -1,06% ... Össur 108,00 -1,82%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Bjarna í formanninn**
Kenningasmiðir á spjallsíðunni Málefnin hafa sett fram þá tilgátu að Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, verði næsti formaður Framsóknarflokksins og muni leiða flokkinn til fyrirheitna landsins. Telja þeir að Bjarni hafi verið helgrænn frammari frá því að Finnur Ingólfsson og Þorsteinn Ólafsson gerðu hann að forstjóra FBA árið 1997 og nú liggi beinast við að fara í stjórnmálin eftir að hafa komist klakklaust í gegnum margan slaginn í viðskiptalífinu. Samkvæmt sömu frásögnum mun jafnvel framsóknarblóð hafa runnið í æðum Bjarna er hann starfaði fyrir Vöku á háskólaárunum en hingað til hafa félagsmenn Vöku verið taldir hallir undir Sjálfstæðisflokkinn. Sá sem tæki við sprota Bjarna hjá Glitni væri enginn annar en Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss.



**Kalt brennivín**
Það á ekki af Baugsmönnum að ganga þessa dagana en allar hreyfingar á breska hlutabréfamarkaðnum eru túlkaðar sem svo að Baugur komi þar við sögu. Síðast var fyrirtækið bendlað við Morrison og oft er fullyrt að Baugur hafi augastað á Woolworths-verslunarkeðjunni. Baugur hefur neitað því að hafa átt hlutdeild í miklum viðskiptum sem urðu með bréf í Morrison í þarsíðustu viku. Orðuðu breskir fjölmiðlar það svo að Baugsmenn hefðu kæft orðróminn í fæðingu með því að hella köldu brennivíni yfir hann.

## MARKAÐSPUNKTAR

Verð á áli hefur lækkað um 23 prósent frá því það náði hámarki um miðjan maí. Tonn af áli kostaði 242.000 krónur fyrir rúmum mánuði en stendur nú í 186.000 krónum. Greiningardeild Glitnis segir álverð engu að síður hátt miðað við verðþróun undanfarinna ára.

Greiðslukortavelta í maí nam 58,3 milljörðum króna og hefur aukist um 12,6 prósent frá fyrri mánuði að raunvirði. Greiningardeild KB banka segir aukninguna mega rekja til vaxtar í innlendri veltu.

Útlit er fyrir 0,6 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs á milli júní og júlí, að sögn greiningardeildar Glitnis. Gangi spáin eftir mun verðbólgan mælast 8,6 prósent sem er fjarri 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans.

# Keops kaupir 37 skrifstofubyggingar

Danska fasteignafélagið Keops, sem er að stórum hluta í eigu Baugs, hefur skrifað undir samkomulag um kaup á 37 skrifstofubyggingum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð fyrir 1,5 milljarða danskra króna eða nítján milljarða króna.

Alls eru þetta 151 þúsund fermetrar að flatarmáli á besta stað miðsvæðis í nokkrum borgum í löndunum þremur.

Markmiðið með fjárfestingunni er að miðla þessum fasteignum áfram til vel stæðra viðskiptavina Keops og verður því verkefni lokið á yfirstandandi reikningsári. Seljandi er European Property og eru kaupin háð fjármögnun.

Nordea er stærsti leigjandi að þessum skrifstofum en 68 prósent leigutekna koma þaðan.

**- eþa**



**KEOPS KAUPIR 37 SKRIFSTOFUBYGGINGAR** Kaupverð nemur nítján milljörðum króna.

# Dalurinn styrkist

Bandaríkjadalur hefur verið að styrkjast gagnvart evru og jeni að undanförnu en búist er við að stýrivextir bandaríska seðlabankans hækki um fjórðung úr prósentustigi, í 5,25 prósent í þessari viku. Það yrði sautjánda vaxtahækkunin frá því að vaxtahækkunarferlið hófst á árinu 2004.

Sérfræðingar spá því að vextir verði jafnvel hækkaðir enn frekar til að draga úr verðbólguþrýstingi. Væntingar um hækkun vaxta hafa leitt til lækkunar hlutabréfaverðs en S&P 500-vísitalan lækkaði í síðustu viku þriðju vikuna í röð. Vísitalan hefur lækkað um sex prósent frá því að hún náði fimm ára hámarki þann 5. maí.

**- eþa**

# Hlakkar til að vinna að frekari prófunum á lyfinu

**Íslensk erfðagreining er langt komin með að þróa lyf við astma upp úr lyfi sem upphaflega var ætlað að fást við Parkinson-sjúkdóm. Í gær voru kynntar niðurstöður rannsóknar sem fram fór hér á landi meðal 160 sjúklinga.**



**KÁRI STEFÁNSSON** Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar segir að jákvæðar niðurstöður prófana sem hér fóru fram á tilraunalyfinu CEP-1347 hafi verið kynntar fyrir samstarfsaðila fyrirtækisins í lok síðustu viku og við taki frekari prófanir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Tilraunalyfið CEP-1347 hefur jákvæð áhrif á ýmsa þætti lungnastarfsemi og á bólguþátt sem tengist astma án alvarlegra aukaverkana. Þetta kemur fram í kynningu Íslenskrar erfðagreiningar á helstu niðurstöðum úr fyrstu prófunum fyrirtækisins á lyfinu, en upplýst var um niðurstöðurnar í gær.

Lyfið var upphaflega þróað af alþjóðlega lyfjafyrirtækinu Cephalon við Parkinson-sjúkdómi og tóku yfir þúsund manns þátt í prófunum Cephalon á lyfinu við þeim sjúkdómi. „Niðurstöður erfðarannsókna Íslenskrar erfðagreiningar hafa hins vegar sýnt að bólguferlið sem lyfið hefur áhrif á gegnir mikilvægu hlutverki í astma. Því hófu fyrirtækin samstarf um frekari þróun á lyfinu við astma,“ segir í tilkynningu Íslenskrar erfðagreiningar, en prófanir meðal íslenskra astmasjúklinga hófust í maí í fyrra.

Þar var um að ræða tvíblinda rannsókn með þátttöku 160 sjúklinga, en þeim var skipt í fjóra jafnstóra hópa þar sem þrír fengu misstóra skammta af lyfinu og sá fjórði lyfleysu til viðmiðunar. Hvorki þátttakendur né stjórnendur rannsóknanna vissu fyrirfram hvaða meðferðarflokki hver þátttakandi tilheyrði.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir útlit fyrir að erfðafræðirannsóknir fyrirtækisins á astma hafi leitt það að mikilvægu lífefnaferli í sjúkdómnum og að lyfið, sem upphaflega var þróað við allt öðrum sjúkdómi, hafi þau áhrif sem vonast hafi verið til á það ferli. „Afskaplega spennandi er að vera komin þetta langt í að þróa lyf við jafn algengum sjúkdómi og astma. Við kynntum niðurstöðurnar fyrir samstarfsaðila okkar í lok síðustu viku og við hlökkum til að ræða við þá um hvernig við getum notað þessar jákvæðu niðurstöður við frekari prófanir,“ segir hann og bætir við að á síðustu árum hafi fyrirtækið náð góðu forskoti í erfðarannsóknum á algengum sjúkdómum. „Markmiðið hefur verið að nota niðurstöður þeirra til að þróa ný lyf. Sú vinna hefur gengið afskaplega vel undanfarið og ég held að fá fyrirtæki séu að fást við jafn spennandi verkefni í lyfjaþróun. Mjög ánægjulegt er að geta núna í annað sinn kynnt jákvæðar niðurstöður úr prófunum á sjúklingum á lyfi sem við erum að þróa á grundvelli erfðarannsókna.“

**olikr@frettabladid.is**


Sumartilboð!

15% - 50% afsláttur!

Ný komin sending af skinnmottum

Verð áður: 98.800 / Verð nú: 78.800

Einnig fjölbreytt úrval af öðrum mottum







Verið velkomin!

opið: virka daga 10-18, laugardaga 11-16

heima

húsgagnaverslun

suðurlandsbraut 48 - 108 reykjavík - 568 4242

Grafíska smiðjan ehf. 06.06


# Olíufélagið græddi 883 milljónir í fyrra

Olíufélagið ehf. (ESSO) græddi rúmlega 883 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaður um 31,4 prósent á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var rúmir 1,8 milljarðar króna og stóð nánast í stað.

Heildareignir samstæðunnar námu 11,6 milljörðum króna í árslok og eigið fé var um 3,7 milljarðar, þannig að eiginfjárhlutfall var rétt undir 32 prósentum.

Í árslok átti Ker yfir níutíu prósent hlutafjár í Olíufélaginu en Olíufélagið skipti um eigendur snemma á árinu þegar fjárfestar undir forystu Benedikts og Einars Sveinssona keyptu allt hlutaféð. Nam kaupverðið um sautján til átján milljörðum króna eftir því sem næst verður komist.

Félagið hefur nú gefið út skuldabréf fyrir 3,5 milljarða króna að nafnvirði sem bera 6,5 prósent raunvexti. Upphæðin verður notuð til að endurfjármagna eldri skuldir félagsins. Glitnir er umsjónaraðili útboðsins.

**- eþa**



**OLÍUFÉLAGIÐ JÓK HAGNAÐ SINN Í FYRRA** Hagnaður jókst úr 672 milljónum í 883.

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 4 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna

## Aðeins 51 bíll í 4 daga

## Komdu strax

**Opið frá kl. 9-18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




Peugeot 306 1,6 beinsk. skrd. 03/2000. ek: 100.000 km.
~~Verð 590.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
11.554 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. RE-608.




Mazda 323F 1,5 beinsk. skrd. 04/1999 ek: 168.000 km.
~~Verð 550.000 kr.~~ Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.
11.963 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PY-876.




Renault Megane Scenic 1,6 beinsk. skrd. 03/2000 ek: 116.000 km.
~~Verð 850.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
14.125 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NF-048.




Renault Megane Scenic 1,6 beinsk. skrd. 08/1999 ek: 116.000 km.
~~Verð 740.000 kr.~~ Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
14.962 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. LX-786.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




Ford Mondeo 1,6 beinsk. skrd 05/1998, ek: 171.000 km.
~~Verð 450.000 kr.~~ Tilboðsverð 350.000 kr. Útborgun 35.000 kr.
15.555 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. RT-145.




Opel Vectra 1,6 beinsk. skrd. 04/1999. ek: 111.000 km.
~~Verð 680.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
15.577 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. UV-675.




Ford Focus Trend 1,6 sjálfsk. skrd. 01/2004 ek: 49.000 km.
Verð ~~1.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.350.000 kr. Útborgun 135.000 kr.
18.724 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MN-503.




Honda HR-V 1,6 beinsk. 4x4. skrd 05/1999. ek: 94.000 km.
~~Verð 730.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
19.042 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. AF-663.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




Subaru Legacy 2,0 sjálfsk. skrd. 05/1998 ek: 144.000 km.
~~Verð 750.000 kr.~~ Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
21.289 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. ZM-262.




Suzuki Vitara 1,6 beinsk. skrd. 12/1998 ek: 122.000 km.
~~Verð 690.000 kr.~~ Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
21.342 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. YU-428.




Citroen Xsara Picasso 2,0 sjálfsk. skrd. 02/2004. ek: 36.000 km.
~~Verð 1.720.000~~ kr. Tilboðsverð 1.570.000 kr. Útborgun 157.000 kr.
21.777 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RS-292.




Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2003 ek: 50.000 km.
Verð ~~1.750.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.550.000 kr. Útborgun 155.000 kr.
24.281 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. MV-994.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði




Volvo S40 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2004. ek: 39.000 km.
Verð ~~2.200.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
27.602 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TJ-082.




Toyota Corolla 1,3 sjálfsk. skrd. 04/1997 ek: 153.000 km.
~~Verð 470.000 kr.~~ Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.
32.727 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 12 mánuði. VG-171.




Suzuki Grand Vitara 2,5 beinsk. skrd. 07/1998 ek: 133.000 km.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 79.000 kr.
33.702 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. VB-202.




Ford Explorer Limited 4,6 sjálfsk. skrd. 04/2004 ek: 42.000 km.
~~Verð 3.890.000~~ kr. Tilboðsverð 3.390.000 kr. Útborgun 339.000 kr.
47.021 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NH-551.

**Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.**
**Fislétt kaup. Aðeins í 4 daga.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Engilbert Hannesson**

fyrrverandi bóndi á Bakka í Ölfusi,

sem lést 20. júní á Landspítala við Hringbraut verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 29.júní, kl 15.00.

**Jóhanna Engilbertsdóttir** **Páll Jóhannsson**
**Valgerður Engilbertsdóttir** **Garðar Guðmundsson**
**Svava Engilbertsdóttir** **Gunnlaugur Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær dóttir okkar, sambýliskona, systir, mágkona og frænka,*

**Guðrún Gísladóttir**

Arnarhrauni 11, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 28. júní kl 15.00.

**Gísli Sumarliðason** **Guðrún M. Jónasdóttir**
**Einar B. Pétursson**
**Sigrún Erla Gísladóttir** **Þorvaldur Svavarsson**
**Jón Ari Gíslason**
**Arnar Gíslason** **Björk Arnbjörnsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Guðrún Sigríður Wormsdóttir**

frá Eiríksbúð, Arnarstapa,

lést laugardaginn 24. júní á Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Gullý Bára Kristbjörnsdóttir** **Ágúst Geir Korneliusson**
**Sigurborg Jenný Kristbjörnsdóttir**
**Kristín Hulda Kristbjörnsdóttir** **Sveinn Sigurjónsson**
**Anna Björg Kristbjörnsdóttir** **Ómar Árni Kristjánsson**



*Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Guðmundsdóttir**

*Álftamýri 6, Reykjavík*

sem lést þriðjudaginn 20. júní sl. á líknardeild Landakotsspítala verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Krabbameinsfélagið.

**Svava Haraldsdóttir** **Guðmundur Jens Þorvarðarson**
**Guðmundur Haraldsson** **Rakel Kristjánsdóttir**
**Erna Haraldsdóttir** **Karl Þórðarson**
**Bjarni Óli Haraldsson** **Árný Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Móðir mín*

**Valgerður Jónsdóttir**

andaðist 22. júní sl.
F.h. ættingja,

**Hákon Tryggvason**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**JOHN ENTWISTLE (1944-2002), LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég hef aldrei heyrt neinn spila eins og ég geri með hljómsveitinni minni og ég er ánægður með það.“*



***Enski bassaleikarinn John Entwistle gerði garðinn frægan með hljómsveitinni The Who.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Konráð Guðmundsson**

andaðist að heimili sínu 22. júní. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðmundur Konráðsson**
**Fjóla Jósepsdóttir**
**Bjartmar Guðmundsson**
**Hafþór Guðmundsson**
**afi, amma, ættingjar og vinir hins látna.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Sigurbjörnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 20. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. júní kl. 13.00.

**Þorvarður Guðmundsson**
**Anna Sigurbjörg Þorvarðsdóttir** **Valur Þórarinsson**
**Guðmundur Jens Þorvarðarson** **Svava Haraldsdóttir**
**Stefán Ragnar Þorvarðarson**
**Aðalbjörg Þorvarðardóttir** **Tryggvi Aðalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*stkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Sigurðsson**

Brautarhóli, Svalbarðsströnd,

verður jarðsunginn fimmtudaginn 29. júní í Svalbarðsstrandarkirkju kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á aðstandendafélag hjúkrunarheimilinu Seli.

**Margrét Jóhannsdóttir**
**Jóhann Helgason**
**Sigríður Helgadóttir**
**Sigurlína Helgadóttir**
**Hrefna Helgadóttir**
**Reimar Helgason**
**tengdabörn, afa- og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Jónína Jónsdóttir**

lést þriðjudaginn 21. júní sl. á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju miðvikudaginn 28. júní nk. kl. 14.00.

**Guðmundur R. Jóhannsson** **Guðrún R. Valtýsdóttir**
**Marinó Jóhannsson** **Guðrún Hupfeldt**
**Hrafnhildur Jóhannsdóttir** **Jón Pálmi Þórðarson**
**Gunnar Jóhannsson**
**Rakel Jóhannsdóttir** **Jónbjörn Bogason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## ÞETTA GERÐIST: 27. JÚNÍ 1979

# *Múhammeð Alí hættir*



Á þessum degi árið 1979 tilkynnti boxarinn Múhammeð Alí að hann ætlaði að draga sig í hlé frá íþróttinni. Hann hafði þá verið heimsmeistari í boxi og varið titil sinn alls nítján sinnum.

Á yngri árum sínum hét Múhammeð Alí Cassius Marcellus Clay yngri en hann tók sér Múhammeðsnafnið þegar hann gerðist múslimi. Hann komst í fréttirnar þegar hann neitaði að ganga í herinn þegar Víetnamstríðið stóð sem hæst. Vegna þess var hann dreginn fyrir rétt, heimsmeistaratitillinn tekinn af honum og hann settur í leikbann í þrjú og hálft ár. Múhammeð Alí vann þó titilinn aftur tvívegis eftir að hann mátti keppa á ný.

Árið 1979 tilkynnti Múhammeð Alí svo að hann myndi draga sig í hlé eftir tvo erfiða bardaga við Leon Spinks. Hann sneri þó aftur um stutta stund á árunum 1980 til 1981 með slæmum árangri.



SAMKYNHNEIGÐIR: NÝ LÖG Í GILDI Í DAG

# Stór tímamót

Í dag, á alþjóðlegum baráttudegi samkynhneigðra, taka gildi ný lög um réttindi homma og lesbía. Að sögn Hrafnhildar Gunnarsdóttir, formanns Samtakanna 78, leiðrétta lögin næstum allt lagalegt misrétti gagnvart samkynhneigðum og marka því stór tímamót í réttindabaráttu samkynhneigðra.

„Með frumvarpinu eru um fjörutíu lagagreinar leiðréttar. Þar ber hæst að samkynhneigðir mega skrá sig í sambúð og þurfum við þess vegna ekki lengur að staðfesta samvist til að geta nýtt skattkort og annað. Nú sitjum við líka við sama borð við frumættleiðingar og tæknifrjóvgun og önnur pör í landinu,“ segir Hrafnhildur. Hún leggur þó áherslu á að næstum öllu misrétti hafi verið eytt, því enn séu atriði sem verði að leiðrétta. „Ég tel aðallega tvö atriði sem enn eru eftir. Í fyrsta lagi er að leyfa vígslumönnum söfnuða að staðfesta samvist, því eins og stendur eru það bara embættismenn hjá sýslumanni sem staðfest samvist.“ Hrafnhildur myndi einnig vilja eyða orðalaginu um staðfesta samvist út úr lögunum og tala um hjónaband eins og hjá gagnkynhneigðum pörum. „Í okkar hópi talar fólk aldrei um að ganga í staðfesta samvist, fólk giftir sig, það er ekkert flóknara en svo.“

Baráttan krefst þolinmæði og Hrafnhildur er sannfærð um að það sem eftir er eigi eftir að breytast með tímanum. „Baráttan hefur staðið yfir í þjátíu ár sem er reyndar stuttur tími af því oft vissum við ekki nákvæmlega fyrir hverju við vorum að berjast. Síðasta lota hefur svo staðið síðan 1996 þegar lög tóku gildi sem leyfðu okkur að ganga í staðfesta samvist. Sú breyting



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, mágur, afi og langafi,*

**Leifur Sigurðsson,**

rennismíðameistari, Sogavegi 168, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum, laugardaginn 17. júní, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 29. júní kl. 13.00.

**Guðmundur Ingi Leifsson** **Elín Einarsdóttir**
**Sigurður Leifsson** **Margrét Árný Sigursteinsdóttir**
**Elías Halldór Leifsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Guðrún Kristófersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## MERKISATBURÐIR

1855 Gufuskip kemur til Íslands í fyrsta sinn. Þetta var danska skrúfuskipið Thor.

1871 Jenið verður opinber gjaldmiðill Japans.

1885 Öxar við ána, ljóð Steingríms Thorsteinssonar við lag Helga Helgasonar, var flutt í fyrsta skipti við upphaf Þingvallafundar.

1921 Rafstöðin við Elliðaár er vígð að dönsku konungshjónunum viðstöddum.

1940 Þjóðverjar byrja að nota Enigma dulkóðunarvélina.

1950 Truman Bandaríkjaforseti fyrirskipar að senda eigi hermenn til Kóreu.

1957 Sýnt er fram á bein orsakatengsl milli reykinga og lungnakrabbameins.

1990 Bob Dylan heldur tónleika í Laugardalshöll.

# Dorgveiðimót í Hafnarfirði



**HAFNARFJARÐARMEISTARI Í DORGVEIÐI** Árlegt dorgveiðimót verður haldið í Hafnarfirði í dag og eru öll börn á aldrinum sex til tólf ára hvött til að taka þátt.

Í dag standa leikjanámskeiðin í Hafnarfirði fyrir árlegu dorgveiðimóti við Flensborgarbryggju. Undanfarin sumur hefur Hafnarfjarðarbær staðið fyrir svipuðum mótum og voru þátttakendur í fyrra rúmlega þrjú hundruð.

Keppnin er opin öllum börnum á aldrinum sex til tólf ára. Þeir sem ekki eiga veiðarfæri geta fengið þau lánuð á keppnisstaðnum auk þess sem hægt verður að fá beitu og leiðbeiningar við veiðarnar. Veitt eru verðlaun fyrir stærsta fiskinn og þeim sem veiða flesta fiska. Styrktaraðili keppninnar er Veiðibúðin við lækinn sem gefur í verðlaun veiðarfæri og góð ráð.

Öflug gæsla verður á svæðinu af leiðbeinendum íþrótta- og leikjanámskeiða auk þess sem Siglingaklúbburinn Þytur verður með björgunarbát. Keppnin hefst um klukkan 13.30 og lýkur um klukkan fimmtán.



**HIMNAGANGA** Þessi skúlptúr eftir Jonathan Borofsky ber heitið „Gangandi til himna“ og er til sýnis í Nasher Sculpture Center í Dallas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR FORMAÐUR SAMTAKANNA 78** Í dag eru leiðréttar um fjörutíu lagagreinar og næstum öllu lagalegu misrétti gagnvart samkynhneigðum eytt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

var mjög mikilvæg og hefur gjörbreytt öllum aðstæðum homma og lesbía hér á landi þótt þá hafi verið ljóst að ýmislegt stóð út af borðinu.“

Hrafnhildur segir mikilvægt að horfa á lagalegt jafnrétti sem áfangasigur en ekki endanlegan sigur enda hafi reynslan sýnt að enn sé mikið eftir. „Eins og þegar jafnrétti var komið á fyrir konur og svart fólk í Bandaríkjunum vitum við að lagalegt umhverfi á jafnréttisgrundvelli er grunnur til að byggja á. Þótt þetta séu ofboðslega mikilvæg tímamót stöndum við núna jafnfætis bara að nafninu til svo ýmislegt er eftir sem þarf að vinna í.“

Samtökin 78 standa fyrir hátíðardagskrá í tilefni tímamótanna í dag. Boðið verður upp á léttar veitingar og skemmtidagskrá auk þess sem Geir H. Haarde forsætisráðherra, Guðrún Ögmundsdóttir alþingiskona og Hrafnhildur flytja stutt ávörp. Dagskráin stendur frá klukkan 17 til 19 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

## ÚTFARIR

10.30 Ragnhildur G. Bótólfsdóttir verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

13.00 Benedikt Þorsteinsson sjómaður, Lautarsmára 27, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

13.00 Gunnar Sigurðsson, fyrrverandi flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 Valgerður Jónsdóttir, Korsölum 3, áður Rauðagerði 44, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

15.00 Jóhann Sveinsson skipstjóri, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.


Myndaðu þínar stundir með Canon



Ixus Wireless stafræn myndavél
Wi-Fi þráðlaus tenging, glæsileg hönnun og framúrskarandi tækni
- Innbyggð þráðlaus tenging gerir kleift að senda myndirnar í tölvuna um leið og smellt er af.
- 5.0 megapixlar.
- 3x „optical“ aðdráttarlinsa veitir mikinn skýrleika í litlili og nettri vél.
- 2.0" LCD skjár.
- 14 tökustillingar.
- Hágæða kvikmyndaupptaka með hljóði.
- Hugbúnaður sem er afar auðveldur í notkun.

Sumartilboð 39.900 kr.
Verð 49.900 kr.



Ixus 65 stafræn myndavél
Hönnuð til að vekja aðdáun með 3.0" LCD skjá
- 6.0 megapixlar.
- Touch Control Dial er ný tækni sem auðveldar aðgang að lykilstjórntækjum vélarinnar.
- 3x „optical“ aðdráttarlinsa veitir mikinn skýrleika í litlili og nettri vél.
- 3.0" LCD skjár.
- 16 tökustillingar.
- Hágæða kvikmyndaupptaka með hljóði.
- ISO 800 og High ISO Auto aðstoða við myndatöku í erfiðum birtuskilyrðum.
- Hugbúnaður sem er afar auðveldur í notkun.

Verð 49.900 kr.



Canon iP5200R bleksprautuprentari
Afkastamikill prentari sem styður Wi-Fi og Ethernet fyrir þráðlausa og nettengda prentun.
- Þráðlaus prentun iP5200R gerir öllum á heimilinu kleift að nota einn prentara án þess að snúrur flækist fyrir.
- 9600x2400 dpi prentupplausn tryggir skýrar myndir í ljósmyndagæðum.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit á aðeins 36 sek. í gæðum sem jafnast á við framköllunarþjónustuna.
- Hægt að prenta á DVD/CD.
- Single Ink kerfið tryggir lægri rekstrarkostnað þar sem blekeyðsla er í lágmarki.
- Prentari sem hentar fyrir öll heimili sem og á skrifborðið í vinnunni.

Sumartilboð 21.900 kr.
Verð 29.900 kr.

PowerShot A430 myndavél + CP510 ljósmyndaprentari

PowerShot A430
Einföld og þægileg fyrir alla fjölskylduna



- 4.0 megapixlar og 4x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni Canon eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 15 tökustillingar
- Kvikmyndaupptaka með hljóði.
- Hugbúnaður með miklum notkunarmöguleikum.

Verð 21.900 kr.



CP510 ljósmyndaprentari
- Prentar beint af myndavélinni – þarf ekki tölvu.
- Nettur og auðveldur í notkun.
- Margar prentútfærslur og stærðir.

Verð 15.900 kr.

Sumartilboð 29.900 kr.

Canon EOS 350D SLR myndavél m/18–55 mm og 55–200 mm linsum
Skiptu yfir í framtíðina og efldu sköpunargleðina



- CMOS tækni Canon færir þér framúrskarandi ljósmyndagæði og 8.0 megapixla upplausn.
- Öflug DIGIC II tækni sem er fengin úr „pro-línu“ Canon tryggir hraða við myndatöku.
- Sjö sjálfvirkir fókuspunktar ná hraðvirkum og nákvæmum fókus.
- „Pop-up flash“ býður upp á mikinn sveigjanleika í ljósi.
- Um 60 EF linsur frá Canon auk Canon EF-S linsa passa á vélina.
- Aðskilin JPEG/RAW mynda vistun. Hægt að velja JPEG myndir fyrir beina útprentun eða eftirvinnslu.

Sumartilboð 119.900 kr.
Verð 139.900 kr.

Canon MV900 myndbandsupptökuvél
16:9 háupplausna vél með öflugu 25x „optical zoom“



- 16:9 upptaka með 2.7" LCD breiðtjaldsskjá.
- Öflug 25x „optical zoom“ linsa með Electronic Image Stabilization sem kemur í veg fyrir ranga lýsingu og óskýran fókus.
- Með Canon DIGIC DV eru litir teknir upp á miniDV; raunverulegir, skýrir og líflegir.
- Einfalt notendaviðmót og stjórnborð gerir öllum auðvelt að byrja að taka upp heimavídeó – aðeins sex takkar til að læra á.

Verð 39.900 kr.

þú þekkir Canon

Söluaðilar um land allt
www.nyherji.is/canon

Boot cAmp



# Við hlaupum
# Blátt áfram...

**... alla leið frá Hellu til Reykjavíkur**

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Hellu á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

**Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálft maraþon!**

## Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

- **Þú getur hringt í 907 2000**
  *þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum*
- **Þú getur keypt bol***
  *og fylgt Boot Camp strákunum síðasta spölinn*
- **Þitt fyrirtæki getur heitið á strákana**
  *Hringdu í 533 2929 og styrktu Blátt áfram*

**Þú getur keypt bolina á næstu Esso stöð, á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.*

**Blátt áfram frábær dagur laugardaginn 8. júlí**

*Hlaupastöð 1*
**Kl. 10.00 Litla Kaffistofan – Hafnarbakkinn = 26,3 km**
*Hlaupastöð 2*
**Kl. 12.00 Húsgagnahöllin – Hafnarbakkinn = 7,6 km**

**Leiðin sem farin verður:** Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður á höfn.

Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

**Kl. 14.00 Reykjarvíkurhöfn – Skemmtun**

**Mætum við Reykjavíkurhöfn og tökum vel á móti hlaupurunum!**

**Við skorum á fyrirtæki að styrkja hlauparana blátt áfram með myndarlegum framlögum og að hvetja sitt fólk til að vera með.**

**Vertu með!**

actavis
hagur í heilsu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Lítið skref fyrir þig, stórt skref fyrir börnin**
**Stígðu skrefið laugardaginn 8. júlí**

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Ástir samlyndra hjóna

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** FÓR Í BRÚÐKAUP



Eitt stærsta verkefni hjóna er að leita hamingjunnar saman, sagði prestur í brúðkaupi sem ég sótti síðustu helgi. Varð mér þá hugsað til þess að ekki fyrir svo ýkja löngu skipti hamingjan ekki svo miklu máli í hjónabandinu, heldur það að fólk lifði af saman. Nú giftir fólk sig víst af ást, en upphaflega var hjónabandið bara góður ráðahagur og ástin kom þar málinu ekkert við. Ástin getur horfið eins og ekkert sé og þá er grunnur hjónabandsins brostinn. En það þarf víst meira en ást til að fá hjónabandið til að ganga. Enda var ekkert lát á góðum ráðum í þessu ágæta brúðkaupi sem ég var gestur í. Ég komst ekki hjá því að verða snortin þar sem ástinni var fagnað svo skemmtilega og fólk opnaði hjarta sitt örlítið, lofaði ástvini og veitti fólki smá innsýn í eigið líf. Eins og afi og amma brúðarinnar gerðu. Þau héldu frábæra ræðu saman, hnýttu í hvort annað á meðan, lýstu eigin hjónabandi og að lokum gaf afinn nokkur góð ráð. Hann sagði að lykillinn að velgengni hjónabandsins væri margþættur en það væru nokkrir hlutir nauðsynlegir, tryggð, ást og húmor og síðast en ekki síst að vera ekki lengi í fýlu. Allt voru þetta virkilega góð ráð sem skipta heilmiklu, en ég minnist ekki á að nokkur hafi gefið ráð um peninga, sem skipta kannski ekki neinu máli lengur. Eða hvað?

Lögin líta nefnilega ekki á hjónabandið sem bandalag elskenda og við giftingu renna eigur fólks í eina sæng. Fjárhagslegu sjálfstæði einstaklingana er fórnað fyrir hjónabandið, og ef ekki er gerður kaupmáli í upphafi, getur komið til vandræða ef hjónabandið reynist skammlíft. Hjónabandið hlýtur því ennþá að snúast að einhverju um peninga og góðan ráðahag. Ef til vill að afinn hafi aðeins komið inn á það, þegar hann talaði um fýluna, því rifrildi út af peningum er víst ein helsta skilnaðarorsökin. Ef fólk lærir að vera ekki í fýlu yfir þeim, þá er kannski auðveldara að leysa verkefnið, að leita hamingjunnar saman.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**! Kl. 20.30**

*Helga Þórarinsdóttir víóluleikari og Anne Taffel píanóleikari leika verk eftir Boccerini, Schubert og Bloch í Dalvíkurkirkju. Tónleikarnir eru liður í Listasumri á Akureyri.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Veitt úr Listasjóði Guðmundu

Myndlistarkonan Hekla Dögg Jónsdóttir hlaut styrk úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur. Sjóðurinn var stofnaður af myndlistarmanninum Erró til minningar um Guðmundu frænku sína og er honum ætlað að efla og styrkja listsköpun kvenna. Þetta er í áttunda sinn sem veitt er úr sjóðnum en meðal listamanna sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum eru Finna Birna Steinsson, Katrín Sigurðardóttir og Gabríela Friðriksdóttir. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur og formaður sjóðsstjórnar, afhenti Heklu Dögg viðurkenninguna en stjórnina skipa ásamt honum þeir Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, og Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri.



**HEKLA DÖGG JÓNSDÓTTIR** Veitt er úr minningarsjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur til framúrskarandi myndlistarkvenna.

Hekla Dögg útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994 og dvaldi í tvö ár sem gistinemi í Þýskalandi. Síðan lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem hún lauk BFA og meistaragráðu frá einum besta listaskóla Bandaríkjanna, California Institute of the Arts.

Frá árinu 1999 hafa verk Heklu verið sýnd víða, bæði hérlendis og erlendis. Hún hefur tekið þátt í samsýningum í Danmörku, Noregi, Írlandi, Þýskalandi, Spáni, Kanada, og á bæði austur- og vesturströnd Bandaríkjanna. Hekla er einn af stofnendum Kling og bang gallerísins, þar sem hún hefur unnið sem sýningarstjóri en hún hefur einnig flutt fyrirlestra og kennt við Listaháskóla Íslands.

## > Ekki missa af...

sumartónleikum í **Skálholti** sem hefjast um næstu helgi. Um tuttugu tónleikar, fjölmargir fyrirlestrar og **tónlistarsmiðja** fyrir ungt fólk. Frábærir innlendir og erlendir listamenn leika meðal annars endurreisnar- og barokktónlist.

nýrri sýningu í **Galleríi Boxi** í Kaupangsstræti á Akureyri. Jóna Hlíf Halldórsdóttir, Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Dögg Stefánsdóttir og Karen Dúa Kristjánsdóttir halda upp á **afmæli** gallerísins.

tónleikum **Narodna Musika** á **Cafe Cultur** í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu á miðvikudags- og fimmtudagskvöld. Upplífgandi og dáleiðandi tónlist í eldfjörugum **takti** frá Búlgaríu, Grikklandi og Tyrklandi.

# Bjartsýni hjá Dimmu

**Útgefandinn og rithöfundurinn Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson hjá Dimmu kveðst vera bjartsýnn. Enda er margt í pípunum.**

„Ég fór að hugsa um það fyrir tveimur til þremur árum hvort ekki væri gaman að reyna fyrir sér utan landssteinana og kanna möguleikana á því að gefa út erlendis, það var sérstaklega djasstónlistin sem ýtti mér af stað," útskýrir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. Það virðist vera nokkuð góð stemning fyrir íslenskri djass- og þjóðlagatónlist í heiminum stóra því Dimma hefur gengið frá samningum við þýska dreifingarfyrirtækið MDM um dreifingu á íslenskri tónlist í Þýskalandi, Austurríki og Sviss en það fyrirtæki leggur sérstaka áherslu á fyrrgreindar tónlistargreinar.

Dimma er lítil og sérhæfð tónlistar- og bókaútgáfa en fyrirtækið var stofnsett árið 1992. Síðan þá hefur fyrirtækið gefið út fjölda platna með vísna-, þjóðlaga- og djasstónlist, píanóleik og nýstárlegum útsetningum á sálmum, auk vinsæls barnaefnis. Bókaútgáfan hefur hverfst um ljóðaútgáfur og barnaefni en undanfarið hefur Dimma einnig gefið út hljóðbækur, nú síðast söguna ógleymanlegu um uppreisnina á barnaheimilinu í flutningi þýðandans Olgu Guðrúnar Árnadóttur.

Fremstur meðal jafningja innan vébanda Dimmu er djasstónlistarmaðurinn Sigurður Flosason en verðlaunaplata hans, Leiðin heim, hefur þegar verið seld til Japans og dreift til Kanada. Samstarfsverkefni Sigurðar og Gunnars Gunnarssonar njóta athygli og einnig er mikill áhugi fyrir Sagnadansi, síðustu plötu Önnu Pálínu Árnadóttur og sænska þjóðlagatríósins Draupner. Ennfremur verða geisladiskar söngkvennanna Kristjönu Stefánsdóttur og Guðrúnar Gunnarsdóttur settir í dreifingu hjá MDM.

Aðalsteinn Ásberg segir um tilraunasamning að ræða við þýska fyrirtækið og kveðst spenntur að sjá árangurinn. „Maður veit náttúrulega ekkert hvað verður en þetta er byrjun." Útgáfan gekk einnig frá samningum um dreifingu á tónlist til Kanada fyrr í vor og eru fyrstu sendingarnar farnar. Útgefandinn tekur undir að áhugi á djass- og þjóðlagatónlist sé fremur vaxandi bæði hérlendis og erlendis þó að staðan hafi verið fremur ströng fyrir þessar tegundir tónlistar hér heima. „Ég ætla bara að vera bjartsýnn. Markaðurinn hér á Íslandi er auðvitað mjög lítill - í raun og veru of smár. En maður þarf ekki mikla viðbót til þess að ástandið verði lífvænlegra og breyti býsna miklu fyrir möguleika útgáfunnar."



**AÐALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON** Það er stemning fyrir íslenskri djass- og þjóðlagatónlist úti í hinum stóra heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Nú í vikunni stendur til að fylgja eftir nýjustu afurð útgáfunnar en þá leggur Kvartett Sigurðar Flosasonar upp í tónleikaferð ásamt söngkonunni Kristjönu Stefánsdóttur og kynnir plötuna Hvar er tunglið? sem kom út í vor. Þar hljóma djass sönglög eftir Sigurð Flosason við texta Aðalsteins Ásbergs en þeir félagar hafa átt farsælt samstarf um árabil. Diskurinn er eitt stærsta einstaka framlag til sunginnar íslenskrar djasstónlistar en hann inniheldur 24 ný sönglög í flutningi kvartettsins og Kristjönu. Kvartettinn skipa, auk Sigurðar sem leikur á saxófón, þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Pétur Östlund á trommur og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa.




**HVAR ER TUNGLIÐ?** Farsælt samstarfsverkefni Aðalsteins Ásbergs og Sigurðar Flosasonar.

Fyrstu tónleikarnir verða í Þjóðleikhúskjallaranum á fimmtudagskvöld en síðan verður farið víðar og meðal annars leikið í Mývatnssveit, Stykkishólmi og á Akureyri.

„Nú er kannski þægilegasti tími útgefandans framundan," segir Aðalsteinn Ásberg kíminn. „Nú getur maður aðeins farið að huga að því sem á að gerast í haust - það er margt sem við erum að leggja drög að núna, þetta er allt í pípunum."

**kristrun@frettabladid.is**

# Bláa kirkjan ómar

Árleg sumartónleikaröð Seyðfirðinga sem kennd er við kirkjuna bláu hefst annað kvöld, en þá syngur Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona við undirleik píanóleikarans Bjarna Jónatanssonar. Í níunda skiptið er nú efnt til sumartónleikanna en þeir fara fram í Bláu kirkjunni á miðvikudagskvöldum og standa yfir fram í ágústmánuð. Að þessu sinni koma gestir víða að, til dæmis heimsækir brasilíski gítarleikarinn Ife Tolentino Íslendinga í fimmta sinn og spilar í kirkjunni ásamt bræðrunum Ómari og Óskari Guðjónssonum og trommuleikaranum Chris Wells þann 12. júlí.

Í júlílok verður efnt til söngskemmtunar þar sem Bergþór Pálsson mun koma fram ásamt Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur, söngkonu, Sigrúnu Eðvaldsdóttur, fiðluleikara og Kjartani Valdemarssyni, píanóleikara.

Þá koma „fjórir vinir" með spennandi efnisskrá þann 2. ágúst, það eru þau Ragnheiður (Heiða) Árnadóttir, söngkona, Simon Jermyn frá Írlandi, á gítar, Joacim Badenhorst frá Belgíu, á klarinett og saxófón og Ananta Roosen frá Hollandi, á fiðlu. Þau kynntust í tónlistarháskóla í Den Haag, Hollandi og hafa spilað mikið saman en eru nú í fyrsta skipti á Íslandi.

Nánari upplýsingar um dagskrá sumarsins má finna á www.seydisfjordur.is. **-khh**



**BLÁA KIRKJAN Á SEYÐISFIRÐI** Fjölbreytt dagskrá flutt á fallegum tónleikastað í sumar. MYND/SMK


www.sturta.is
allan sólarhringinn!
...fyrir bæði
Flott flæði...
Sími: 565-5566
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
sturta.is

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Uppselt biðlisti
Hella Safnaðarheimilið 28. júní
Miðasala: 487-7710, 892-5912
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Miðasala á netinu!
www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

footloose
29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose
Egils Appelsín
Á ÞAKINU
3 Sagas entertainment













AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**KALLARNIR.IS** Hafa lokað vinsælli heimasíðu sinni. Gillzenegger er fyrir miðju, Partí-Hans er honum á vinstri hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Kallarnir hverfa úr netheimum

„Síðan var bara orðin þreytt og við ákváðum að þetta væri komið gott," segir Jóhann Ólafur Schröder í Köllunum.is. Þegar farið var inn á heimasíðuna Kallarnir.is um helgina birtist einungis dagsetningarnar 31.12.2003-24.6.2006, upphafs- og lokadagur líftíma síðunnar sem verið hefur einstaklega vinsæl síðastliðið eitt og hálft ár. Jóhann segir að heimasíðan hafi lítið verið uppfærð síðustu mánuðina og tími hafi verið kominn á hana. „Síðan sem slík er búin um ókomna tíð en félagsskapurinn Kallarnir.is er enn við lýði," segir Jóhann Ólafur, sem innan félagsskaparins kallast Partí-Hans.

Helsti talsmaður Kallanna.is hefur verið Egill „Gillzenegger" Einarsson. Hann segir að síðunni hafi verið lokað að sér forspurðum. „Þetta var ekkert rætt innan hópsins og ég er ekki sáttur við að síðunni hafi verið lokað núna," segir Egill. „Tímasetningin er alls ekki góð því það er sumar og ýmislegt í gangi. Ég ætlaði til dæmis að fara að henda þarna inn hrikalegum lyftingamyndböndum með Benna Magg og Magga Bess. Svo er útvarpsþátturinn í fullum gangi á X-inu og við förum mögulega aftur í sjónvarpið. Ég er því alls ekki sáttur með þetta," segir Egill „Gillzenegger" Einarsson. - hdm

# Nýjar sveitir á Iceland Airwaves

Breska rokksveitin The Cribs, elektrópopp-rokkararnir í Whomadewho frá Danmörku, hin bresk-íslenska The Fields, kanadíska Islands og Cold War Kids frá Kaliforníu hafa nú bæst við dagskrá tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves 2006 sem fer fram í miðborg Reykjavíkur 18. til 22. október.

Auk þessara fimm erlendu hljómsveita bætast tíu íslenskir listamenn við dagskrá hátíðarinnar þar á meðal trúbadorinn Þórir, Thor, Dr. Mister og Mr. Handsome, Kira Kira, Biogen, Worm is Green og Johnny Sexual. Alls munu um 130 listamenn og hljómsveitir koma fram á hátíðinni, þar af yfir 100 innlendir.

Enn geta íslenskir listamenn og hljómsveitir sótt um að koma fram á Iceland Airwaves 2006, en tekið verður við umsóknum fram til 10. júlí. Til að sækja um þarf að ná í sérstakt eyðublað á icelandairwaves.com.



**THE CRIBS** Breska hljómsveitin The Cribs spilar á Iceland Airwaves í haust.

# Styttist í Ham

Fáir miðar eru eftir á tónleika rokksveitarinnar Ham á Nasa næstkomandi fimmtudag. Ham lagðist í dvala eftir tónleika í Tunglinu árið 1994. Eftir það kom sveitin aftur saman þegar hún hitaði upp fyrir Rammstein í Laugardalshöllinni fyrir fimm árum auk þess sem hún spilaði á Hættatónleikunum í Höllinni þann 7. janúar síðastliðinn.

Á tónleikunum á Nasa mun sveitin spila ný lög í bland við gömul. Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar og í völdum BT-verslunum. Hljómsveitin 9/11´s mun hita upp fyrir Ham á tónleikunum. Miðaverð er 2000 krónur.



**HJÁLMAR** Reggísveitin Hjálmar hefur sent frá sér sína útgáfu af Stuðmannalaginu Ólína og ég.

# Nýtt lag frá Hjálmum

Reggísveitin Hjálmar hefur sent frá sér lagið Ólína og ég, en það er gamalt Stuðmannalag. Hjálmar verða uppteknir við tónleikahald á næstunni. Föstudaginn 30. júní spilar sveitin í verslun 12 Tóna og síðar um kvöldið spilar hún á Nasa ásamt KK, sem mun kynna sína nýjustu plötu ásamt hljómsveit sinni.

Einnig verður sveitin í Loppen í Kristjaníu 5. júlí og á tónlistarhátíð í Eistlandi tveimur dögum síðar.






**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:30-3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| CARS enskt tal VIP | KL. 4:15-8-10:30 | |
| SLITHER | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| KEEPING MUM | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| SHE´S THE MAN | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| POSEIDON | KL. 5:30-10:30 | B.I. 14 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 1:30 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4-6:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 4-5:30-8-10:30-11:15 | |
| THE LAKE HOUSE | FORSÝND KL. 9 | |
| SLITHER | KL. 6:10 | B.I. 16 |
| *POSEIDON | KL. 8 | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3 | | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 8 | |
| KEEPING MUM | KL. 10:10 | B.I. 12 |
| SHE´S THE MAN | KL. 8 | |
| 16 BLOCKS | KL. 10:15 | B.I. 14 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8-10 | |
| SLITHER | KL. 10 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-7:15-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 6:10-8:20-10:30 | B.I. 14 |
| MI:3 | KL. 9:30-11 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**SÖFNUNARÁTAK Á VEGAMÓTUM** Starfsmenn Vegamóta standa fyrir söfnunni „Gústa heim" þar sem safnað er fyrir flugfari fyrir fyrrverandi starfsmann.Töluvert af klinki hefur nú þegar safnast í þar til gerðan bauk sem merktur er söfnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tipsað fyrir flugfari

Starfsmenn veitingahússins Vegamóta standa nú fyrir óvenjulegri söfnum undir slagorðinu „Gústa heim". Söfnun þessi hófst fyrir helgi en þá var settur upp söfnunarbaukur á barborðinu á neðri hæð staðarins með slagorði söfnunarinnar og mynd af Gústa. „Við erum að safna fyrir flugfari handa Gústa sem við viljum fá heim um jólin," segir barþjóninn Kolbeinn Þorgeirsson, betur þekktur sem Kolli. Gústi heitir fullu nafni Ágúst Ingi Atlason og er fyrrverandi starfsmaður á Vegamótum sem er nú á leið til Flórída í flugnám. „Gústi er búinn að vinna hér mjög lengi og við fyrrum vinnufélagar hans viljum endilega fá hann heim til okkar um jólin," segir Kolli. Flugfar fram og til baka kostar um 90 þúsund krónur og Kolli telur ekki ólíklegt að þeim takist að safna fyrir flugfarinu fyrir jólin þar sem þeim reiknist til að einungis þurfi 500 krónur að koma í baukinn á dag í sex mánuði til að markmiðið náist. Kolli segir að gestir staðarins hafi tekið vel í söfnuna og um helgina safnaðist töluvert klink í baukinn enda margir fastakúnnar sem kannast vel við Gústa og eiga örugglega eftir að sakna hans á meðan hann dvelur ytra. - snæ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðþrengda eiginkonan **Marcia Cross**, sem leikur Bree í sjónvarpsþáttunum vinsælu, giftist hlutabréfabraskaranum **Tom Mahoney** á laugardag. Athöfnin fór fram í San Gabriel í Kaliforníu og voru **Felicity Huffman** og **Eva Longoria** samleikarar hennar viðstaddar. Cross og Mahoney byrjuðu saman á síðasta ári og tilkynntu um trúlofunina í ágúst. Cross er 44 ára og þetta er fyrsta hjónaband hennar.



Það er ekki auðvelt að eiga mömmu á borð við **Goldie Hawn** og þurfa að feta í fótspor hennar. En **Kate Hudson**, dóttir Hawn, lætur ekki deigan síga enda hefur hún lengi verið staðráðin í að vera leikkona. „Maður finnur fyrir þessu þegar maður fer í leikprufu. Kannski var ég rétt í hlutverkið og kannski ekki. Ég gerði alltaf mitt besta en ég vissi að ef ég ætti slæman dag í leikprufu myndu einhverjir hvísla; „Dóttir Goldie Hawn er hörmuleg, hún ætti að finna sér annað starf," sagði Kate Hudson í samtali við Vogue-tímaritið nýlega. Kate, sem er nú 27 ára, segir að fólk trúi því ekki hún hafi einlægan áhuga á leiklist. „Fólk vill halda að ég sé leikkona af því að ég þurfi þess, eða af því að ég vilji vera eins og mamma, eða vilji keppa við hana," sagði Kate. „Ég er ekki svo flókin. Mér finnst bara gaman að leika."






Sjáðu heiminn gegnum rykfríar linsur hinnar nýju Olympus E-500

- Supersonic Wave Filter – einstök tækni sem tryggir að DDC myndflagan er rykfrí.
- 8 milljónir punkta / 8 megapixel upplausn.
- 2,5" / 6,4sm HyperCrystal LCD smáskjár.
- Pottþétt, nett og lauflétt hönnun.
- Tvær linsur fylgja: 14-45mm og 40-150mm – samsvarar 28-90mm og 80-300mm á 35mm myndavél.

E-SYSTEM



FOTO VAL Skipholti 50B Sími 553 9200

FRÍHÖFNIN

8 megapixel

OLYMPUS


# Giftist Keith Urban

Leikkonan Nicole Kidman giftist sveitasöngvaranum Keith Urban í kirkju í Sydney í heimalandi sínu Ástralíu um helgina.

„Við viljum þakka öllum Áströlum og öllum hinum sem hafa sent okkur hlýjar kveðjur," sagði í yfirlýsingu þeirra.

Á meðal þeirra sem mættu í brúðkaupið voru Ástralinn Hugh Jackman, fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch og leikkonan Naomi Watts sem er einnig frá Ástralíu.

Þetta er fyrsta hjónaband Urbans, sem er 38 ára. Kidman, sem er ári eldri, var áður gift leikaranum Tom Cruise í áratug. Ættleiddu þau saman börnin Connor og Isabelle. Cruise á nú barn með leikkonunni Katie Holmes.



**BRÚÐHJÓNIN** Þessi mynd var tekin af Kidman og Urban skömmu eftir hjónavígsluna í Sydney. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



## Kekic ekki með í bikarnum

Sinisa Valdimar Kekic mun ekki spila með Þrótti í leiknum gegn sínum gömlu félögum í Grindavík í 16-liða úrslitum VISA bikars karla sem fram fer mánudaginn 3. júlí. Grindvíkingar settu það í samninginn sem þeir gerðu við Þróttara þegar Suðurnesjaliðið seldi Kekic í síðustu viku.

**sport**
sport@frettabladid.is

JÚDÓKAPPINN VIGNIR GRÉTAR STEFÁNSSON: SLEIT KROSSBÖND OG HLIÐARBÖND Á MÓTI Í NOREGI

# Gat ekki gerst á verri tímapunkti

Vignir Grétar Stefánsson, landsliðsmaður í júdó, varð fyrir óhappi á Norðurlandamótinu í Noregi fyrir skömmu. Hann sleit krossbönd og hliðarliðbönd í opnunarviðureign mótsins og verður frá æfingum og keppni í marga mánuði vegna þessa. Vignir er margfaldur Íslandsmeistari og hann sigraði á Norðurlandamótinu í fyrra. Hann var því að verja titil sinn á mótinu en varð að hætta keppni strax eftir fyrsta einvígið. „Ég fór illa í hnénu og sleit krossböndin og hliðarliðböndin. Hnéskelin fór alveg til hægri og allt fór í klessu, ég er því spelkaður í dag. Þetta gerðist á móti Svía sem fór síðan alla leið og vann mótið. Ég mætti honum einnig í fyrra þegar ég sigraði þetta mót og vann hann þá,“ sagði Vignir, en þessi meiðsli sem hann varð fyrir eru mjög sjaldgæf í júdóheiminum.



„Ég er bara að bíða eftir uppskurði og lítur út fyrir að ég þurfi að gangast undir hnífinn í Svíþjóð. Þar mun ég hitta sérfræðing sem sérhæfir sig í krossbandaaðgerðum,“ sagði Vignir, en hliðarliðböndin í hnénu á honum gróa ekki saman og óvíst er hve lengi hann verður frá. „Það fer eftir því hvernig uppskurðurinn fer, ég er hræddur um að verða frá í svona ár en stefni á að vera kominn í lag fyrir haustið 2007, því þá verður heimsmeistaramótið. Ég vonast til að geta byrjað að æfa aftur í febrúar á næsta ári.“

Vignir er nýorðinn þrítugur en hann segist ekki hafa getað lent í þessum meiðslum á verri tíma. Hann missir af Evrópumeistaramótinu í júdó og einnig af nokkrum stórum mótum í Evrópu. „Ég og konan mín vorum úti í Bandaríkjunum og ég var búinn að æfa rosalega vel þar. Ég kom heim í dúndurformi og setti stefnuna hátt. Þá kemur þetta eins og þruma úr heiðskíru lofti en ég hef sjaldan eða aldrei verið í betra formi,“ sagði Vignir, sem er giftur Silju Úlfarsdóttur, frjálsíþróttakonu í FH.

## > Arnar féll úr leik

Tenniskappinn Arnar Sigurðsson féll úr leik í undanúrslitum á opnu móti í Dublin á Írlandi sem lauk um helgina. Arnar náði frábærum árangri á mótinu og vann hvern frækna sigurinn á fætur öðrum en hann laut loks í gras fyrir Andis Juska frá Lettlandi, sem er númer 445 á heimslistanum. Juska tapaði svo fyrir Frederik Nielsen í úrslitunum. Arnar er sem stendur í sæti númer 1410 en búast má við því að hann taki stórt stökk upp listann eftir frábæran árangur á Írlandi.





**Á LEIÐ TIL SPÁNAR?** Árni Þór Sigtryggsson í leik gegn Val. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árni Þór Sigtryggsson:

## CAI Aragon hefur áhuga

**HANDBOLTI** Haukamaðurinn Árni Þór Sigtryggsson hefur vakið mikinn áhuga spænskra handboltaliða undanfarið. Það nýjasta er að CAI Aragon hefur áhuga á kappanum en liðið varð í sjöunda sæti í spænsku úrvalsdeildinni í vetur. Stórliðið Portland San Antonio hafði samband við Árna Þór fyrr í mánuðinum en svo virðist sem ekkert verði aðhafst frekar í því máli. Þorgeir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar Hauka, sagði enga fyrirspurn hafa borist félaginu um Árna sem er samningsbundinn Haukum næstu tvö árin.

- esá




# Starfsumhverfi dómara fer versnandi

**Dómarar í Landsbankadeild karla fá sífellt meiri úthúðun frá áhorfendum á leikjum og þykir sumum nóg boðið. Magnús Þórisson segir að starfsumhverfi dómara fari sífellt versnandi og lýsir yfir áhyggjum sínum.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er alltaf að fara versnandi, en lætin hafa verið sérstaklega slæm í sumar. Það má eflaust rekja það að einhverju leyti til þeirra miklu umfjöllunar sem dómarar hafa fengið í fjölmiðlum,“ sagði Magnús sem hefur fengið að þola mjög ljótt orðbragð í sinn garð í sumar.

„Orðbragðið er ekki bara meira og meira, heldur líka grófara og grófara, það er mikið áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi mikils fjölda barna sem er í stúkunni,“ sagði Magnús, og bætti við að dómarar hefðu rætt um málið þegar þeir hittust fyrir skemmstu og verið sammála um málið.

„Starfsumhverfi okkar er orðið mjög erfitt og menn eru svolítið skelkaðir, það á mjög almennt við. Maður hugsar um það hvort það sé þess virði að standa í þessu. Ég hef orðið var við að menn séu að íhuga það að leggja flautuna á hilluna vegna versnandi starfsumhverfis, svo slæmt er þetta orðið,“ sagði Magnús sem var ekki sáttur við aðgerðir KSÍ í garð Kristjáns Guðmundssonar, þjálfara Keflavíkur, og Leifs Garðarsonar, þjálfara Fylkis, fyrir skemmstu þegar þeir létu ljót orð falla um dómara í sjónvarpsviðtali eftir leik sinna liða. Keflavík fékk tíu þúsund krónur í sekt og báðir þjálfararnir aðvörun.



**DÓMARAR** Eru ekki alls kostar sáttir við það starfsumhverfi sem þeir búa við. Hér er Eyjólfur M. Kristinsson, dómari að störfum í leik ÍA og Fylkis fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

„Eftir umræðurnar í kringum dómara nýverið og hvernig þjálfurunum var refsað eru menn frekar ósáttir. Við erum ekki hafnir fyrir gagnrýni, en hún verður að vera málefnaleg og rökstudd. Það er kannski eitt atvik í leik sem er skeggrætt fram og til baka eftir leikinn en enginn man eftir framherjanum sem klúðraði þremur dauðafærum eða hvort liðið hafi verið á hælunum allan leikinn. Það gerðist til að mynda í leik Keflavíkur og ÍA, Keflavík er mitt lið og ég sá leikinn en það hefur hvergi komið fram hversu slakir þeir voru gegn Skagamönnum,“ sagði Magnús, en eftir þann leik lét Kristján ummælin umdeildu falla. Magnús vill að Knattspyrnusambandið taki á málinu.

„Við höfum biðlað til KSÍ um að þeir komi til móts við okkur, sér í lagi að það megi endurskoða sektir og slíkt þegar þjálfarar láta alvarleg ummæli falla í fjölmiðlum. Þessar refsingar voru hlægilegar,“ sagði Magnús.

Halldór B. Jónsson, formaður dómaranefndar KSÍ, viðurkennir að hafa orðið var við óánægju dómaranna. „Við höfum heyrt af þessu og ég hef einnig orðið var við slæmt orðbragð og annað slíkt en það er erfitt að bera þetta saman á milli ára en því miður er starfsumhverfi dómaranna svona,“ sagði Halldór.

„Þetta er vandamál sem snýr einnig að félögunum og það þarf að taka á þessu. Það er ekki skemmtilegt fyrir félög að stuðningsmenn hagi sér eins og dómararnir eru að greina frá. Þetta er einnig slæmt fyrir börn og unglinga og þau bíða skaða af þessu. Það er blóðugt að það þurfi að vera átak í gangi til þess að menn hagi sér almennilega en ég skil vel að sjónarmið dómaranna er þannig að þetta bitnar mest á þeim í návíginu,“ sagði Halldór.

hjalti@frettabladid.is




Ítalía komst í átta liða úrslitin á HM með dramatískum sigri á Ástralíu:

# Totti kom Ítalíu til bjargar

**FÓTBOLTI** Fótboltaunnendur hafa um nóg að tala eftir leik Ítalíu og Ástralíu í sextán liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar. Ítalía vann leikinn en eina markið kom úr mjög umdeildri vítaspyrnu sem dæmd var í uppbótartíma eftir góð tilþrif frá Fabio Grosso. Francesco Totti var geymdur á bekknum en kom inn sem varamaður þegar stundarfjórðungur var eftir og skoraði af öryggi úr spyrnunni.

„Ég hef þurft að þola gagnrýni frá mörgum að undanförnu og veit að það var sárt fyrir þá að sjá mig skora þetta mark. Ég hlakka til að heyra hvað þeir hafa að segja eftir þetta. Sigur okkar var sanngjarn að mínu mati, við áttum að vera yfir í hálfleik og missum síðan mann af velli sem var fáránlegur dómur. Við vorum ákveðnari og vildum sigurinn meira,“ sagði Totti.

Spænski dómarinn, Luis Medina Cantalejo, var í aðalhlutverki en þegar fimm mínútur voru liðnar af seinni hálfleik gaf hann ítalska varnarmanninum Marco Materazzi rautt spjald. Mjög strangur dómur en brot Materazzi verðskuldaði í allra mesta lagi gult spjald. Hann kom inn í vörnina í stað Alessandro Nesta sem á við meiðsli að stríða og hafði verið einn besti maður vallarins fram að þessu. Þrátt fyrir að vera einum færri nánast allan seinni hálfleik náði Ítalía þó sigri og komst í átta liða úrslit.



**HETJAN** Francesco Totti þaggaði niður gagnrýnisraddirnar. NORDICPHOTOS/AFP

- egm

Heiðar Davíð Bragason:

## Fór illa að ráði sínu í gærdag

**FÓTBOLTI** Heiðar Davíð Bragason, Íslandsmeistari í höggleik úr GKJ, fór illa að ráði sínu á opna DG mótinu. Heiðar átti frábæran dag í fyrradag þegar hann lék á 69 höggum, einu höggi undir pari, og var í sjötta sæti eftir fyrsta daginn. Heiðar lék aftur á móti alls ekki nægilega vel í gær og lék þá á sex höggum yfir pari en þriðji hringur mótsins verður leikinn í dag.

Heiðar Davíð var í 26.-30. sæti að loknum öðrum keppnisdegi og komst auðveldlega í gegnum niðurskurðinn. Hann er þó ellefu höggum á eftir efsta manni.

- hþh





**SKALLAÐUR** Hér sést greinilega hvernig Figo skallar van Bommel. NORDICPHOTOS/AFP

Portúgalinn Luis Figo:

## Fer ekki í bann

**FÓTBOLTI** Portúgalski landsliðsfyrirliðinn Luis Figo þykir vera mjög heppinn með að sleppa við leikbann eftir að hann skallaði Mark van Bommell í leik Hollands og Portúgals í 16-liða úrslitum HM á sunnudaginn. Figo fékk gult spjald en talið var að FIFA myndi jafnvel breyta úrskurðinum.

„Honum var refsað á staðnum af dómaranum og því mun FIFA ekki aðhafast neitt í málinu. Það er aðeins þegar um klárt agabrot er að ræða, sem dómarinn sér ekki, þegar FIFA skerst í leikinn, en það á ekki við núna,“ sagði Markus Siegler, talsmaður alþjóða knattspyrnusambandsins. - hþh

Ruud van Nistelrooy:

## Hugar nú að framtíðinni

**FÓTBOLTI** Ruud van Nistelrooy, sóknarmaður Manchester United, er farinn að íhuga hvar hann muni spila næsta tímabil en hann lenti upp á kant við Sir Alex Ferguson stjóra sinn á síðasta tímabili. Hann gæti farið frá United í sumar en mörg lið hafa sýnt honum áhuga, einna helst Bayern München.

„Kannski skýrist eitthvað í vikunni, við verðum að sjá hvað United gerir og hvort mörg lið hafa áhuga. Hvað sem gerist mun ég velta framtíð minni vel fyrir mér og ákveða hvað er best fyrir mig,“ sagði Nistelrooy. - hþh



**VARIÐ** Olexandr Shovkovskiy markvörður Úkraínu varði þrjár slakar spyrnur svissnesku leikmannanna. NORDIC PHOTOS/AFP

Úkraína áfram í 8-liða úrslit:

## Unnu 3-0 í vítaspyrnukeppni

**FÓTBOLTI** Leikmenn Sviss vilja sjálfsagt gleyma vítaspyrnukeppninni sem kostaði liðið sæti í fjórðungsúrslitum HM í Þýskalandi á kostnað Úkraínu. Eftir að Andryi Shevchenko lét verja frá sér fyrsta vítið var útlitið gott en leikmenn Sviss klúðruðu öllum sínum spyrnum í keppninni og Úkraínumenn skoruðu úr öllum sínum eftir það. Niðurstaðan því 3-0 sigur.

Leikurinn sjálfur var afar bragðdaufur og kemur vissulega til greina sem einn af leiðinlegustu leikjum keppninnar. Það var helst í fyrri hálfleik sem liðin voru nærri því að skora en næst komst Alexander Frei, leikmaður Sviss, er hann skaut knettinum í slána á marki Úkraínu beint úr aukaspyrnu. - esá

**HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*16-liða úrslit:*

| | |
|---|---|
| ÍTALÍA-ÁSTRALÍA | 1-0 |
| 1-0 Francesco Totti, víti (95.). | |
| ÚKRAÍNA-SVISS | 0-0 |
| Úkraína vann 3-0 í vítaspyrnukeppni. | |

**LEIKIR DAGSINS:**

*16-liða úrslit:*

| | |
|---|---|
| BRASILÍA-GHANA | 15.00 |
| SPÁNN-FRAKKLAND | 19.00 |

Knattspyrnukonur voru á skotskónum í leikjum Landsbankadeildarinnar í gær:

# 35 mörk í þremur leikjum

**FÓTBOLTI** Það var engin spenna á KR-vellinum í gær þegar Fylkir kom í heimsókn í Landsbankadeild kvenna. Leikurinn var einstefna frá upphafi til enda og aðeins eitt lið á vellinum sem sést á lokatölunum, 11-0 fyrir KR. Það voru aðeins fjórar mínútur liðnar þegar Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði fyrsta mark leiksins með skalla. Hólmfríður var besti leikmaður vallarins í gær en þegar yfir lauk hafði hún skorað fjögur mörk í öllum regnbogans litum.

Fjóla Dröfn Friðriksdóttir var einnig á skotskónum í gær og skoraði fjögur líkt og Hólmfríður. Þær tvær skoruðu öll mörkin sex í fyrri hálfleiknum og voru báðar komnar með þrennu þegar gengið var til búningsherbergja. Í upphafi síðari hálfleiks var loks örlítið lífsmark með Fylkisstúlkum en leikur þeirra rann fljótlega út í sandinn og Embla Grétarsdóttir bætti við marki eftir fyrirgjöf Hólmfríðar.

Alicia Wilson skoraði áttunda markið af harðfylgi og Fjóla skoraði síðan sitt fjórða mark áður en Emma Wright skoraði úr aukaspyrnu. Hólmfríður átti síðan lokaorðið en hún skoraði fallegasta mark leiksins undir blálokin og innsiglaði 11-0 sigur KR.



**EITT AF ELLEFU** KR-stúlkur fagna einu af ellefu mörkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Fylkisstelpur úr Árbænum virtust einfaldlega ekki hafa neina trú á því að þær gætu strítt Vesturbæjarliðinu og sýndu litla sem enga mótspyrnu.

KR er í fjórða sæti eftir þennan stórsigur en níu stig eru í efsta sætið þar sem Valsstúlkur eru. Valur heimsótti Kaplakrikann í gær og rótburstaði lið FH 15-0. Þegar sjö umferðum er lokið er Valur áfram með þriggja stiga forskot á Breiðablik sem er í öðru sæti og markatöluna 51-3. Þrír leikir voru í deildinni í gær og alls 35 mörk skoruð en Keflavík vann Þór/KA á heimavelli sínum 6-3. - egm



**ROONEY OG COLE** Voru ánægðir með sigurinn gegn Ekvador en Rooney ku hafa ætlað að nota vikuna í að skella sér í ljósatíma. NORDICPHOTOS/AFP

Ashley Cole:

## Wayne Rooney er lykillinn

**FÓTBOLTI** Ashley Cole viðurkennir að enska landsliðið muni treysta á snilli Waynes Rooney til að komast enn lengra á HM. England mætir Portúgal í 8-liða úrslitunum þann 1. júlí. „Þetta er einfalt, ef við látum hann fá boltann þá býr hann eitthvað til eða skorar sjálfur,“ sagði Cole.

„Því meira sem við látum hann hafa boltann, þeim mun meira getur hann hrist fram úr erminni. Hann stóð sig vel gegn Ekvador og á bara eftir að sýna meira. Hann er leikmaður í heimsklassa og við erum í skýjunum yfir því að hann er kominn í fínt form.“ - hþh




B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We are all blind men in a cave, looking for a candle that was lit 3000 years ago.“**

**Svar:Father Delmonico úr kvikmyndinni Stigmata árið 1999.**

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FLAKKAÐI Á FJARSTÝRINGUNNI**

## *Hættulegir fangar og flugslys*

Ég er nú aðeins farin að víkka út sjóndeildarhringinn í vali mínu á sjónvarpstöðvum. Ég horfi ekki bara á klisjukennda raunveruleikaþætti þar sem atburðarásin er fyrirsjáanleg eða sápur um fallega fólkið í krísu. Þar sem ég er nú komin með 90 stöðvar fannst mér tími til kominn að kanna úrvalið á öllum alþjóðlegu stöðvunum sem fylgja með afruglaranum. Það eru til svo margar vandaðar sjónvarpstöðvar eða fréttarásir.

Á sunnudaginn átti ég mjög innihaldsríkt kvöld fyrir framan imbakassann. Ég datt inn á tvo gríðarlega áhugaverða þætti á sjónvarpstöðinni National Geographic.

Fyrst var það þáttur um hættulegustu fangelsi í Bandaríkjunum eða America's Hardest Prisons: Supermax. Þarna er á ferðinni þáttur sem fjallar um lífið á bak við lás og slá hjá karlmönnum sem munu verja stórum hluta af lífinu innan veggja þessa fangelsis. Þetta er spennuþrunginn þáttur en einnig sorglegur og stundum vottaði fyrir samúð í garð fanganna og þurfti maður sífellt að minna sig á hvað þeir höfðu gert. Þessi framhaldsþáttur mun hér eftir eiga fasta sess á mínum sunnudagskvöldum.

Eftir að ég var búin að fræðast um fangelsisvist byrjaði þáttur um flugslys á þessari sömu stöð. Þátturinn nefnist Air Crash Investigation. Það sem var áhugavert við þennan þátt var að raunveruleg slys sem hafa átt sér stað voru sett á svið og byggt á upplýsingum úr dularfulla svarta boxinu sem er í öllum flugvélum og mér skilst að geti ekki eyðilagst. Mjög áhugaverður þáttur og einkar vel unninn, í það minnsta fylgdist ég spennt með án þess að hafa vott af áhuga á flugvélum.



**LÍFIÐ BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** America's Hardest Prisons er áhugaverður þáttur á National Geographic sem vert er að kíkja á.

Sjónvarpstöðin National Geographic kom mér gríðarlega á óvart og get ég tvímælalaust mælt með henni við alla.



▶ 21.35 *Hestar*

LANDSMÓT HESTAMANNA



▶ 20.50 *Spenna*

LAS VEGAS



▶ 20.00 *Gaman*

FRIENDS



▶ 22.30 *Drama*

CLOSE TO HOME



▶ 21.10 *Fréttaskýring*

48 HOURS

## SJÓNVARPIÐ

**15.20** Svíar á HM í hestaíþróttum **16.10** Kóngur um stund (3:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (42:52) **18.25** Andlit jarðar (5:6)

**18.30 Gló Magnaða (57:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Mæðgurnar (16:22)** (Gilmore Girls V)
**20.50 Taka tvö (6:10)**
▶ **21.35 Landsmót hestamanna** Sjónvarpið sýnir daglega samantekt frá keppni og mannlífi á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði 26. júní til 2. júlí. Landsmótið nýtur mikilla vinsælda hjá áhugamönnum um íslenska hestinn, bæði heima og erlendis.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn (4:6)** (The Commander II) Breskur sakamálaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Dýrahringurinn (9:10) **0.05** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters (1:7)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Supernanny **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **15.55** Nornafélagið **16.15** Shin Chan **16.40** He Man **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons (5:21) **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Amazing Race (13:14)** (Kapphlaupið mikla 8) Í áttunda kapphlaupinu keppa fjölskyldur saman.
▶ **20.50 Las Vegas (17:23)** (Lyle & Substance) Lífið gengur sinn vanagang á Montecito spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig. B. börnum.
**21.35 Prison Break (21:22)** (Bak við lás og slá) Þættirnir gerast að mestu bak við lás og slá, innan veggja eins rammgirtasta fangelsis í Bandaríkjunum. Bönnuð börnum.
**22.20 Curb Your Enthusiasm 5** (Rólegan æsing)
**22.50 Twenty Four (21:24)** (24) Stranglega bönnuð börnum.

**23.35** Bones (9:22) **0.20** City of Ghosts (Stranglega bönnuð börnum) **2.15** Phenomenon II **3.40** Styx (Stranglega bönnuð börnum) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (4:18) (e)** (Twist Of Fate)
▶ **20.00 Friends (5:17)**
**20.30 Sushi TV (3:10)** Sushi TV er sprenghlæginlegur þáttur þar sem Japanar taka upp á alls kyns vitleysu.
**21.00 Bernie Mac (12:22)**
**21.30 Supernatural (20:22)** Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Bönnuð börnum.
**22.20 Here on Earth** Dramatísk kvikmynd með rómantísku ívafi. Leikstjóri: Mark Piznarski. 2000.

**23.55** Falcon Beach (4:27) (e) **0.45** Fashion Television (e) **1.10** Friends (5:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**15.40** Everybody Hates Chris (e) **16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjörtu áhorfenda á sínum tíma. Við fylgjumst með ástum og átökum fólks á þrítugsaldri sem hvert hefur sína drauma og væntingar.
**20.30 Whose Wedding is it anyways?**
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já**
▶ **22.30 Close to Home** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) **0.50** Beverly Hills 90210 (e) **1.35** Melrose Place (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/ Markaðurinn / Íþróttafréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir

**18.00** Veður / íþróttir / Kvöldfréttir NFS
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing**
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn** Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gjörbreytti lífi þeirra. Þátturinn er sýndur í opinni dagskrá og einnig á NFS.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** How to Lose a Guy in 10 Days **8.00** Benny and Joon **10.00** Marine Life **12.00** Kate og Leopold **14.00** How to Lose a Guy in 10 Days **16.00** Benny and Joon **18.00** Marine Life **20.00 Kate og Leopold** Ástin svífur yfir vötnum í New York. Rómantísk gamanmynd um tvær manneskjur sem örlögin leiða saman. Systkinin Kate og Charlie deila íbúð og á hæðinni fyrir ofan býr fyrrverandi kærastinn hennar. **22.00 Solaris** Vísindaskáldsaga eins og þær gerast bestar, með George Clooney í aðalhlutverki. Solaris er pláneta í órafjarlægð þar sem undirlegir atburðir gerast. Þar eru stundaðar rannsóknir en um niðurstöðurnar er lítið vitað. Aðalhlutverk: George Clooney, Natascha McElhone, Viola Davis. Leikstjóri: Steven Soderbergh. B. börnum. **0.00** Full Frontal (Bönnuð börnum) **2.00** The Laramie Project (Bönnuð börnum) **4.00** Solaris (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Behind the Scenes **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS That '70s Show **20.00** 101 Craziest TV Moments **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS That '70s Show **1.00** 101 Craziest TV Moments **2.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Taka tvö **Sjónvarpið** kl. 20.50

### *Farsæll leikstjóri og framleiðandi*

Í þættinum í kvöld verður rætt við Júlíus Kemp kvikmyndaleikstjóra og framleiðanda. Júlíus nam kvikmyndagerð við West Surrey College of the Arts í Bretlandi í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar. Fyrsta bíómynd hans er Veggfóður frá árinu 1992, sem varð gríðarlegur smellur hér á landi. Aðra bíómynd sína, Blossa/810551 sendi hann frá sér árið 1997. Undanfarin ár hefur Júlíus lagt áherslu á framleiðandahlutverkið og framleitt þrjár bíómyndir í leikstjórn Róberts Douglas, Íslenska drauminn, Maður eins og ég og nú síðast Strákana okkar. Júlíus hefur einnig fengist við gerð stuttmynda og heimildamynda.



***Júlíus framleiddi myndina Maður eins og ég, sem Róbert Douglas leikstýrði.***

## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

### *Þorsteinn J. Vilhjálmsson*



**■ Sýn 27. júní kl: 14 Brasilía - Ghana**
**3-2**
Hér er kannski fyrsti alvöruleikur Brassanna, nú á móti afar ferskum Ghana-mönnum; margir búnir að bíða eftir því að þeir sýni ekki bara góð tilþrif, heldur stórleik. Leikurinn verður jafn, 2-2, en þegar 10 mínútur eru eftir, þá trúi ég að Rónaldó gefi Ghana brottfararspjaldið, setji úrslitamarkið, hæfilega fast skot út við stöng hægra megin.

**■ Sýn 27. júní kl. 19: Spánn - Frakkland**
**4-2**
Nú skiptir ekki lengur máli hvort liðin hafi spilað vel eða illa í riðlakeppninni; von Frakkanna felst í því að Zidane verði á bekknum. Ef hann kemur aftur inn í liðið, er afar hætt við gömlu góðu gönguferðunum upp miðjuna, og þá eiga Spánverjar stórleik. Þetta verður 2-1 fyrir Spánverja lengi vel, Henry jafnar á lokamínútunni, Torres tekur þetta í framlengingunni, skorar tvö kvikindi, 4-2.



**17.30**
*Golf*
KB BANKA MÓTARÖÐIN 2006

**SÝN** *besta sætið*

**10.00** HM 2006 **11.45** HM 2006

**13.30** 4 4 2 **14.30** HM stúdíó **14.50** HM 2006 **17.00** HM stúdíó
▶ **17.30** KB banka mótaröðin í golfi 200

**18.30** **HM stúdíó**
**18.50** **HM 2006** (1. sæti H – 2. sæti G) Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM í Þýskalandi. Sigurvegarinn úr H-riðli mætir liðinu sem varð í öðru sæti í G-riðli. Leikið er til þrautar.
**21.00** **4 4 2** (4 4 2)HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J. og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.
**22.00** **HM 2006** (1. sæti F – 2. sæti E) Útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM 2006.

**23.45** HM 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Íslenskar afþreyingarbókmenntir **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



# Gefðu þér tíma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

**Góðir farþegar**
Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

**Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför**
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**

**Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega**

**Finnið rúturnar með okkar merki**
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil

**ferð til fjár!**
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



## HRÓSIÐ

*...fær Ómar Ragnarsson fyrir að lífga upp á bílaflota bæjarins með litla, gula Fiat 500 bílnum sínum.*



**LÁRÉTT**
**2** tímabil **6** ógrynni **8** blaður **9** rá **11** í röð **12** visna **14** klifra **16** tveir eins **17** hár **18** frjó **20** bor **21** tísku.
**LÓÐRÉTT**
**1** vatnsfall **3** ryk **4** borðflaska **5** suss **7** óglatt **10** fiskur **13** spil **15** heila **16** þakbrún **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** viku, **6** of, **8** mas, **9** slá, **11** rs, **12** sölna, **14** klifa, **16** uu, **17** ull, **18** fræ, **20** al, **21** stæl. **LÓÐRÉTT:** **1** foss, **3** im, **4** karafla, **5** uss, **7** flökurt, **10** áll, **13** níu, **15** alla, **16** ufs, **19** ææ.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Borgarfirði eystri
2. Jose Ramos-Horta
3. David Beckham




## AÐ MÍNU SKAPI PÁLL RÓSINKRANS SÖNGVARI

# BB King, Guðfaðirinn og Biblían

**Uppáhaldstónlist:** Það er úr miklu að velja. Það er misjafnt hvað maður hlustar á, en ég hlusta aðallega á blús og eitthvað „rock and roll." BB King, Otis Redding og Zeppelin standa upp úr í augnablikinu. Annars er ýmislegt nýtt mjög gott.

**Uppáhaldsbókin:** Ætli það sé ekki bara Biblían, ég hef oft lesið í henni. Ég hef nú ekki gripið í hana nýlega en maður veit af henni.

**Uppáhaldsborgin:** Það er nú bara Reykjavík. Ég er búinn að fara víðsvegar en Reykjavík er alltaf jafn heillandi. Borgin er lítil en miðbærinn jafnast á við skemmtilegar stórborgir erlendis. Vantar kannski fleiri útilistamenn til að skapa meiri stemningu.

**Bíómyndin:** Það er til dæmis Godfather 1, hún var betri en hinar í seríunni. Enemy at the Gates var líka rosalega góð.

**Búðin:** Það er erfitt að segja, ég á enga uppáhaldsbúð. Maður kemur alltaf fátækari út hvert sem maður fer.

**Verkefnið:** Að búa til plötu og vinna með góðum tónlistarmönnum er skemmtilegasta verkefnið. Jet Black Joe er náttúrulega nýbúin að gefa út plötu, það var frábært. Annars langar mig að gera einhverja blúsaða djassplötu á næstunni.



**PÁLL RÓSINKRANS** Blús og rokk er í uppáhaldi hjá Páli.



**INGRID OG SÓLA** Ætla að staðfesta sambúð sína hjá þjóðskrá í dag. Ný lög sem gengu í gildi í dag bæta réttarstöðu samkynhneigðra til muna.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

INGRID OG SÓLA: ÁNÆGÐAR MEÐ NÝJA LAGASETNINGU

# Fyrstu íslensku lesbíurnar sem staðfesta sambúð sína

„Ég er glöð að við séum á þeim tímapunkti að samkynhneigðir fá þessi réttindi á við aðra einstaklinga. Það er gleðiefni að Íslendingar séu svona víðsýnir," segir Sólrún Jónsdóttir ljósmyndari sem í dag mun skrá sig í sambúð með Ingrid Jónsdóttur leikkonu. Þar með verða þær eitt af fyrstu samkynhneigðu pörum landsins til að skrá sig í sambúð hjá þjóðskrá.

Lög sem heimila samkynhneigðum pörum að skrá sig í sambúð ganga í gildi í dag. Með lögunum njóta samkynhneigðir nú sömu réttinda og lúta sömu skyldum og gagnkynhneigðir hvað varðar almannatryggingar, lífeyrismál, skattamál, erfðamál og fleira. Þá munu samkynhneigðir sitja við sama borð og gagnkynhneigðir þegar kemur að ættleiðingum og konur í staðfestri samvist eiga nú sama rétt til tæknifrjóvgunar og gagnkynhneigð pör.

Sóla og Ingrid hafa verið par í ein fimmtán ár og gleðjast yfir þessum áfanga í réttindabaráttu samkynheigðra. „Við höfðum gjarnan vilja staðfesta sambúð okkar en það hefur ekki verið hægt hingað til. Þetta breytir miklu fyrir okkur. Nú getum við til dæmis samnýtt skattkort okkar, lögin breyta líftryggingarmálum okkar, lífeyrismálum og ekki síst erfðamálunum," segir Sóla. „Þetta er mikil gleðistund í lífi okkar. Við höfum öðlast þennan rétt á við aðra samborgara."

Í tilefni því að lögin taka gildi í dag, á baráttudegi samkynhneigðra, efna Samtökin 78 til hátíðarsamkomu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Samkoman hefst kl. 17.00 og stendur til 19.00.

kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stjörnuparið **Ásdís Rán Gunnarsdóttir** og **Garðar Gunnlaugsson** gekk í það heilaga á laugardaginn. Hjónavígslan var í Dómkirkjunni að viðstöddum nánum vinum og fjölskyldu brúðhjónanna. Bræður Garðars, fótboltatvíburarnir Arnar og Bjarki voru báðir svaramenn brúðgumans. Ljósmyndarar frá Séð og heyrt og Hér og nú voru að sjálfsögðu mættir á svæðið enda hafa hjónin verið fastagestir á síðum þessara blaða. Ljósmyndari Séð og heyrt, Björn Blöndal, taldi sig þó nákomnari brúðhjónunum en raun bar vitni. Hann fékk sér sæti inni í kirkjunni með myndavél sína í hönd. Fjölskylda brúðhjónanna kunni ekki að meta þetta uppátæki og bað Björn að hafa sig á brott.



Sjónvarpsparið **Þóra Sigurðardóttir** og **Völundur Snær Völundarson** játuðust hvort öðru í Fríkirkjunni á laugardag. Þótti athöfnin heppnast með eindæmum vel enda var ræða prestsins afar lífleg og ómuðu hlátrasköllin um kirkjuna. Einhver tár runnu þó þegar Þóra var leidd inn gólfið enda afar glæsileg í sérsaumuðum brúðarkjól og ekki urðu tárin færri þegar Páll Rósinkrans söng gamlan David Bowie slagara. Að athöfn lokinni var gestum boðið til veislu á Hótel Borg þar sem bornar voru fram hinar ótrúlegustu kræsingar eins og túnfiskur í sefi, kengúrukjöt og framandi ávextir í súkkulaði. Brúðhjónin toppuðu svo skemmtiatriði kvöldsins með vel æfðu dansatriði.

Hræringar verða í tískubransanum í næsta mánuði þegar hjónin **Gunnar Hilmarsson** og **Kolla**, gjarnan kennd við GK, opna nýja verslun. Þau hjónin seldu GK-verslun sína til Arnars Gauta fyrir nokkrum misserum og hafa síðan hannað fatnað fyrir ýmis erlend merki. Ný verslun þeirra verður á Laugavegi, gegnt stórverslunum NTC. Aðalmerkið sem til sölu verður í búðinni er danska merkið Day og mun verslunin að líkindum bera nafn merkisins. Gömul samstarfskona Gunna og Kollu, Eydís Sæmundsdóttir, gengur aftur til liðs við þau við rekstur nýju búðarinnar en hún hefur undanfarið starfað hjá NTC. **- hdm**






# Nýr liðsmaður í Kastljósi

Þórhallur Gunnarsson og félagar í Kastljósi hafa fengið liðsauka. Erla Tryggvadóttir heitir nýi liðsmaðurinn og byrjar í þættinum í næsta mánuði. „Ég hlakka mikið til. Ég er að leysa af á meðan fólk fer í sumarfrí og verð í þættinum sennilega eitthvað fram á haust."

Erla, sem er 27 ára gömul, hefur unnið hjá RÚV um nokkurt skeið og var meðal annars í ritstjórn þáttarins Laugardagskvöld með Gísla Marteini á sínum tíma. „Ég hef unnið hérna heillengi, lengst af fyrir aftan myndavélina við þáttaframleiðslu og þvíumlíkt. Ég byrjaði hins vegar á fréttadeild ríkissjónvarpsins í júní og fer þaðan yfir í Kastljósið á næstunni, þótt ég viti svo sem ekki hvenær mín fyrsta útsending verður," segir Erla, sem lauk B.A. prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands fyrir tveimur árum. „Ég hef verið á leiðinni í framhaldsnám en ég býst við að það verði bið á því í bili."



**ERLA TRYGGVADÓTTIR** Hefur unnið hjá RÚV um nokkurt skeið, lengst af fyrir aftan myndavélina.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftir því sem næst verður komið eru þetta einu mannabreytingarnar í Kastljósi í sumar en eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá slæst Eva María Jónsdóttir í hópinn í september. **-bs**



HM ÚTSALA
í fullum gangi
MEDION
40"
LCDsjónvarp
HD
ready
VERÐ HRUN
MEDION
•HD Ready LCD sjónvarp
•Upplausn 1366 x 768
•1000:1 í Skerpu
•Birta 500cd/m2
•8ms viðbragðstími
•Mynd í Mynd (PIP)
•Textavarp með 2100 síðna minni
•Styður PAL/SECAM/NTSC
•2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
•HDMI tengi með HDCP stuðning
•2x SCART, Composite og S-Video
•DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
•Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu
Skýrari mynd
Venjuleg sjónvörp eru með 640x480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!
Tengdu við tölvuna
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjustu leikina.
Mynd í mynd
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.
7.015 Tölvu- og tækjalán 48 mán.
19.999 Vaxtalaust 12 mán.
239.988 Staðgreitt
7.015*
40.000 kr verðlækkun
279.988
KRAFTIMIKIÐ TILBOÐ!
50% afsláttur með öllum 32" og 40" flatsjónvörpum!
Tilboð sem hljómar vel!
SONY
DAVDZ300
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ300
Fjölkerfa
S-Master Digital Magnari
800 Wött (5x133W +135W)
Útvarp FM/AM RDS
Spilar VCD/S-VCD/MP3/JPEG/Divx
Dolby Digital, DTS og PLII
Pal Progressive Scan
Hljóðtengi fyrir videótæki
Fjarstýring
DOLBY DIGITAL
SONY GÆÐI
EISA
800 RMS wött
2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.994 STAÐGREITT
59.988
TOSHIBA
PSAA2E-01D02CED
TOSHIBA SATELLITE A100-523
Intel® Celeron M 380
1024MB DDR Minni (Mest 1GB)
60GB diskur
15.4" TruBrite XGA skjár WideScreen
Upplausn: 1280 x 800
ATI Radeon® Xpress 200M
DVD Super Multi brennari
10/100 Ethernet og V.90 mótald
VGA, TV-OUT
4x USB 2.0, hljóð inn/út
33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
Rafhlöðuending allt að 1:30 klst. (Mobile Mark™)
Þráðlaus netstýring 802.11BG
Windows XP Home
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum
24.000 kr afsláttur!
TOSHIBA
FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
1024MB vinnsluminni
60GB harður diskur
DV Ready
ATI skjástýring
119.988
5.365*
5.365 Tölvu- og tækjalán 36 mán.
8.999 Vaxtalaust 12 mán.
95.988 Staðgreitt
BT
Opið til 22 í Skeifunni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Sporin tólf*

Um daginn var hér á landi stödd fræg dönsk vísindakona. Hún sagði frá niðurstöðu rannsóknar á þeirri tilhneigingu prófdómara af báðum kynjum að dæma verk kvenna harðar en karla. Þannig fær ritgerð lélegri einkunn þegar hún er eignuð konu en betri einkunn ef hún er eignuð karli.

**AF** þessu má draga þá ályktun að ekki nóg með að karlar hafi margir tilhneigingu til að meta kvennastörf lítils heldur bendir rannsóknin til að við sjálfar séum sama sinnis, að fólki af báðum kynjum finnist kvennastörf minna virði. Verkið er metið út frá því hvort karl eða kona vann það en ekki hvers virði það er í sjálfu sér.

**FÁTT** nýtur meiri virðingar nú en peningar. Í fjármálastofnunum eru flestar konur í stöðum óbreyttra, sjaldan millistjórnendur og næstum aldrei í æðstu stöðum. Þrátt fyrir frjálshyggjumjálmið um að kyn ráði engu við úthlutun metorða. Því minna sem höndlað er með peninga því líklegra er að konur séu við stjórnvölinn. Ef staða er skipuð konu, því líklegri eru launin til að vera lág, jafnvel hinir fáu kvenkyns forstjórar eru á lægstu launum á forstjóraskalanum. Botnstéttirnar með háskólamenntun eru líka skipaðar konum. Próflausu botnstéttirnar eru líka konur.

**RANNSÓKNIN** um ritgerðareinkunnina sannar að ennþá leyfum við verkum kvenna að vera minna metin vegna þess eins að þau eru unnin af konum. Eftir áratuga baráttu í sömu hjólförum ættum við kannski bara að gefast upp. Það gerðu fyllibyttur með góðum árangri, urðu alkóhólistar og varð þá loksins við bjargandi. Sú leið sem best hefur gagnast þeim til að halda sjúkdóminum niðri er gagnger sjálfskoðun í gegnum sporin tólf. Halda svo stefnu með því að taka einn dag í einu.

**EFTIR** uppgjöfina gætum við endurskilgreint vanmetakennd okkar sem sjúkdóm. Viðurkennt vanmátt okkar gagnvart þeim sjúklega hugsunarhætti að líta niður á verk kvenna í samanburði við verk karla. Gætum haldið fundi, fengið okkar sponsor og tekið einn dag í einu á leið okkar til bata. Skekkjan í mati samfélagsins á störfum kvenna liggur nefnilega líka hjá okkur sjálfum því gildi verka hlýtur að hefjast hjá þeim sem vinnur þau.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6631



MITSUBISHI MOTORS

# Ísland er landið
## – njóttu þess á 4x4 Mitsubishi

**200.000 kr. úttekt**
**Með hverjum Outlander og Pajero Sport hjá Ellingsen.**
Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.
Ellingsen

**Útivistartilboð** – Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Í tilefni af því fylgir **200.000 kr.** úttekt hjá Ellingsen hverjum Outlander og Pajero Sport. Fylltu skottið af skemmtilegu dóti frá Ellingsen og njóttu sumarsins á nýjum öflugum 4X4 jeppa.

**Pajero Sport 4X4** Alvörujeppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

**Verð 3.590.000 kr.**





**Outlander 4X4** Flottur sportjeppi sem sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

**Verð 2.590.000 kr.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HEKLA®

FRJÁLSI

# FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,8%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 12.06.2006

Fíton/SÍA